




KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS

NÁMSKRÁ
2015 - 2016

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Deild 1: Leikstjórn - Framleiðsla.....	6
Deild 2: Skapandi tækni.....	26
Deild 3: Handrit - Leikstjórn.....	44
Deild 4: Leiklist.....	62
Kjarni.....	82
Almennur hluti.....	90
Ný námskeiðsheiti.....	96

FORMÁLI



Hér er um að ræða 3. útgáfu á 2015 - 2016 námskránni. Sú fyrsta kom út í nóvember 2014. Helstu breytingar nú eru að kynnt eru ný námskeiðsnúmer samkvæmt nýju skráningakerfi sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt fram. Miðað er við að innleiðing kerfisins taki a.m.k. ár og því eru nýju númerin einungis kynnt í almennum upplýsingum um námskeið. Aftast er síðan tafla þar sem breytingarnar eru sýndar og nýju númerin útskýrð.

Aðrar breytingar eru marvíslegar en engar stórvægilegar. Stefnt er að því að ein útgáfa enn líti dagsins ljós áður en námskrá verður lokað fyrir haustið, væntanlega í júní. Þar munu koma fram einhverjar breytingar á leiklistardeild en vinna við greiningu á nokkrum námslínnum er nú í gangi.



DEILD 1

LEIKSTJÓRN - FRAMLEIÐSLA

Diploma í kvikmyndagerð 120 einingar

Sérsvið: Leikstjórn - Framleiðsla

Kennsluhættir: Kennslan samanstendur af fyrirlestrum og samræðum við kennara, verklegum prófunum af ýmsu tagi og framleiðslu kvikmynda. Framleiðslan er ýmist með eða án kennara.

Námsmat: Nemendur skila verkefnum eða myndum sem metnar eru til einkunna. Áhersla er lögð á að sem flest námskeið skili mælanlegum afurðum og helst listsköpun af einhverju tagi. Mæting og ástundun er metin inn í einkunn. Dómnefnd metur útskriftarmynd.

Prófgráða: Diploma í kvikmyndagerð, sérsvið Leikstjórn – Framleiðsla

Lýsing á deild: Það er óvenjuleg hæfni sköpuð í þessari deild með því að blanda saman listræni þjálfun leikstjórans við hagnýta þekkingu framleiðandans. Útskrifaður nemandi af þessari deild á að geta haft fulla stjórn á sínum verkum. Sérstaða deildarinnar er að framleiðsluverkefni eru fleiri og fjölbreyttari, en það er gert til að styðja við sérgreinarnar. Námið er góður grunnur fyrir öll störf í leikstjórnar- og framleiðsludeildum hjá kvikmyndafyrirtækjum og sjónvarpsstöðvum

Undanfarar: Krafa er gerð um stúdentspróf. Námið deildarinnar hentar vel sem viðbótarnám og aukin sérhæfing við stúdentspróf af félagsfræðibrautum, viðskipta- og hagfræðibrautum, upplýsinga- og tæknibrautum og listabrautum. Horft er til þess að nemandi hafi breiðan almennan grunn bæði í raungreinum og hugvísindum.

Deild 1, Leikstjórn – Framleiðsla, 120 einingar, 2 ár

Sérgreinar 25 ein

Leikstjórn 4 námskeið 15 ein
Framleiðsla 4 námskeið 10 ein

Stoðgreinar 21 ein

Handritsgerð 4 námskeið 8 ein
Myndræn frásögn 2 námskeið 4 ein
Listasaga 2 námskeið 4 ein
Ýmis námskeið 2 5 ein

Kvikmyndagerð 44 einingar

1. önn
Tónlistarmyndband 3 ein samvinnuverkefni
Auglýsing, samvinna 3 ein samvinnuverkefni
Leikin stuttmynd 6 ein einstaklingsverkefni
2. önn
Sjónvarpsþáttur 3 ein samvinna **D4**
Leikin sjónvarpsmynd,
pilot að sjónvarpsþáttaseríu 6 ein samvinna **D2, D3, D4**
3. önn
Sjónvarpsþáttur úr stúdíói 6 ein samvinna
Leikin stuttmynd 6 ein einstaklingsverkefni
4. önn
Heimildarmynd 4 ein einstaklingsverkefni
Útskriftarmynd 8 ein einstaklingsverkefni

Kjarni 30 einingar

HÆFNIVIÐMIÐ DEILDAR 1

1. Þekking og skilningur. Nemandi öðlist:

- 1.1 verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á starfssviði leikstjórans,
- 1.2 verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á framleiðslu kvikmynda,
- 1.3 þekkingu á grundvallarlögmálum handritsgerðar,
- 1.4 þekkingu á gerð margvíslegra kvikmyndaverkefna, auglýsinga, tónlistarmyndbanda, leikinna stuttmynda, sjónvarpsmynda, stúdíóþátta og heimildarmynda,
- 1.5 þekkingu á eðli og gerð myndmálsins.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni:

- 2.1 í að stýra leikurum og samstarfsfólki á persónulegan og faglegan hátt,
- 2.2 og reynslu sem framleiðandi og framleiðslustjóri,
- 2.3 í skrifum á stuttmyndahandritum,
- 2.4 í vinnu við margvísleg kvikmyndaverkefni,
- 2.5 í því að miðla sögu og dramatík á sjónrænan hátt.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 vinna sem leikstjóri með persónulegan stíl, sem á grundvelli þekkingar og leikni nær því besta út úr leikurum og öðru samstarfsfólki,
- 3.2 vinna sem skapandi framleiðandi og faglegur framleiðslustjóri í kvikmyndum,
- 3.3 finna og meta hugmyndir og vinna þær til fullbúiðs handrits
- 3.4 vinna sem skapandi kvikmyndagerðarmaður og stjórnandi á ýmsum tegundum kvikmyndaverka,
- 3.5 gera tilraunir á sviði listsköpunar,
- 3.6 miðla flóknum frásögnum með myndrænum hætti.

NÁMSLÍNUR DEILDAR 1

SÉRGREINAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Leikstjórn	> LST 103	> LST 205	> LST 303	> LST 404
Framleiðsla	> FRL 103	> FRL 203	> FRL 302	> FRL 402

STOÐGREINAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Handrit	> HAN 101	> HAN 203	> HAN 302	> HAN 402
Myndræn frásögn, Tilraun & Stoðnámskeið	> MFA 102	> MFA 202	> TIL 102	> STO 103
Listasaga	>	> LIS 102	> LIS 202	

KVIKMYNDAGERÐ

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Tónlistarmyndbönd, sjónvarpsþættir, fjölkameruvinnsla & heimildarmyndir	> TÓN 103	> SJÓ 103	> FJÖ 106	> HEM 104
Auglýsingar & leikinn sjónvarpsþáttur	> AUG 103	> LSJ 105	>	
Stuttmynd og lokaverkefni	> LOK 106	>	> STU 106	> LOK 208

LEIKSTJÓRN

LST 103 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSTJ4LT3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Astundun, virkni í tímum, skrifleg verkefni
Bækur/kennsluefni: Directing Actors: Creating Memorable Performances for Film and Television e. Judith Weston (Paperback) - Ljósrit og önnur gögn.

Leikstjórn 1

Fjallað er um hlutverk og stöðu kvikmyndaleikstjórans sem handleiðslu- og samstarfsmanns leikara; samband hans og leikarans, á hverju það samband byggir og hvernig líklegast er að það beri sem mestan árangur. Unnið er í grunnþáttum þjálfunar þar sem nemendur kynnast tækniþjálfun leikarastarfsins, æfingum og aðferðum til að byggja á persónusköpun, innra líf og hvernig það tekur á sig form í gerðum og hegðun persóna.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hlutverki kvikmyndaleikstjórans,
 - 1.2 eðli og möguleikum samstarfs kvikmyndaleikstjóra og leikara,
 - 1.3 vinnu leikarans.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 forma og tjá vilja sinn og hugmyndir gagnvart leikurum,
 - 2.2 laða fram það besta í leikurum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nota persónuleika sinn, bæði styrkleika og veikleika, til að laða fram það besta hjá leikurum.

LST 205 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSTJ4KL5
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 125 stundir
Undanfarar/forkröfur: LST 103
Námsmat: Mat á verkefnum og lokaskýrslur nemenda.
Bækur/kennsluefni: Directing Actors: Creating Memorable Performances for Film and Television e. Judith Weston (Paperback) - Ljósrit og önnur gögn.

Leikstjórn 2

Haldið er áfram að fara yfir helstu grunnþætti kvikmyndaleikstjórnar með sérstakri áherslu á vinnu með leikurum. Námskeiðið er aðallega verklegt og eru ýmsar aðferðir, tól og tæki kynnt fyrir nemendum sem geta nýst þeim við slíka vinnu. Nemendur læra að gera ítarlegar áætlanir um eigið vinnuferli í gegnum æfingar með bæði leikaranemum og atvinnuleikurum.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vinnu kvikmyndaleikstjórans með leikurum,
 - 1.2 þeim vandamálum sem leikarinn stendur frammi fyrir.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 koma hugmyndum sínum til skila við leikara,
 - 2.2 tileinka sér hugtök sem tengjast vinnu leikstjórans með leikurum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 fá sem allra mest út úr leikurum og stýra þeim að markmiðum sínum,
 - 3.2 þróa eigin aðferðir við stjórn á leikurum.

HÆFNIVIÐMIÐ LEIKSTJÓRNAR

1. Þekking og skilningur
 - 1.1 Nemandi öðlist verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á starfssviði leikstjórnans.
2. Hagnýt færni og leikni
 - 2.1 Nemandi öðlist leikni í að stýra leikurum og öðru samstarfsfólki á persónulegan og faglegan hátt.
3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni
 - 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna sem leikstjóri með persónulegan stíl, sem á grundvelli þekkingar og leikni nær því besta út úr leikurum og öðru samstarfsfólki.

LST 303 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSTJ4KS3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfarar/forkröfur: LST 205
Námsmat: Astundun, mat á verkefnum og lokaskýrslur nemenda.
Bækur/kennsluefni: Total Directing: Integrating Camera and Performance in Film and Television, First Edition (Paperback) e. Tom Kingdon, Directing Actors: Creating Memorable Performances for Film and Television e. Judith Weston (Paperback) - Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Leikstjórn 3

Haldið er áfram með þá vinnu sem lögð hefur verið til grundvallar í fyrri leikstjórnaráföngum. Nemendur þróa áfram eigin aðferðir við vinnu með leikurum auk þess sem kynntar eru helstu stefnur í kvikmyndaleik og leikaraleikstjórn. Verkefni námskeiðsins felst í að æfa senur úr kvikmyndahandritum, leikstýra leikurum í gegnum senurnar og taka þær upp. Þá er samspil leikara og myndavélar skoðað og kynnt hvaða lögmál gilda um stöður, sjónlínur og hvaða áhrif staðsetning myndavélar hefur á leik og hreyfingu leikara. Fjallað er um aðra lykilþætti kvikmyndaleikstjórnar, eins og samstarf við tökumann og annað náð samstarfsfólk.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vinnu kvikmyndaleikstjórnans,
 - 1.2 sambandi leikarans og linsunnar,
 - 1.3 helstu hugtökum sem tengjast vinnu leikstjórnans með leikurum og öðrum samstarfsmönnum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 meta hlutverk og gæði nánustu samstarfsmanna,
 - 2.2 koma hugmyndum sínum til skila við leikara og aðra samstarfsmenn.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 fá sem allra mest út úr samstarfsfólki og stýra því að markmiðum sínum,
 - 3.2 þróa eigin aðferðir og stíl í leikstjórn.

LST 404 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSTJ4LL4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: LST 303
Námsmat: Astundun, virkni í tímum, verkefni og lokaskýrslur nemenda.
Bækur/kennsluefni: Moviemakers' Master Class: Private Lessons from the World's Foremost Directors, 1st Edition (Paperback) e. Laurent Tirard - Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Leikstjórn 4

Námskeiðið er tengt lokaverkefni annarinnar þar sem sameiginlega er farið yfir leikstjórnarlegar útfærslur á hverju verkefni fyrir sig og þær skoðaðar jafnt út frá handriti og persónulegri afstöðu leikstjórnans. Ætlast er til að nemendur nýti sér þær aðferðir sem þeir hafa lært og þróað varðandi vinnu með leikara og myndræna frásögn.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 öllum helstu verkferlum í vinnu kvikmyndaleikstjórnans,
 - 1.2 eðli þeirra starfa sem samstarfsfólk hans vinnur.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 nýta þá reynslu sem hann býr nú þegar yfir til framdráttar verki sínu,
 - 2.2 hugsa kvikmyndaleikstjórn sem ferli frá hugmynd til frumsýningar.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skila ávallt góðri vinnu, sama hvert umfang og eðli verkefnisins er,
 - 3.2 vinna af fullu sjálfstrausti með leikurum og öðru samstarfsfólki.

FRAMLEIÐSLA

FRL 103 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: FRLE4FU3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla/samvinna
Vinnutími nemenda: 90 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Verkefni, ástundun og framleiðslumappa í lok annar.
Bækur/kennsluefni: Film & Video Budgets, 5th Updated Edition e. Deke Simon og Michael Wiese - The Filmmaker's Handbook: A Comprehensive Guide for the Digital Age e. Steven Ascher og Edward Pincus - The Complete Film Production Handbook, Fourth Edition e. Eve Light Honthaner.

Framleiðsla 1

Hlutverk framleiðandans er kynnt; hvernig hann er drifkraftur kvikmyndaverka, hvernig „góðar“ hugmyndir eru fundnar og þeim hrint í framkvæmd. Fjallað er um hlutverkaskiptingu framleiðslu- og tökuteymis, ábyrgðarsvið, skipulag og vinnuferla framleiðanda og framleiðslustjóra. Kennð eru undirstöðuatriði í notkun á handrita- og skipulagsforriti og farið yfir hvernig framleiðslumappa er unnin og samsett. Nemendur aðstoða einnig nemendur á 2. önn í LSJ 105 við framleiðslu á sjónvarpsmynd og fá þannig innsýn í starfshætti á tökustað.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 verksviði framleiðandans í kvikmyndagerð,
 - 1.2 virkni framleiðsludeilda í kvikmyndagerð,
 - 1.3 verkferlum í framleiðslu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 vinna framleiðslugögn í skipulagsforriti,
 - 2.2 vera aðstoðarmaður í raunverulegri framleiðslu,
 - 2.3 búa til framleiðslumöppu.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 starfssvið framleiðandans og máta sjálfan sig í margbreytilegum hlutverkum hans.

FRL 203 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: FRLE4FÁ3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla/samvinna
Vinnutími nemenda: 90 stundir
Undanfarar/forkröfur: FRL 103
Námsmat: Ástundun, framleiðslumappa og lokaskýrsla nemenda.
Bækur/kennsluefni: Film & Video Budgets, 5th Updated Edition e. Deke Simon og Michael Wiese - The Filmmaker's Handbook: A Comprehensive Guide for the Digital Age e. Steven Ascher og Edward Pincus - The Complete Film Production Handbook, Fourth Edition e. Eve Light Honthaner.

Framleiðsla 2

Sérstök áhersla er lögð á hlutverk framkvæmda- og framleiðslustjórans á undirbúnings-, töku- og eftirvinnslutímabili. Einnig er farið yfir hlutverk aðstoðarleikstjóra og tökustaðastjóra. Haldið er áfram að vinna með skipulagsforrit. Nemendur fá fullbúið handrit, sem þeir brjóta upp í tökuáætlun og kostnaðaráætlun. Þeir læra auk þess að gera samninga við starfsfólk, leikara og aðra. Námskeiðið er beintengt námskeiðinu LSJ 105, þar sem hópurinn framleiðir leikinn sjónvarpsþátt í samvinnu við aðrar deildir skólans og utanaðkomandi fagfólk.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 margbreytilegu hlutverki framleiðslustjórans,
 - 1.2 hlutverki aðstoðarleikstjóra og tökustaðastjóra.
 - 1.3 að brjóta upp handrit og gera áætlanir,
 - 1.4 samningagerð við leikara og starfsfólk.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 að vinna framleiðslu- og fjárhagsáætlanir,
 - 2.2 notkun skipulagsforrits og að brjóta upp handrit,
 - 2.3 samningagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 starfa sem framleiðandi og framleiðslustjóri í kvikmynd.

HÆFNIVIÐMIÐ FRAMLEIÐSLU

1. Þekking og skilningur
 - 1.1 Nemandi öðlist verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á framleiðslu kvikmynda.
2. Hagnýt færni og leikni
 - 2.1 Nemandi öðlist leikni og reynslu sem framleiðandi og framleiðslustjóri í margvíslegum kvikmyndaverkefnum.
3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni
 - 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna sem skapandi framleiðandi og faglegur framleiðslustjóri í kvikmyndum.

FRL 302 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: FRLE4FK2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfarar/forkröfur: FRL 203
Námsmat: Astundun og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Film & Video Budgets, 5th Updated Edition e. Deke Simon og Michael Wiese - The Filmmaker's Handbook: A Comprehensive Guide for the Digital Age e. Steven Ascher og Edward Pincus - The Complete Film Production Handbook, Fourth Edition e. Eve Light Honthaner - Ljósrit og önnur gögn.

Framleiðsla 3

Á námskeiðinu er hlutverk framleiðandans á upphafs- og lokastigi framleiðslu skoðað nánar og fjallað ítarlega um verkefnaþróun og framleiðslu- fjármögnunar- fjárstreymis- og kostnaðaráætlanir fyrir mismunandi framleiðsluverkefni. Einnig er fjallað um gerð samframleiðslusamninga, sölusamninga, markaðssetningu, dreifingu og sölu. Nemandur vinna í hópvinnu að gerð umsóknar til Kvikmyndamiðstöðvar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hlutverki framleiðandans,
 - 1.2 fjármögnun ólíkra kvikmynda- og sjónvarpsverka,
 - 1.3 samframleiðslu- og sölusamningum,
 - 1.4 markaðssetningu og sölu kvikmynda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 gerð grunnsamninga vegna ólíkra kvikmyndaverka,
 - 2.2 gerð fjárhags- og kostnaðaráætlana, og að ganga frá einföldu uppgjöri,
 - 2.3 gerð umsókna, m.a. í Kvikmyndasjóð.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 að vinna að fjármögnun kvikmynda,
 - 3.2 að þekkja og gera alla grunnsamninga,
 - 3.3 umsóknargerðar, m.a. í Kvikmyndasjóð,
 - 3.4 að gera markaðsáætlanir og fylgja þeim eftir.

FRL 402 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: FRLE4FL2
Námskeiðstegund: Bóklegt/verkefnt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: FRL 302
Námsmat: Astundun, verkefni og framleiðslumappa lokaverkefnis.
Bækur/kennsluefni: Film & Video Budgets, 5th Updated Edition e. Deke Simon og Michael Wiese The Complete Film Production Handbook, Fourth Edition e. Eve Light Honthaner - Ljósrit og önnur gögn.

Framleiðsla 4

Námskeiðið er upprifjun á kennsluefni fyrri framleiðsluáfangu og miðar að því að nemandur geti undirbúið og unnið lokaverkefni sín eftir viðurkenndum verkferlum framleiðandans og framleiðslustjórans. Einnig að nemandur notist við þau skipulagsforrit, framleiðslueyðublöð og önnur vinnslutól sem hafa verið kynnt til sögunnar. Leiðbeinandi fer nákvæmlega yfir verkefni hvers og eins og aðstoðar við skipulag.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 undirbúningsferli framleiðandans fyrir tókur,
 - 1.2 vinnslutólum framleiðandans.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 við áætlana- og samningagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 starfa sjálfstætt sem framleiðandi og framleiðslustjóri í kvikmynd,
 - 3.2 velja sér persónulegan stjórnunartíl.

STOÐGREINAR

HÆFNIVIÐMIÐ STOÐGREINA

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grundvallarlögmálum handritsgerðar,
 - 1.2 óhefðbundnum aðferðum í listsköpun,
 - 1.3 eðli og gerð myndmálsins,
 - 1.4 hugtökum, straumum og stefnum í myndlist.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 skrifum á leiknum stuttmyndum,
 - 2.2 tilraunagerð í listsköpun,
 - 2.3 því að miðla dramatik á sjónrænan hátt,
 - 2.4 að skoða og meta myndlist.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 finna og meta hugmyndir og vinna þær til fullbúins handrits,
 - 3.2 gera tilraunir á sviði listsköpunar,
 - 3.3 skipuleggja kvikmyndatöku af þekkingu,
 - 3.4 sækja áhrif í myndlist fyrir eigin kvikmyndagerð.



LIS 102

2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LIS4LK2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ástundun, mat á verkefnum og ritgerð.
Bækur/kennsluefni: Saga listarinnar, E. H. Gombrich - Glæsur og önnur gögn.

Listasaga 1

Yfirlitsáfangi með áherslu á tengsl kvikmynda og myndlistar. Hvað geta kvikmyndir lært af myndlistinni? Einkenni ýmissa myndlistartímabila eru skoðuð. Dæmi tekin úr kvikmyndasögunni sem sýna nán tengsl kvikmynda við ákveðin myndverk eða myndlistarmenn, og hvernig myndlist hefur nýst kvikmyndagerðarmönnum og orðið þeim innblástur fyrir kvikmyndaverk.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vestrænni myndlistarsögu fyrri alda,
 - 1.2 helstu meisturum myndlistarsögunnar (fram að rómantik),
 - 1.3 helstu hugtökum myndlistarsögunnar,
 - 1.4 grunnþáttum litfræðinnar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 skoða og meta myndlist,
 - 2.2 skilgreina helstu hugtök myndlistarsögunnar.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 nota myndlistarsöguna sem hugmyndabanka í kvikmyndagerð,
 - 3.2 njóta myndlistar.

LIS 202

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LIS4MK2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: LIS 102
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Styles, Schools and Movements eftir Amy Dempsey. - Glæsur og önnur gögn.

Listasaga 2

Yfirlitsáfangi með áherslu á tengsl kvikmynda og myndlistar. Hvað geta kvikmyndir lært af myndlistinni? Áhersla er lögð á myndlist 20. aldarinnar. Nemendur vinna verkefni (veggspjöld) þar sem skýrar tilvísanir eru í strauma og stefnur í myndlist 20. aldar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hugtökum, straumum og stefnum í nútímamyndlist (1870-1970),
 - 1.2 öllum helstu listamönnum tímabilsins.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 skoða og greina myndlist,
 - 2.2 greina hugtök, strauma og stefnur.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 sækja áhrif í myndlist fyrir eigin kvikmyndagerð,
 - 3.2 njóta myndlistar.

STOÐGREINAR

HAN 101 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HAND4GU1
Námskeiðstegund: Bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 30 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Ritun kvikmyndahandrita e. Önnu Rognvaldsdóttur - Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Handritsgerð 1

Á námskeiðinu er fjallað um ýmis grundvallarlögmál hefðbundinnar handritsgerðar í kvikmyndagerð, m.a. dramatíska uppbyggingu, form og stíl, samtöl, söguþráð og endi. Nemendur læra helstu grundvallaratriði í notkun handritsforrita.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grunnbyggingu handrits,
 - 1.2 helstu hugtökum handritsgerðar,
 - 1.3 hugmyndavinnu og hópavinnu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 kynna og greina hugmyndir,
 - 2.2 ræða og þróa handrit,
 - 2.3 koma hugmynd í handritsform,
 - 2.4 nota handritsforrit.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 meta og þróa hugmyndir,
 - 3.2 færa hugmyndir yfir á handritsform.

HAN 203 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HAND4MP3
Námskeiðstegund: Bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 90 stundir
Undanfarar/forkröfur: HAN 101
Námsmat: Ástundun, verkefni og mat á handriti.
Bækur/kennsluefni: Ritun kvikmyndahandrita e. Önnu Rognvaldsdóttur - Ljósrit, myndefni og handrit.

Handritsgerð 2

Framhald af HAN 101 þar sem haldið er áfram að fjalla um meginreglur og vinnubrögð við handritsskrif. Unnið er með hefðbundin lögmál dramatískrar uppbyggingar og farið nánar í persónusköpun, fléttu og atburðarás. Skoðaðar eru mismunandi gerðir handrita, svo sem kvikmyndahandrit í fullri lengd, stuttmyndahandrit, handrit fyrir leikið sjónvarpsefni o.fl. Hver nemandi byrjar að vinna handrit að 7 til 12 mínútna langri stuttmynd, sem verður framleidd í STU 106 á þriðju önn.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grundvallarlögmálum handritsgerðar,
 - 1.2 að finna góða hugmynd og hvernig á að þróa hana.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 skoða og greina handrit af ýmsu tagi,
 - 2.2 þróa eigin hugmynd til vinnsluhandrits.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 finna hugmynd og þróa hana undir leiðsögn og í samstarfi.

HAN 302

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HAND4SP2
Námskeiðstegund: Bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 60 stundir
Undanfarar/forkröfur: HAN 203
Námsmat: Mat á handriti og mynd
Bækur/kennsluefni: The Tools of Screenwriting e. David Howard og Edward Mabley - The Elements of Style e. William Trunk - Ljósrit og önnur gögn. - Ljósrit, myndefni og handrit.

Handritsgerð 3

Unnið er áfram að þróun stuttmyndahandrits. Farið er nánar í að styrkja persónusköpun og samtöl, jafnframt því að fylla enn betur upp í senu- og atburðalýsingar. Nemendur gera handrit að 7 til 12 mínútna langri stuttmynd sem verður framleidd síðar á önninni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 ljúka handriti og gera það endanlega klárt fyrir vinnslu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 lokaþróun handrita,
 - 2.2 að gera endanlegt tökuhandrit.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 meta hvenær handrit er tilbúið í vinnslu.

HAN 402

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HAND4HU2
Námskeiðstegund: Bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 60 stundir
Undanfarar/forkröfur: HAN 302
Námsmat: Ástundun, greinargerð og hugmyndaskissa/útdráttur/ handrit.
Bækur/kennsluefni: The Tools of Screenwriting e. David Howard og Edward Mabley - The Elements of Style e. William Trunk - Ljósrit og önnur gögn. - Ljósrit, myndefni og handrit.

Handritsgerð 4

Námskeiðið er hugsað sem stuðningur við útskriftarverkefni nemenda. Nemandi getur bæði skrifað handritið sjálfur eða fengið það frá öðrum, en ætlast er til að hann komi með skapandi hætti að þróunarferli þess. Nemendur vinna og kynna hugmyndaskissur og handritsdrög að kvikmyndaverki og er áhersla lögð á söguþráð og frásagnaraðferð, atburðarás og uppbyggingu, vel mótaðar persónur og samtöl. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur vinni út frá og þrói enn frekar sinn persónulega stíl.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hugmyndavinnu og þróun handrita,
 - 1.2 sínum persónulega stíl.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 beita þeirri þekkingu sem hann hefur fengið í handritakennslu og með framleiðslu kvikmynda, til að finna og þróa hugmynd að lokaverkefni,
 - 2.2 leita upplýsinga og gera prófanir í þróunarferli handrits.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 þróa hugmynd til handrits.

STOÐGREINAR

MFA 102 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MFAS4MG2
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Astundun og þátttaka í hópstarfi.
Bækur/kennsluefni: On Filmmaking: An Introduction to the Craft of the Director, 1st edition (Paperback) e. Alexander Mackendrick - Total Directing: Intergrating Camera and Performance in Film and Television, First Edition (Paperback) e. Tom Kingdon - Myndefni.

Myndræn frásögn 1

Í þessu námskeiði er eðli og gerð myndmálsins rannsakað. Mynddæmi eru greind og skoðað er hvaða merkingu má leggja í myndstærðir, sjónarhorn, samsetningu myndskaiða, tákni og skilaboð. Námskeiðið er einnig verklegt þar sem nemendum gefst m.a. tækifæri til að útfæra eigin senur. Auk þess verður kynnt undirbúningsferli leikstjórans fyrir tökum, m.a. við gerð skotlista.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 helstu reglum myndrænnar frásagnar,
 - 1.2 nánast takmarkalausum möguleikum myndrænnar frásagnar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 beita myndmáli af lipurð og þekkingu,
 - 2.2 hugsa á myndmáli.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 beita myndmáli eins og „sá sem valdið hefur“ og stýra þannig upplifun áhorfandans.

MFA 202 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MFAS4MM2
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: MFA 102
Námsmat: Astundun og þátttaka í hópstarfi.
Bækur/kennsluefni: On Filmmaking: An Introduction to the Craft of the Director, 1st edition (Paperback) e. Alexander Mackendrick - Total Directing: Intergrating Camera and Performance in Film and Television, First Edition (Paperback) e. Tom Kingdon - Myndefni.

Myndræn frásögn 2

Rannsóknnum á myndmáli er haldið markvisst áfram með mynddæmum og verklegum æfingum. Myndræn frásögn, tákni, skilaboð og flóknari mynddæmi eru tekin til skoðunar auk þess sem farið verður nánar í undirbúningsferli leikstjóra. Nemendur vinna tvö verkefni á námskeiðinu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 helstu reglum og möguleikum myndrænnar frásagnar,
 - 1.2 möguleikum myndrænnar frásagnar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 beita myndmáli af lipurð og þekkingu.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 miðla flóknum frásögnum með myndrænum hætti.

TIL 102

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: TILR4TF2
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Ástundun, skýrsla og mat á sýningu/verki.
Bækur/kennslufni: Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Tilraun

Frjáls tími nemenda til að stunda tilraunir. Nemendur eru hvattir til að rannsaka nýjar leiðir til listsköpunar og tjáningar og gera tilraunir með frásagnarformið. Nemendur vinna sjálfstætt og kynna vinnu sína í lok námskeiðs. Verkið skal vera 5 til 10 mínútna langt og er nemendum frjálst að nota alla þá tækni og aðferðir sem þeir vilja nýta í sköpun sinni; þetta má vera gjörningur, listaverk, tónverk, leikur og tjáning, í myndformi eða lifandi upptákoma eða allt í senn. Nemendur eru hvattir til að vinna saman að samsetningu og framsetningu verkanna á lokasýningu námskeiðs.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hvernig útvíkka megji huga sinn í listsköpun,
 - 1.2 því að vinna með óhefðbundar aðferðir.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 tjá sig á nýjan máta hvort heldur með kvikmyndagerð eða öðrum hætti.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 hugsa út fyrir kassa hefðbundinnar kvikmyndagerðar með sjálfstæðri og persónulegri tilraun.

STO 103

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: STOÐ4SU3
Námskeiðstegund: Verklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Staðið, ef útskriftarverkefni klárast.
Bækur/kennslufni: Breytilegt

Stoðnámskeið

Námskeiðið er stoðnámskeið við útskriftarverkefni nemenda LOK 208. Í upphafi annar fer umsjónarmaður námskeiðs yfir það með útskriftarnemendum hvar þeir telji sig helst þurfa aukinn stuðning í framleiðslu lokamyndar. Það getur tengst öllu ferlinu, allt frá handritsvinnu til lokafrágangs í eftirvinnslu. Stuðningurinn getur verið einstaklingsbundinn en best nýting fæst ef hópurinn kemur sér saman um þau svið þar sem hann telur sig þurfa frekari sérfræðiaðstoð og leiðbeiningar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 sértæku sviði innan kvikmyndagerðar sem tengist útskriftarverkefni.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 sértæku sviði innan kvikmyndagerðar sem tengist útskriftarverkefni.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 vinna á sértæku sviði innan kvikmyndagerðar sem tengist útskriftarverkefni.

KVIKMYNDAGERÐ

HÆFNIVIÐMIÐ KVIKMYNDAGERÐAR

1. Þekking og skilningur

1.1 Nemandi öðlist þekkingu með gerð margvíslegra kvikmyndaverkefna, auglýsinga, tónlistarmyndbanda, leikinna stuttmynda, sjónvarpsmynda, stúdíópátta og heimildarmynda.

2. Hagnýt færni og leikni

2.1 Nemandi öðlist leikni í vinnu við ólík kvikmyndaverkefni.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna sem skapandi kvikmyndagerðarmaður og stjórnandi við ýmsar tegundir kvikmyndaverka.

AUG 103 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: AUGL4AG3

Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla

Vinnutími nemenda: 90 stundir

Undanfarar/forkröfur: TÆK 106

Námsmat: Ástundun og þátttaka í hópastarfi og mat á framleiddum auglýsingum/skýrsla.

Bækur/kennsluefni: Producing & Directing the Short Film and Video, Third edition (Paperback) e. David K. Irving og Peter W. Rea - Ljósrit og myndefni.

Auglýsingar

Í þessu námskeiði er fjallað um auglýsingagerð. Sérstök áhersla er lögð á að kynna eðli, tilgang og sérstöðu auglýsinga sem kvikmyndaforms, þar sem beita þarf mikilli nákvæmni í myndmáli til að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri. Nemendur vinna í hópum að gerð auglýsinga.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

1.2 hvernig þróunarvinna hugmynda fer fram,

1.3 vinnsluferli auglýsingar frá undirbúningi til frumsýningar.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

2.1 vinna í hugmyndaeymi og kynna hugmynd,

2.2 þróa hugmynd sem þjónar mjög ákveðnum tilgangi,

2.3 vinna með myndmál í þröngum tímaramma.

3. Nemandi öðlist hæfni í að:

3.1 beita myndmáli og kvikmyndagerð af nákvæmni í ákveðnum tilgangi,

3.2 skilja feril kvikmyndagerðar frá hugmyndavinnu að frumsýningu.

LSJ 105

2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSJF4FK5

Námskeiðstegund: Verlegt/framleiðsla

Vinnutími nemenda: 150 stundir

Undanfarar/forkröfur: 1. önn

Námsmat: Ástundun og virkni í öllu verkferlinu, sameiginleg framleiðslumappa og skýrslur nemenda.

Bækur/kennsluefni: Film & Video Budgets, 5th Updated Editione. Deke Simon og Michael Wiese

- The Filmmaker's Handbook: A Comprehensive Guide for the Digital Age e. Steven Ascher og

Edward Pincus - The Complete Film Production Handbook, Fourth Edition e. Eve Light Honthaner

Leikinn sjónvarpsþáttur

Nemendur vinna tvo 15–18 mínútna kynningarþætti („pilots“) fyrir leiknar sjónvarpsþáttaraðir. Mynduð eru tvö teymi sem vinna samhliða hvort að sínum þættinum. Teymin eru skipuð nemendum úr öllum deildum skólans og utanaðkomandi fagfólki. Ráðinn er leikstjóri og kvikmyndatökumaður fyrir sitt hvort teymið, en aðrir listrænir stjórnendur eru fagfólk sem leiðbeina báðum hópunum við handritsgerð, framleiðslu, leikmyndahönnun, hljóðupptöku og hljóðvinnslu, klipp og eftirvinnslu. Nemendur á 2. önn leikstjórnar- og framleiðsludeildar skipa helstu stöður framleiðsluteymanna, þ.á m. framleiðslustjóra, tókustaðastjóra og aðstoðarleikstjóra. Þeir sjá um alla þætti framleiðslunnar, t.a.m. gerð framleiðslu- og tókuáætlunar, fjárhagsáætlunar og uppgjör, samninga við leikara og skipulag tókuliðs og eftirvinnslu. Nemendur á 1. önn deildarinnar aðstoða við önnur störf framleiðslunnar. Nemendur á 2. önn handritsdeildar skrifa handrit þáttanna, 2. önn tæknideildar sér um leikmynd auk þess að annast hljóðupptöku og hljóðvinnslu. Nemendur á 3. önn tæknideildar aðstoða tókumenn með „gripp“ og ljós en sjá að auki um klippingu og eftirvinnslu. Nemendur á 3. önn leiklistardeildar leika helstu hlutverk, en einnig eru ráðnir inn 1–2 atvinnuleikarar í hvern þátt til að leika á mótí nemendum. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur öðlist reynslu af að vinna með fagfólki að gerð leikins sjónvarpsefnis og fái innsýn í verkaskiptingu og mikilvægi samvinnu í stóru framleiðsluteymi.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 vinnu við stórt sjónvarpsverkefni,
- 1.3 að vinna með fagfólki,
- 1.4 hvernig stór samvinnuverkefni fara fram.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 vinnu við kvikmyndagerð.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 skipuleggja og taka þátt í stórum kvikmyndaverkefnum,
- 3.2 læra af fagfólki.

KVIKMYNDAGERÐ

TÓN 103 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: TÖNL4TG3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 80 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun, skoðun á tónlistarmyndböndum og skýrslur nemenda.
Bækur/kennsluefni: Total Directing: Integrating Camera and Performance in Film and Television, First Edition (Paperback) e. Tom Kingdon - Producing & Directing the Short Film and Video, Third edition (Paperback) e. David K. Irving og Peter W. Rea. - Ljósrit og myndefni.

Tónlistarmyndbönd

Í þessu námskeiði er fjallað um hlutverk, sögu, tísku og megingerðir tónlistarmyndbanda og þau skoðuð frá ýmsum sjónarhornum. Nemendur vinna í hópum að gerð tónlistarmyndbanda, auk þess að öðlast færni í klippingu og myndvinnslu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 gerð tónlistarmyndbanda,
 - 1.2 hugmynda- og þróunarvinnu,
 - 1.3 vinnsluferli, frá undirbúningi til frumsýningar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 að finna og þróa hugmynd, stíl og áferð,
 - 2.2 kvikmyndagerð; undirbúningi, upptökum og eftirvinnslu,
 - 2.3 hópstarfi.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 gera sér ljósa grein fyrir vinnsluferli tónlistarmyndbanda,
 - 3.2 meta hæfileika sína á sviði tónlistarmyndbanda.

SJÓ 103 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: SJÓN4HS3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 90 stundir
Undanfarar/forkröfur: 1. önn
Námsmat: Ástundun, verkefnavinna og skýrslur nemenda.
Bækur/kennsluefni: Directing and Producing for Television: A Format Approach (Paperback) e. Ivan Cury - Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Sjónvarpsþættir

Fjallað er um allar helstu tegundir sjónvarpsþátta; skemmtiþætti, viðtalsþætti, matreiðsluþætti, ferðaþætti, raunveruleikaþætti, getraunaþætti, barnaefni, fréttir, fréttaskýringaþætti, leikið sjónvarps efni, heimildarmyndir o.s.frv. Nemendum verða kynntar helstu forsendur sem liggja að baki dagskrárgerðar í sjónvarpi og samspili tegundar þátta, sýningartíma og markhóps. Þá verða „format“-þættir síðustu ára sérstaklega skoðaðir og reynt að skilgreina hvað liggur að baki því að hugmyndir verði alþjóðlegar. Nemendur vinna hugmyndavinnu að sjónvarpsþáttum og undirbúa, í samstarfi við 3. önn leiklistardeildar, kynningarefni sem nýtist til að „selja“ fulltrúum íslenskra sjónvarpsstöðva hugmyndirnar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 dagskrárgerð fyrir sjónvarp,
 - 1.2 forsendum dagskrárgerðar fyrir sjónvarp,
 - 1.3 hugmyndavinnu fyrir sjónvarpsþætti,
 - 1.4 hvernig framleiða á kynningarefni til að selja hugmyndir og þætti fyrir sjónvarp.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 þróa hugmyndir fyrir dagskrár sjónvarpsstöðva,
 - 2.2 gera kynningarefni og selja dagskrárstjórum hugmyndir.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skilja forsendur sem liggja að baki dagskrárgerð,
 - 3.2 finna og velja hugmyndir sem geta hentað til dagskrárgerðar,
 - 3.3 kynna og selja dagskrárefni.

FJÖ 106

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: FJÖL4FG6
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla/samvinna
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Ástundun, vinnuferli og samstarf, skoðun þáttar, framleiðslumappa og skýrslur nemenda.
Bækur/kennslufni: Directing and Producing for Television: A Format Approach (Paperback) e. Ivan Cury - Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Fjölkameruvinnsla

Í námskeiðinu er fyrirbærið „fjölkameruvinnsla“ í sjónvarpi skoðað nánar. Rannsakaðir eru innlendir og erlendir þættir sem teknir eru upp á þennan hátt og farið ítarlega í vinnsluferli slíkra þátta. Í kjölfarið vinna nemendur 20 til 25 mínútna sjónvarpsþátt undir stjórn leiðbeinanda. Hópurinn vinnur saman að öllum þáttum framleiðslunnar, frá hugmyndavinnu til útsendingar, og skiptir með sér hlutverkum. Sent er út frá myndveru í gegnum myndstjórn og miðað er við að þátturinn sé fullfrágenginn með grafík, innslögum og tilbúinn til útsendingar. (Ath. Hér er átt við annað efni en leikið).

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 fjölkameruvinnslu og vinnu í myndveru,
 - 1.2 klassískum stúdíóþáttum fyrir sjónvarp,
 - 1.3 vinnsluferli stúdíóþátta frá hugmynd til útsendingar,
 - 1.4 stjórnunarstrúktúr beinna útsendinga.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 hugmyndavinnu fyrir þætti í myndveru,
 - 2.2 öllum þáttum vinnslunnar, frá hugmyndavinnu að útsendingu,
 - 2.3 hönnun leikmynda fyrir myndver,
 - 2.4 vinnu við beinar útsendingar úr myndveru.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 möguleika myndversins til kvikmyndagerðar,
 - 3.2 alla vinnsluferla beinnar útsendingar.

HEM 104

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HEMI4HG4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Ástundun, skoðun á heimildarmyndum og skýrslum nemenda.
Bækur/kennslufni: Writing, Directing, og Producing Documentary Films and Videos 4th edition e. Alan Rosenthal. - Myndefni og önnur gögn.

Heimildarmyndir

Fjallað er um hin mörgu og ólíku form heimildarmynda, uppruna þeirra og sögu. Sérstök áhersla er lögð á að rannsaka mismunandi aðferðafræði við meðhöndlun viðfangsefna. Fjallað er um hugmynda- og handritsvinnu, val á aðferðum við upptökur og eftirvinnsluferlið og markaðssetningin rædd með hina ýmsu möguleika til hliðsjónar. Verkefnavinna er mikilvæg á námskeiðinu og felur í sér styttri verkefni og svo eina stutta heimildarmynd þar sem reynir á vandvirkni og einbeitingu nemenda.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 kvikmyndaforminu heimildarmynd,
 - 1.2 aðferðafræði við heimildarmyndagerð,
 - 1.3 hugmyndavinnu og handritsgerð heimildarmynda,
 - 1.4 aðferðafræði og síðfræði við nálgun viðfangsefna, bæði í tókum og í lokafrágangi mynda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 greina heimildarmyndir,
 - 2.2 meta gæði hugmynda,
 - 2.3 velja aðferðafræði við heimildarmyndagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 velja sér viðfangsefni, þróa hugmynd og velja aðferðafræði við heimildarmyndagerð.

KVIKMYNDAGERÐ

LOK 106 1.ÖNN

Lokaverkefni 1. önn

Nemendur vinna 5 til 8 mínútna einstaklingsverkefni að eigin vali undir leiðsögn leiðbeinanda. Markmiðið er að verkefnið sé fullunnið kvikmyndaverk af einhverju tagi. Áhersla er lögð á að nemandi vinni með eigin hugmyndir og byggji á þeirri reynslu í vinnslu kvikmynda sem hann hefur fengið í öðrum námskeiðum annarinnar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vinnslu kvikmyndaverks frá hugmynd til frumsýningar,
 - 1.2 framleiðsluferli kvikmynda,
 - 1.3 mikilvægi þess að fá góðan hóp til samvinnu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 nýta þekkingu sína sem framleiðandi og leikstjóri,
 - 2.2 vinna sem skapandi listamaður í kvikmyndagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 framleiða stutta kvikmynd frá hugmynd til frumsýningar.

Nýtt námskeiðsnúmer: LOKA4KL6
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfara/forkröfur: Öll önnur námskeið á 1. önn
Námsmat: Ástundun, mat á kvikmyndaverki, greinargerð og vinnuskýrsla nemanda.
Bækur/kennsluefni: Ritun kvikmyndahandrita e. Önnu Rögnvaldsdóttur - On Filmmaking: An Introduction to the Craft of the Director, 1st edition (Paperback) e. Alexander Mackendrick - The Complete Film Production Handbook, Fourth Edition e. Eve Light Honthaner.

STU 106 3.ÖNN

Stuttmynd

Nemendur leikstýra og framleiða 7 til 12 mínútna stuttmynd eftir eigin handriti. Nemendur vinna tökuáætlun, skotlista, fjárhagsáætlun, samninga, taka upp, klippa og gera stuttmynd tilbúna til sýningar. Ætlast er til að nemandur geti kynnt verkefni sitt strax í fyrsta tíma. Námskeiðið hvetur nemendur til að halda áfram að skoða og þróa eigin aðferðafræði og stíl sem höfundar og stjórnendur.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 stuttmyndagerð.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 leikstjórn og framleiðslu stuttmynda.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 þróa enn frekar hæfileika sína sem leikstjóri, framleiðandi, handritshöfundur.

Nýtt námskeiðsnúmer: STUT4SH6
Námskeiðstegund: Framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfara/forkröfur: HAN 302
Námsmat: Ástundun, skoðun stuttmynda og skýrslur nemenda.
Bækur/kennsluefni: Producing & Directing the Short Film and Video, Third edition (Paperback) e. David K. Irving og Peter W. Rea - The Tools of Screenwriting e. David Howard og Edward Mabley - Ljósrit, myndefni.

LOK 208

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LOKA4ÚL8
Námskeiðstegund: Verlegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 240 stundir
Undanfaraforkröfur: 3. önn
Námsmat: Ástundun, framleiðslumappa, greinargerð, vinnuskýrsla og mat á kvikmyndaverki. Sérstök skoðun er á framleiðslu og leikstjórn myndarinnar.
Bækur/kennsluefni: The Tools of Screenwriting: A Writer's Guide to the Craft and Elements of a Screenplay e. David Howard og Edward Mabley. Producing & Directing the Short Film and Video, Third edition e. David K. Irving og Peter W. Rea. - The Complete Film Production Handbook, Fourth Edition e. Eve Light Honthaner.

Lokaverkefni 4. önn

Um er að ræða einstaklingsverkefni þar sem nemandi þróar, framleiðir og leikstýrir 8 til 15 mínútna löngu kvikmyndaverki að eigin vali. Verkefnið er jafnframt útskriftarverkefni nemanda og er mikil áhersla lögð á vönduð vinnubrögð í öllum þáttum vinnslunnar. Nemandinn skal sjálfur hafa yfirumsjón með verkefninu og sinna hlutverki yfirframleiðanda og leikstjóra, en er hvattur til að fá með sér vel starfandi og faglegt framleiðslu- og tökuteymi þar sem öllum þáttum framleiðslunnar eru gerð góð skil. Nemandur vinna undir stjórn leiðbeinanda.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 framleiðslu metnaðarfulls kvikmyndaverks,
 - 1.2 persónueinkennum sínum sem listamanns,
 - 1.3 persónueinkennum sínum sem stjórnanda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni sem:
 - 2.1 framleiðandi og leikstjóri,
 - 2.2 kvikmyndagerðarmaður.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 gera persónulega kvikmynd sem stenst bæði faglegar og listrænar kröfur.



DEILD 2

SKAPANDI TÆKNI

Diploma í kvikmyndagerð 120 einingar

Sérsvið: Skapandi tækni

Kennsluhættir: Kennslan samanstendur af fyrirlestrum og samræðum við kennara. Stærstur hluti námsins er verklegur þar sem nemendur gera verkefni af ýmsu tagi. Kennsla fer þá fram í umræðu um þróun verka og úrlausnir. Nemendur deildarinnar eru mjög vinsælir í töku- og eftirvinnslu í hinna miklu kvikmyndaframleiðslu skólans. Þar þurfa þeir með sjálfstæðum hætti að vinna með þá hæfni sem þeir hafa hlotið á formlegum námskeiðum.

Námsmat: Nemendur skila verkefnum eða myndum sem metnar eru til einkunna. Áhersla er lögð á að sem flest námskeið skili mælanlegum afurðum og helst listsköpun af einhverju tagi. Mæting og ástundun er metin inn í einkunn. Sérstök útskriftarpróf til staðfestingar á hæfni eru haldin á 4. önn í kvikmyndaöku, hljóði, klippingu og myndbreytingu. Dómnafnd metur útskriftarmynd.

Prófgráða: Diploma í kvikmyndagerð, sérsvið Skapandi tækni.

Lýsing á deild: Þetta er framsækin deild sem fellur að þeirri þróun að starfsgreinar eru að renna saman og aukin krafa er um fjölhæfni. Staðfest hæfni í kvikmyndaöku, hljóðvinnslu, klippingu og myndbreytingu er mjög verðmæt gráða. Reynslan sýnir að nemendur velja oft eina grein sem þeir leggja sérstaka áherslu á. Nemendur í Skapandi tækni gera tvö kvikmyndaverk þar sem þeir bera alla ábyrgð á verki, bæði listræna og framleiðslulega. Margir nemendur prófa sig í þeim verkefnum sem handritshöfundar og leikstjórar. Námið er góður grunnur fyrir öll störf í tæknideildum hjá kvikmyndaframtækjum og sjónvarpsstöðvum.

Undanfarar: Krafa er gerð um stúdentspróf. Nám deildarinnar hentar vel sem viðbótarnám og aukin sérhæfing við stúdentspróf af upplýsinga- og tæknibrautum, listabrautum og iðnnámsbrautum. Horft er sérstaklega til undirbúnings í raungreinum.

Deild 2, Skapandi tækni, 120 einingar, 2 ár

Sérgreinar 63 ein

Kvikmyndataka 4 námskeið	16 ein
Hljóð 4 námskeið.....	16 ein
Klipping 4 námskeið	16 ein
Myndbreyting.....	15 ein

Stoðgreinar 13 ein

Ýmis námskeið 4.....	9 ein
Listasaga 2 námskeið.....	4 ein

Kvikmyndagerð 14 einingar

1. önn	
Frjálst kvikmyndaverk.....	6 ein einstaklingsverkefni
Útskriftarmynd.....	8 ein einstaklingsverkefni

Kjarni 30 einingar

HÆFNIVIÐMIÐ DEILDAR 2

1. Þekking og skilningur. Nemandi öðlist:

- 1.1 verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á kvikmyndatöku og lýsingu,
- 1.2 verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á hljóðupptöku og hljóðvinnslu,
- 1.3 verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á klippingu kvikmynda,
- 1.4 þekkingu á myndvinnsluforritum til litgreiningar og eftirvinnslu kvikmynda,
- 1.5 þekkingu og skilning á straumum og stefnum í myndlistarsögunni.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni:

- 2.1 í kvikmyndatöku og lýsingu sem kvikmyndatökumaður í margvíslegum kvikmyndaverkefnum,
- 2.2 og reynslu í hljóðupptöku og hljóðvinnslu í margvíslegum kvikmyndaverkefnum,
- 2.3 og reynslu sem klippari í margvíslegum kvikmyndaverkefnum,
- 2.4 í notkun myndvinnsluforríta,
- 2.5 í að setja saman gott framleiðsluteymi,
- 2.6 í að meta hugtök, strauma og stefnur í myndlist.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 vinna sem skapandi og faglegur kvikmyndatökumaður,
- 3.2 vinna sem skapandi og faglegur hljóðhönnuður í kvikmyndum,
- 3.3 vinna sem skapandi og faglegur klippari í kvikmyndum,
- 3.4 litgreina og eftirvinna kvikmyndir,
- 3.5 nota þekkingu sína á myndlist á skapandi hátt í kvikmyndagerð,
- 3.6 nýta sér grunnþekkingu á störfum framleiðenda í framleiðslu á lokaverkefni sínu á 4. önn,
- 3.7 koma hugmyndum sínum í handritsform.

NÁMSLÍNUR DEILDAR 2

SÉRGREINAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Kvikmyndataka	> KVM 104	> KVM 204	> KVM 305	> KVM 404
Hljóð	> HLE 104	> HLE 205	> HLE 304	> HLE 403
Klipping	> KLM 104	> KLM 204	> KLM 304	> KLM 403
Myndbreyting	> MBR 102	> MBR 204	> MBR 306	> MBR 403

STOÐGREINAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Ljósmyndun & framleiðsla	> LJÓ 101	>	>	> FRT 102
Leikmynd & handritsgerð	>	> LEB 104	> HHO 102	
Listasaga	>	> LIS 102	> LIS 202	

KVIKMYNDAGERÐ

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Lokaverkefni	> LHO 106	>	>	> LHO 208

KVIKMYNDATAKA

KVM 104 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: KVMY4TL4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 110 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Motion picture and Video lighting, 2. útgáfa, Blain Brown. Glæsur og valið myndefni.

Kvikmyndataka 1

Námskeiðið er bæði fræðilegt og verklegt. Í fræðilega hlutanum er fjallað um kvikmyndatöku og lýsingu, gerð og uppbyggingu kvikmyndatökuvélarinnar, ólík upptökuform, linsufræði og filtera og fleira er lýtur að tökuvélinni. Þá er fjallað um ljós og lampabúnað, ljóshita og ljósmælingar og ýmsar grunnreglur sem liggja að baki lýsingu. Í verklega hlutanum vinna nemendur síðan ýmsar æfingar í stúdíói, þar sem áhersla er lögð á að þeir nái að sannreyna þá fræðilegu þekkingu sem þeir hafa öðlast.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 fræðilegum þáttum kvikmyndatökuvélarinnar og lýsingar,
 - 1.2 grunnatriðum lýsingar í senum,
 - 1.3 mismunandi ljósabúnaði.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 nota fræðilega þekkingu á praktískan hátt, bæði í kvikmyndatöku og lýsingu,
 - 2.2 lýsa mismunandi senum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skilja og greina kvikmyndatöku og lýsingu í kvikmyndum,
 - 3.2 skipuleggja tókur og lýsa nokkrar tegundir af senum.

KVM 204 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: KVMY4TF4
Vinnutími nemenda: 130 stundir
Undanfarar/forkröfur: KVM 104
Námsmat: Mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Setting up your shots, Jeremy Vineyard. Glæsur og valið mynd- og hljóðefni.

Kvikmyndataka 2

Á námskeiðinu er aðalverkefnið að segja sögu í myndum. Nemendur fá skrifaðar sögur sem þeir þurfa að yfirfæra í myndmál, án orða. Mikil áhersla er lögð á vandaðan undirbúning og að nemendur vinni meðvitað með aðferðir og stíl.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 notkun myndmálsins til að segja sögur í myndum,
 - 1.2 að vinna með „storyboard“ og hvernig á að vanda undirbúning.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 kvikmyndatöku og lýsingu,
 - 2.2 að nota myndir (án orða) til að segja sögur.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skilja myndmálið og möguleika þess.

HÆFNIVIÐMIÐ KVIKMYNDATÖKU

1. Þekking og skilningur

1.1 Nemandi öðlist verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á kvikmyndatöku og lýsingu.

2. Hagnýt færni og leikni

2.1 Nemandi öðlist leikni í kvikmyndatöku og lýsingu sem kvikmyndatökumaður í margvíslegum kvikmyndaverkefnum.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna sem skapandi og faglegur kvikmyndatökumaður.

KVM 305

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: KVMY4TP5
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 150 stundir
Undanfarar/forkröfur: KVM 204
Námsmat: Ástundun, mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Glæsur og valið mynd- og hljóðefni.

Kvikmyndataka 3

Á námskeiðinu er farið dýpra í ýmsa fræðilega þætti kvikmyndatöku, linsufræði, ljósfræði og filtera. Nemendur gera verkefni/heimildarmynd þar sem þeir taka upp prufur og móta stíl myndar. Kynnt er skipulag og almennir verkferlar tengdir kvikmyndatöku á stóru verkefni. Nemendur starfa í kvikmyndatökudeild í tókum á leikinni sjónvarpsmynd (pilot) sem er samstarfsverkefni allra deilda (LSJ 105) og er unnin undir handleiðslu fagmanna.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 fræðilegum þáttum kvikmyndagerðar,
- 1.2 undirbúningi og prófunum í kvikmyndagerð,
- 1.3 vinnu í kvikmyndatökudeild í stóru verkefni.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 undirbúningi og prófunum vegna kvikmyndatöku,
- 2.2 samvinnu í kvikmyndatökudeild.

3. Nemandi öðlist hæfni í að:

- 3.1 nýta sér fræðilega þekkingu og prófanir til að verða betri kvikmyndatökumaður,
- 3.2 sinna ýmsum störfum í kvikmyndatökudeild í undirbúningi og upptökum.

KVM 403

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: KVMY4TÚ4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur: KVM 305
Námsmat: Próf 20%. Mat á gögnum 20%.
Kvikmyndataka útskriftarmynd 60%
Bækur/kennsluefni: Valið mynd- og hljóðefni.

Kvikmyndataka 4

Námskeiðið tengist útskriftarverkefni nemanda. Í upphafi er upprifjun á ýmsum fræðilegum og tæknilegum þáttum sem kenndir hafa verið á fyrri námskeiðum. Nemendur þurfa að þreyta skriflegt og verklegt próf sem staðfestir hæfni þeirra. Á námskeiðinu skulu nemendur vinna undirbúningsvinnu fyrir tölur á lokamynd, ákveða tókustíl, gera prufur, skotlista eða gólfplön þannig að þeir séu vel undirbúnir fyrir tókurnar. Nemandi skal leggja fram undirbúningsgögn til mats. Nemandi stjórnar síðan upptökum á lokaverkefni sínu og kvikmyndatakan er metin til einkunnar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 fræðilegum og tæknilegum þáttum kvikmyndatöku,
- 1.2 skipulagi og undirbúningi kvikmyndatöku,
- 1.3 kvikmyndatöku á kvikmyndaverki.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 fræðilegum og tæknilegum þáttum kvikmyndatöku,
- 2.2 að undirbúa og framkvæma flókið og heildstætt kvikmyndatökverk.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 nýta sér fræðilega og tæknilega þekkingu og leikni í kvikmyndatöku til að skapa heildstætt verk.

HLJÓÐ

HLE 104 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HLED4HE4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarafor/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Gefið er fyrir úrlausnir verkefna og ástundun.
Bækur/kennsluefni: Sound for Film and Television, Tomlinson Holman. Glærur, og valið mynd- og hljóðefni.

Hljóð 1

Námskeiðið er bæði fræðilegt og verklegt. Grunnhugtök hljóðeðlisfræðinnar eru útskýrð fyrir nemendum. Þá er upptökukeðjan útskýrð ásamt þeim tækjum sem þar koma við sögu. Nemendur vinna ýmis hljóðverkefni um leið og þeir læra á hljóðvinnsluforrit.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grunneiginleikum hljóðs og grunnhugtökum hljóðeðlisfræðinnar,
 - 1.2 hljóðupptökum og hljóðklippiforriti,
 - 1.3 hljóðhönnun myndefnis.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 notkun á hljóðvinnsluforriti,
 - 2.2 hljóðsetningu myndefnis.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta fræðilega þekkingu á hljóði á praktískan hátt í hljóðvinnslu.

HLE 205 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HLED4HU5
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 150 stundir
Undanfarafor/forkröfur: HLE 104
Námsmat: Ástundun og framlag í verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Sound for Film and Television, Tomlinson Holman. Glærur, valið mynd- og hljóðefni.

Hljóð 2

Nemendur á 2. önn fá kennslu í notkun fjölrása hljóðupptökutækis, þráðlausra hljóðnema og þeirra tækja sem koma við sögu við hljóðupptökur á setti. Nemendur sjá alfarið um hljóðupptöku í upptökum á sjónvarpsmynd („pilot“) sem er samvinna allra sviða. Nemendur sjá einnig um hljóðvinnslu bíólingsins þar sem margir þættir koma við sögu, s.s. upptaka á „hljóðeffektum“, „ADR“ og „foley“.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hljóðvinnslu og hljóðbúnaði,
 - 1.2 hljóðvinnslu sjónvarpsmyndar, frá upptökum að endanlegri hljóðblöndun.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 notkun hljóðupptökubúnaðar og upptöku hljóðs í stóru sjónvarpsverki,
 - 2.2 hljóðeftivinnslu á stóru sjónvarpsverki, þar sem skila verður fullbúnu verki til frumsýningar.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 taka að sér hljóðvinnslu í kvikmynd frá undirbúningi að endanlegu verki.

HÆFNIVIÐMIÐ HLJÓÐS

1. Þekking og skilningur

1.1 Nemandi öðlist verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á hljóðupptöku og hljóðvinnslu.

2. Hagnýt færni og leikni

2.1 Nemandi öðlist leikni og reynslu í hljóðupptöku og hljóðvinnslu á margvíslegum kvikmyndaverkefnum.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna sem skapandi og faglegur hljóðhönnuður í kvikmyndum.

HLE 304

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HLED4HT4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur: HLE 205
Námsmat: Mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Sound design: The Expressive Power of Music, Voice and Sound Effects in Cinema, David Sonnenschein. Glæsur og valið mynd- og hljóðefni.

Hljóð 3

Nemendur öðlist skilning á þeim hughrifum sem hægt er að ná fram hjá áhorfendum kvikmynda með hljóðrás og hvernig nýta má þau áhrif til að styðja við og bæta við myndræna frásögn. Skoðuð verða dæmi úr kvikmyndum og þau greind út frá dramatík í frásögn. Nemendur búa til hljóðfrásögn án myndar í hljóðforriti (ProTools). Þeir hljóðvinna atriði teiknimyndar og talsetja hana með leikurum í samstarfi við leiklistardeild. Nemendur gera skýrslu þar sem þeir greina vinnu sína við verkefni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 áhrifum hljóðs,
- 1.2 talsetningu teiknimynda,
- 1.3 samstarfi hljóðmanns og leikstjóra.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 grunnhandtökum við upptöku á talsetningu.

3. Nemandi öðlist hæfni í að:

- 3.1 vinna að talsetningu teiknimynda,
- 3.2 nýta þekkingu sína á áhrifum hljóðs, til þess að skapa hljóðheim frá grunni.

HLE 403

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HLED4HÚ3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 90 stundir
Undanfarar/forkröfur: HLE 303
Námsmat: Próf 20%, mat á verkefni 80%.
Bækur/kennsluefni: Sound design: The Expressive Power of Music, Voice and Sound Effects in Cinema, David Sonnenschein. Sound for Film and Television, Tomlison Holman.

Hljóð 4

Námskeiðið tengist útskriftarverkefni nemenda. Í upphafi er upprifjun á ýmsum fræðilegum og tæknilegum þáttum sem kenndir hafa verið á fyrri námskeiðum. Nemendur þurfa að þreyta skriflegt og verklegt próf sem staðfestir hæfni þeirra. Áður en nemendur fara í tölur á lokaverkefnum sínum er stutt upprifjun á því sem helst þarf að hafa í huga á tókustað og nemendur fá tækifæri til að bera fram spurningar varðandi verkefni sín undir leiðbeinanda. Stærsti hluti námskeiðsins fer síðan í hljóðvinnslu lokaverkefnis þar sem leiðbeinandi er hverjum og einum til halds og trausts og nemendur geta fengið þá aðstoð og ráð sem þeir biðja um. Sé nemandi ekki með lokaverkefni sem getur tengst þessum áfanga skal hann í samráði við leiðbeinanda hljóðvinna verkefni sem getur borist utan frá eða frá öðrum sérsviðum og skal þá uppfylla mat leiðbeinanda varðandi hæfni og kröfur.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 hljóðupptöku og hljóðvinnslu.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 hljóðhönnun kvikmynda.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 hljóðhanna á faglegan og listrænan hátt.

KLIPPING

KLM 104 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: KLMP4KT4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfara/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Edge Codes - The Art of Motion Picture Editing.

Klipping 1

Fjallað er um stöðu og starfssvið klipparans. Í upphafi námskeiðsins er farið ítarlega yfir tæknilega þætti klippiforrítsins. Síðan vinna nemendur ýmis klippiverkefni þar sem áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á því hlutverki klipparans að endurskrifa sögur út frá efni sem liggur fyrir. Nemendur fá einnig innsýn í starfssvið aðstoðaraklippara með áherslu á skipulag, merkingar og skráningu efnis.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 stöðu og starfssviði klipparans,
 - 1.2 virkni og möguleika klippiforríts,
 - 1.3 mikilvægi skipulags og skráningar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 notkun klippiforrítsins,
 - 2.2 að skipuleggja sig og skrá efni,
 - 2.3 að segja sögur í myndum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 til þess að tileinka sér starfssvið klipparans.

KLM 204 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: KLMP4KF4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfara/forkröfur: KLM 104
Námsmat: Mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Cutting Rythms: Shaping the Film Edit e. Karen Pearlman. Glærur og valið myndefni.

Klipping 2

Fjallað er um listina að klippa og nemendur fá fræðilega yfirsýn yfir sögu klippilistarinnar, strauma og stefnur. Nemendur vinna jafnframt ýmis verkefni þar sem áherslan er lögð á að endursegja sögur út frá efni sem liggur fyrir. Sýndar eru aðferðir hvernig hægt er að hafa áhrif á áhorfendur með því að nota mismunandi klippistíla. Nemendur kafa dýpra inn í klippiforritið og farið er yfir hraðabreytingar, grafíkvinnslu og litaleiðréttingu. Nemendur klippa verkefni þar sem fjölkameruklipping er þungamiðjan.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 sögu klippilistarinnar,
 - 1.1 áhrifum ólíkra stíla í klippingu,
 - 1.2 klippingu efnis þar sem tekið er upp á margar myndavélar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 „multiklipp“,
 - 2.2 að stjórna upplifun áhorfenda.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 til að tileinka sér fagleg vinnubrögð,
 - 3.2 vinna sem klippari í ýmsum verkefnum.

HÆFNIVIÐMIÐ KLIPPINGAR

1. Þekking og skilningur

1.1 Nemandi öðlist verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á klippingu kvikmynda.

2. Hagnýt færni og leikni

2.1 Nemandi öðlist leikni og reynslu sem klippari í margvíslegum kvikmyndaverkefnum.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna sem skapandi og faglegur klippari í kvikmyndum.

KLM 305 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: KLMP4KP4
Námskeiðstegund: Verlegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur: KLM 203
Námsmat: Mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Glærur og valið myndefni.

Klipping 3

Áhersla er lögð á leikið efni. Nemendur sjá um tækniaðstoð í upptökum á „pilot“-þáttum sem er samvinna allra deilda. Hver nemandi klippir síðan sína útgáfu af þættinum og leiðbeinandi og leikstjóri velja saman endanlegt klipp. Þá sjá nemendur um frágang þáttanna, s.s. kreditlista, og sitja með fagmönnum við litgreiningu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 heildstæðri vinnu klipparans við stórt klippiverk,
- 1.2 fullnaðarfrágangi myndverka.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 Nemandi öðlist aukna færni sem klippari með vinnslu á stóru verki.

3. Nemandi öðlist hæfni í að:

- 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að taka að sér stórt klippiverk og ljúka því til fullnustu.

KLM 403 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: KLMP4KÚ4
Námskeiðstegund: Verlegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur: KLM 304
Námsmat: Mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Glærur og valið myndefni.

Klipping 4

Námskeiðið tengist útskriftarverkefni nemenda. Í upphafi er upprifjun á ýmsum þeim þáttum sem kennd hafa verið á fyrri námskeiðum. Nemendur þurfa svo að standast próf sem staðfestir þekkingu þeirra og hæfni. Nemendur klippa síðan lokamynd sína í þessu námskeiði og njóta fulltingis og aðstoðar leiðbeinanda í því ferli. Leiðbeinandi skal sjá um að klippinu sé gefin sú árvekni og yfirferð sem öll fagleg klipp þurfa að ganga í gegnum.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 klippingu persónulegs verkefnis.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 klippingu með vinnslu á útskriftarmynd.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 klippari þar sem þekking og leikni koma saman í vel klipptri mynd.

MYNDRBREYTING

MBR 102 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MBRE4MG2
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Glærur, valið myndefni og önnur gögn.

Myndbreyting 1

Sögulegur inngangur þar sem myndbrellur úr kvikmyndasögunni eru skoðaðar. Jafnframt er skoðað það nýjasta sem er að gerast í myndvinnslu kvikmynda. Kynnt eru myndvinnslu- og grafíkforrit sem eru mikilvæg í iðnaðinum í dag, Photoshop, After Effects, Premiere Pro og Da Vinci. Skýrður er munur á tvívídd „2D“ og þrívídd „3D“ og sýnt hvernig sjónrænar brellur geta verið bæði sýnilegar og ósýnilegar. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að nemendur nái góðu valdi á Photoshop-forritinu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1. myndvinnslu og myndbrellum í kvikmyndagerð,
 - 1.2 ýmsum myndvinnsluforritum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 umgengni við ýmis myndvinnsluforrit,
 - 2.2 notkun á Photoshop-forritinu.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 meta hugtök, strauma og stefnur í grafík- og myndbrellugerð,
 - 3.2 nota Photoshop-forritið á skapandi hátt.

MBR 204 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MBRE4MS4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur: MBR 102
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Glærur, valið myndefni og önnur gögn.

Myndbreyting 2

Nemendum er veitt innsýn í forritið After Effects. Farið er yfir viðmót og helstu eiginleika forritsins. Aðaláherslan er lögð á hreyfanlega grafík í hvers kyns titlagerð og hvernig lykilrammi „key-frame“ er notaður í grafískar hreyfimyndir. Nemendur vinna ýmis verkefni og markmiðið er að þeir öðlist hæfni til að nýta sér þá möguleika sem forritið býður upp á.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 forritinu After Effects og möguleikum þess til mynd- og grafíkinnslu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1. notkun á After Effects-forritinu,
 - 2.2 titlagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1. til að nýta sér möguleika After Effects-forritsins til eftirvinnslu og frágangs myndefnis.

HÆFNIVIÐMIÐ MYNDBREYTINGAR

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 myndvinnslu og myndbrellum í kvikmyndagerð,
- 1.2 grafíkforritum.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni á:

- 2.1 Photoshop-myndvinnsluforrit,
- 2.2 After Effects-myndvinnsluforrit,
- 2.3 litgreiningarforrit.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 vinna með faglegum og skapandi hætti með ýmis myndvinnsluforit,
- 3.2 taka að sér eftirvinnslu í kvikmyndum.

MBR 306 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MBRE4ML6
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 160 stundir
Undanfarar/forkröfur: MBR 204
Námsmat: Mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni:

Myndbreyting 3

Nemendur læra skjásamsetningar í After Effects. Farið er yfir hvernig hægt er að blanda skotum saman og mynda eina heild. Kennt er hvernig blöndun lykilmýndar við bakgrunn fer fram („green screen“). Nemendur læra að „tracka“ skot og kennd eru grunnatriði í Roto-forritinu. Þrívíddartökuvél og vinna með „3D layers“ eru skoðuð lauslega. Nemendur taka upp efni og eftirvinna í After Effects. Nemendur fá fyrirlestur um önnur eftirvinnsluforrit s.s. Nuke og Maya. Þá læra þeir undirstöðu í litafraeði og litgreina sjónvarpsmynd (LSJ105) í litvinnsluforriti.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 samsetningu myndefnis í myndvinnsluforritum,
- 1.2 upptöku „green-screen“ og eftirvinnslu þess,
- 1.3 tvívíddar- og þrívíddar grafík,
- 1.4 litgreiningu.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 skjásamsetningu í After Effects,
- 2.2 „green-screen“-vinnu,
- 2.3 að „tracka“ skot,
- 2.4 litgreiningu myndefnis.

3. Nemandi öðlist hæfni í:

- 3.1 að nota After Effects-forritið á margvíslegan hátt,
- 3.2 frágangi „green-screen“ verkefna,
- 3.3 litgreiningu mynda.

MBR 403 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MBRE4MÚ3
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 90 stundir
Undanfarar/forkröfur: MBR 306
Námsmat: Mat á eftirvinnslu (litgreining/titlar/effektar) lokaverkefnis LHÖ 208.
Bækur/kennsluefni: Glætur, valið myndefni og önnur gögn.

Myndbreyting 4

Námskeiðið er tengt útskriftarnámskeiði nemandans, LHÖ 208. Í upphafi er upprifjun á þeim atriðum sem kennd hafa verið á fyrri námskeiðum. Nemendur þurfa að þreyta próf sem staðfestir hæfni þeirra. Nemandi litgreinir, vinnur titla og myndbrellur í lokamynd sinni. Myndvinnslan er metin sérstaklega til einkunnar. Leiðbeinandi er til halds og trausts í vinnsluferlinu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 litgreiningu kvikmynda,
- 1.2 grafík- og myndbrellugerð í kvikmyndum.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 notkun ýmissa eftirvinnsluforrita.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 vinna með faglegum og skapandi hætti með ýmis myndvinnsluforit,
- 3.2 taka að sér eftirvinnslu í kvikmyndum.

STOÐGREINAR

HÆFNIVIÐMIÐ STOÐGREINA

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 grunnatriðum ljósmyndunar,
- 1.2 leikmyndahönnun,
- 1.3 straumum og stefnum í myndlistarsögunni,
- 1.4 verkssviði framleiðenda í kvikmyndum,
- 1.5 grunnuppbyggingu handrita og helstu hugtökum handritsgerðar.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 að taka ljósmyndir,
- 2.2 leikmyndahönnun í kvikmyndagerð,
- 2.3 að nýta sér myndlist á skapandi hátt í kvikmyndagerð,
- 2.4 að tileinka sér hlutverk framleiðanda í kvikmyndagerð,
- 2.5 að skrifa handrit.

3. Nemandi öðlist hæfni:

- 3.1 í ljósmyndun sem hann nýtir sem grunn að leikni í kvikmyndaöku,
- 3.2 til að vinna við leikmyndahönnun,
- 3.3 til að nota þekkingu sína á myndlist á skapandi hátt í kvikmyndagerð,
- 3.4 til að nýta sér grunnþekkingu á störfum framleiðenda í framleiðslu á lokaverkefni sínu,
- 3.5 til að færa hugmyndir yfir á handritsform.



LIS 102

2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LIS4LK2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ástundun, mat á verkefnum og ritgerð.
Bækur/kennsluefni: Saga listarinnar, E. H. Gombrich - Glærur og önnur gögn.

Listasaga 1

Yfirlitsáfangi með áherslu á tengsl kvikmynda og myndlistar. Hvað geta kvikmyndir lært af myndlistinni? Einkenni ýmissa myndlistartímabila eru skoðuð. Dæmi eru tekin úr kvikmyndasögunni sem sýna nán tengsl kvikmynda við ákveðin myndverk eða myndlistarmenn, og hvernig myndlist hefur nýst kvikmyndagerðarmönnum og orðið þeim innblástur fyrir kvikmyndaverk.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vestrænni myndlistarsögu fyrri alda,
 - 1.2 helstu meisturum myndlistarsögunnar (fram að rómantik),
 - 1.3 helstu hugtökum myndlistarsögunnar,
 - 1.4 grunnþáttum litafræðinnar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 skoða og meta myndlist,
 - 2.2 skilgreina helstu hugtök myndlistarsögunnar.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 nota myndlistarsöguna sem hugmyndabanka í kvikmyndagerð,
 - 3.2 njóta myndlistar.

LIS 202

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LIS4MK2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: LIS 102
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Styles, Schools and Movements eftir Amy Dempsey. - Glærur og önnur gögn.

Listasaga 2

Yfirlitsáfangi með áherslu á tengsl kvikmynda og myndlistar. Hvað geta kvikmyndir lært af myndlistinni? Áhersla lögð á myndlist 20. aldarinnar. Nemendur vinna verkefni (veggspjöld) þar sem skýrar tilvísanir eru í strauma og stefnur í myndlist 20. aldar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hugtökum, straumum og stefnum í nútímamyndlist (1870-1970),
 - 1.2 öllum helstu listamönnum tímabilsins.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 skoða og greina myndlist,
 - 2.2 greina hugtök, strauma og stefnur.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 sækja áhrif í myndlist fyrir eigin kvikmyndagerð,
 - 3.2 njóta myndlistar.

STOÐGREINAR

LJÓ 101 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LJÓ54LT1
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 30 stundir
Undanfara/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Glærur, valið myndefni og önnur gögn.

Ljósmyndun

Nemendur læra um helstu grunnþætti ljósmyndunar og hvernig nýta má þá þekkingu til að bæta kvikmyndatöku. Nemendur taka ýmar tilraunaljósmyndir og beita grunnþekkingu til þess að taka skapandi og tæknilegar ákvarðanir. Nemendur vinna ljósmyndaverkefni sem metið er til einkunnar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grunnatriðum ljósmyndunar,
 - 1.2 tæknilegum þáttum ljósmyndavélarinnar,
 - 1.3 skapandi þáttum ljósmyndunar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 tæknilegum þáttum ljósmyndavélarinnar,
 - 2.2 að taka ljósmyndir.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér þekkingu sína í ljósmyndun sem grunn að leikni í kvikmyndatöku,
 - 3.2 þróa sig áfram í ljósmyndun.

LEB 104 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LEBM4LH4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfara/forkröfur: 1. önn
Námsmat: Ástundun og mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Glærur, valið myndefni og önnur gögn.

Leikmynd

Nemendur á 2. önn fá innsýn inn í starf leikmyndahönnuðar ásamt því að vinna við leikmyndagerð í sjónvarpsmynd (LSJ) sem er samvinna allra deilda.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hlutverki leikmyndahönnuða í kvikmyndagerð,
 - 1.2 samspili kvikmyndatöku við leikmyndahönnun.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 hönnun leikmynda í stóru sjónvarpsverki,
 - 2.2 störfum leikmyndahönnuða í undirbúningi, tókum og í frágangi.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skilja hlutverk leikmyndahönnunar í kvikmyndagerð.

HHO 102

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HHOR4GL2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Ljósrit og önnur gögn.

Handritsgerð

Á námskeiðinu er fjallað um ýmis grundvallarlögmál hefðbundinnar handritsgerðar í kvikmyndagerð. Fjallað verður um uppbyggingu, form og stíl, samtöl, söguþráð og endi. Nemendur læra helstu grundvallaratriði í notkun á handritsforritum. Þeir nemendur sem áhuga hafa á að skrifa sjálfir handritið að lokaverkefni sínu á 4. önn geta nýtt þetta námskeið til undirbúnings.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grunnbyggingu handrits,
 - 1.2 lykilhugtökum handritsgerðar,
 - 1.3 hugmyndavinnu og hópavinnu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 kynna og greina hugmyndir,
 - 2.2 koma hugmynd í handritsform,
 - 2.3 ræða og þróa handrit.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 meta og þróa hugmyndir,
 - 3.2 færa hugmyndir yfir á handritsform.

FRT 102

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: FRTL4FU2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: On Filmmaking: An Introduction to the Craft of the Director, 1st edition (Paperback) e. Alexander Mackendrick

Framleiðsla

Nemendur sækja námskeið í framleiðslu kvikmynda. Áfanginn á að nýtast nemendum við undirbúning útskriftarverkefnis. Námskeiðinu er fylgt eftir með vikulegum fundum þar sem nemendur framleiða sína eigin mynd með það að markmiði að tókur gangi sem best fyrir sig.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hlutverki og verksviði framleiðandans í kvikmyndum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 hlutverki framleiðanda í kvikmyndagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér grunnþekkingu á störfum framleiðenda í framleiðslu á lokaverkefni sínu á 4. önn.

KVIKMYNDAGERÐ

HÆFNIVIÐMIÐ KVIKMYNDAGERÐAR

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsverka,
 - 1.2 eigin sköpunargetu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 setja saman gott framleiðsluteymi,
 - 2.2 bera heildarábyrgð á framkvæmd.
3. Nemandi öðlist hæfni:
 - 3.1 með því að vera ábyrgur fyrir öllum þáttum framleiðslu frá hugmynd til frumsýningar,
 - 3.2 til að starfa sem skapandi listamaður.

LHO 106 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LHOV4LS6
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfara/forkröfur: Kjarni og 50% annarra námskeiða á 1. önn
Námsmat/kennsluefni: Mat á verkefni.

Lokaverkefni 1. önn

Lokaverkefni á 1. önn er frjálst frumsamið kvikmyndaverk, 5 til 8 mín. Verkefnið þarf að vera skráður hugmynda- og hönnunarferill sem leiðir að fyrirfram settu markmiði. Verkefnið er einstaklingsverkefni. Það getur verið tengt vinnu við mynd annars nemanda en slíkt samstarf verður að fá samþykki kennara og framlagið verður að vera skýrt og mælanlegt.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 að vinna kvikmyndaverk frá hugmynd til frumsýningar,
 - 1.2 framleiðsluferli kvikmynda,
 - 1.3 mikilvægi þess að fá góðan hóp til samvinnu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 að vera drifkraftur kvikmyndagerðar,
 - 2.2 að vinna sem skapandi listamaður í kvikmyndagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 framleiða stutt kvikmyndaverk frá hugmynd til frumsýningar.

LHO 208

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LHOV4LÚ8
Námskeiðstegund: Bóklegt/verlegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 240 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Mat á verkefni og skýrsla.
Bækur/kennsluefni: Motion picture and Video lighting, 2. útgáfa, Blain Brown. - Setting up your shots, Jeremy Vineyard. - Cutting Rythms: Shaping the film edit, Karen Pearlman. - Sound design: The Expressive Power of Music, Voice and Sound Effects in Cinema, David Sonnenschein. Sound for Film and Television, Tomlison Holman, - Glætur, myndefni og önnur gögn.

Lokaverkefni 4. önn

Lokaverkefni á 4. önn er sjálfstætt einstaklingsverkefni að eigin vali unnið í samráði við leiðbeinanda. Hér er um að ræða kvikmyndaverk af einhverju tagi; 8 til 20 mínútur að lengd. Öll námskeið annarinnar utan kjarnafög samvinnast þessu verkefni. Yfirleiðbeinandi lokaverkefnis fundar reglulega með nemendum á undirbúningstímabilinu og veitir handritaráðgjöf og ráðleggingar varðandi leikstjórn. Að loknum tókum taka við þrjú eftirvinnsluáfangar; klipping, hljóðvinnsla og litaleiðrétting og tengjast þeir allir útskriftarverkinu. Þar njóta nemendur fulltingis yfirleiðbeinanda en fá jafnframt ráðleggingar frá sérfræðingum á sviði klippingar, hljóðvinnslu og litaleiðréttingar allt með það að markmiði að skapa fagmannlegt útskriftarverkefni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 framleiðslu metnaðarfulls kvikmyndaverks,
 - 1.2 persónueinkennum sínum sem listamaður og stjórnandi.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 skapandi listamaður og sem drifkraftur kvikmyndagerðar,
 - 2.2 kvikmyndagerðarmaður.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 gera kvikmynd sem er eigið höfundarverk og stenst bæði faglegar og listrænar kröfur.



DEILD 3

HANDRIT - LEIKSTJÓRN

Diploma í kvikmyndagerð 120 einingar

Sérsvið: Handrit - Leikstjórn

Kennsluhættir: Kennslan samanstendur af fyrirlestrum og samræðum við kennara. Stærstur hluti námsins er verklegur þar sem nemendur gera verkefni af ýmsu tagi. Kennsla fer fram í umræðu um þróun verka og úrlausna. Stór þáttur í samskiptum nemenda og kennara tengist yfirllestri handrita þar sem notaðir eru allir samskiptamiðlar.

Námsmat: Nemendur skila verkefnum, handritum eða myndum sem metnar eru til einkunn. Áhersla er lögð á að sem flest námskeið skili mælanlegum afurðum og helst listsköpun af einhverju tagi. Mæting og ástundun er metin inn í einkunn. Dómnefnd metur útskriftarmynd.

Prófgráða: Diploma í kvikmyndagerð, sérsvið Handrit - Leikstjórn.

Lýsing á deild: Markmið deildarinnar er að mennta kvikmyndahöfunda sem geta bæði skrifað handrit og leikstýrt eftir þeim. Í náminu semja nemendur fjölda handrita fyrir ólíkar tegundir kvikmynda og miðla. Gæðin eru fólgin í því að nemendur búa til kvikmynd, einstaklingsverk á hverri önn. Þannig fá þeir tækifæri til að sannreyna handrit sín og hæfni til leikstjórnar. Deild fyrir þá sem vilja þjálfa upp hæfni sem skrifandi leikstjórar (writer/director). Atvinnutækifæri eru við handritsskrif og leikstjórn hjá kvikmyndafrirtækjum og sjónvarpsstöðvum.

Undanfarar: Krafa er gerð um stúdentspróf. Nám deildarinnar hentar vel sem viðbótarnám og aukin sérhæfing við stúdentspróf af öllum bóknámsbrautum og félagsfræðibrautum. Horft er til þekkingar í íslensku, bókmenntum og ritlist.

Deild 3, Handrit - Leikstjórn, 120 einingar, 2 ár

Sérgreinar 49 ein

Handrit að bíómynd í fullri lengd

4 námskeið.....	16 ein
Leikstjórn 4 námskeið	15 ein
Ýmis handrit 6 námskeið	18 ein

Stoðgreinar 15 ein

Myndræn frásögn 2 námskeið	4 ein
Listasaga 2 námskeið	4 ein
Ýmis námskeið 4	7 ein

Kvikmyndagerð 26 einingar

1. önn	
Leikin stuttmynd	6 ein einstaklingsverkefni
2. önn	
Heimildarmynd	6 ein einstaklingsverkefni
3. önn	
Leikin stuttmynd, aðlögun úr bók.....	6 ein einstaklingsverkefni
4. önn	
Útskriftarmynd	8 ein einstaklingsverkefni

Kjarni 30 einingar

HÆFNIVIÐMIÐ DEILDAR 3

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 vinnsluferli handritagerðar á leiknum bíómyndum í fullri lengd,
- 1.2 ýmsum tegundum handritaskrifa fyrir ólíka miðla,
- 1.3 verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á starfssviði leikstjórans,
- 1.4 gerð margvíslegra kvikmyndaverkefna með áherslu á leiknar stuttmyndir,
- 1.5 starfssviði framleiðenda í kvikmyndum,
- 1.6 skipulagi í handritaskrifum,
- 1.7 eðli og gerð myndmálsins.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 skrifa handrit að bíómynd í fullri lengd,
- 2.2 skrifa ýmsar tegundir af handritum,
- 2.3 stýra leikurum og öðru samstarfsfólki á persónulegan og faglegan hátt,
- 2.4 vera leikstjóri og stjórnandi í leiknum kvikmyndum af ýmsu tagi,
- 2.5 skilja framleiðsluferla kvikmynda og helstu samninga,
- 2.6 meta og greina verkefnastöðu og skipuleggja sig,
- 2.7 miðla sögu og dramatik á sjónrænan hátt.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 vinna að stórum handritsverkefnum, eins og handriti að bíómynd í fullri lengd,
- 3.2 starfa sem skapandi handritshöfundur í fjölbreyttum tegundum verkefna,
- 3.3 vinna sem leikstjóri með persónulegan stíl, sem á grundvelli þekkingar og leikni nær því besta út úr leikurum og öðru samstarfsfólki,
- 3.4 vinna sem skapandi kvikmyndagerðarmaður og stjórnandi í ólíkum kvikmyndaverkum,
- 3.5 tileinka sér starf framleiðanda í eigin kvikmyndagerð,
- 3.6 skipuleggja störf sín í handritaskrifum,
- 3.7 miðla flóknum frásögnum með myndrænum hætti.

NÁMSLÍNUR DEILDAR 3

SÉRGREINAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Leikin bíómynd >	BÍÓ 103 >	BÍÓ 202 >	BÍÓ 306 >	BÍÓ 405
Leikstjórn >	LST 103 >	LST 205 >	LST 303 >	LST 404
Tegundir handrita >	LOR 104 >	HEH 102 >	SVI 104	
	> TLS 102 >	LSP 104 >	AÐL 102	

STOÐGREINAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Hugmyndir & listasaga >	HUG 101 >	LIS 102 >	LIS 202 >	HUG 202
Myndræn frásögn & valfag >	MFA 102 >	MFA 202 > >	VAL 102
Framleiðsla > >			FRH 102

KVIKMYNDAGERÐ

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Lokaverkefni >	LOH 106 >	LOH 206 >	LOH 306 >	LOH 408

LEIKIN BÍÓMYND

BÍÓ 103 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: BÍÓM4GT3
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Mat á útdrætti og vinnu nemanda.
Bækur/kennsluefni: The Tools of Screenwriting e. David Howard og Edward Mabley - The elements of Style e. William Trunk - Ljósrit og önnur gögn.

Leikin bíómynd 1

Á námskeiðinu vinna nemendur í ritsmiðju undir handleiðslu kennara að þróun hugmyndaðar leikinni kvikmynd í fullri lengd. Einnig er farið í uppbyggingu handrita og nemendur vinna og skila 8-10 bls sögulýsingu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grundvallaruppbyggingu handrita í fullri lengd,
 - 1.2 hugmyndavinnu og hvernig hugmyndir eru þróaðar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 kynna hugmyndir og í orðræðu um sögur og handrit,
 - 2.2 starfa undir handleiðslu og í hópi.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 velja, í samvinnu við leiðbeinanda, bitastæða handritshugmynd og vinna með hana.

BÍÓ 202 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: BÍÓM4HÚ2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 60 stundir
Undanfarar/forkröfur: BÍÓ 103
Námsmat: Mat á verkefni og vinnu nemanda.
Bækur/kennsluefni: The Tools of Screenwriting e. David Howard og Edward Mabley - The Elements of Style e. William Trunk - Writing Treatments That Sell: How to Create and Market Your Story Ideas to the Motion Picture and TV Industry, 2nd Edition (Paperback) e. Kenneth Atchity og Chi-Li Wong.

Leikin bíómynd 2

Námskeiðið er framhaldsáfangi á 2. önn sem miðar að því að nemendur þrói hugmynd að leikinni bíómynd í fullri lengd sem nýtist BÍÓ 306. Takmarkið er að nemendur skili af sér 4-6 blaðsíðna útdrætti, í kjölfarið á ítarlegri undirbúningsvinnu á uppbyggingu sögunnar, karaktersköpun og frásagnaraðferð.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vinnslu útdráttar (outline),
 - 1.2 mikilvægi sterkar persónusköpunar,
 - 1.3 uppbyggingu atburðarásar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 ræða, prófa og þróa hugmynd, persónur og sögulýsingu.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 vinna vandaðan útdrátt(outline).

HÆFNIVIÐMIÐ LEIKINNAR BÍÓMYNDAR

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vinnuferli handritagerðar á leiknum bíómyndum í fullri lengd,
 - 1.2 öllum þeim vörðum og gryfjum sem hann þarf að þekkja í vinnu við handritsgerð á bíómynd í fullri lengd.
2. Hagnýt færni og leikni
 - 2.1 Nemandi öðlist færni til að skrifa handrit að bíómynd í fullri lengd.
3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni
 - 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna að stórum handritsverkefnum, eins og handriti að bíómynd í fullri lengd.

BÍÓ 306 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: BÍÓM4FH6
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 200 stundir
Undanfarar/forkröfur: BÍÓ 202
Námsmat: Mat á verkefni og vinnu nemenda.
Bækur/kennsluefni: The Tools of Screenwriting e. David Howard og Edward Mabley - The Elements of Style e. William Trunk - Ljósrit, handrit og önnur gögn.

Leikin bíómynd 3

Á námskeiðinu umbreytir nemandinn sögulýsingu sinni úr BÍÓ 202 í kvikmyndahandrit í fullri lengd (85–100 blaðsíður).

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 þróunarvinnu handrita,
 - 1.2 þriggja þátta skiptingu hefðbundins kvikmyndahandrits.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 ljúka handriti í fullri lengd,
 - 2.2 skrifa samtöl.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 fara óstuddur þá leið að skrifa handrit í fullri lengd frá hugmynd að endanlegri gerð.

BÍÓ 405 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: BÍÓM4EH5
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 150 stundir
Undanfarar/forkröfur: BÍÓ 306
Námsmat: Mat á endanlegu handriti.
Bækur/kennsluefni: The Tools of Screenwriting e. David Howard og Edward Mabley - The Elements of Style e. William Trunk - Ljósrit, handrit og önnur gögn.

Leikin bíómynd 4

Á námskeiðinu vinnur nemandinn í samvinnu við leiðbeinanda að endurskrifum á fyrstu drögum að handritinu úr BÍÓ 308.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 þróun handrits í fullri lengd,
 - 1.2 skrifum á samtölum og þróun þeirra,
 - 1.3 öllum þeim lykllum og hugtökum sem hann þarf að skilja og nota í skrifum á handriti, frá hugmynd að endanlegri gerð.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 ljúka handriti í fullri lengd,
 - 2.2 skrifa samtöl.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 vinna óstuddur að endurskrifum á eigin verkum.

LEIKSTJÓRN

LST 103 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSTJ4LT3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun, virkni í tímum og skrifleg verkefni.
Bækur/kennsluefni: Directing Actors: Creating Memorable Performances for Film and Television e. Judith Weston (Paperback) - Ljósrit og önnur gögn.

Leikstjórn 1

Fjallað er um hlutverk og stöðu kvikmyndaleikstjórans sem handleiðslu- og samstarfsmanns leikara; samband hans og leikarans, á hverju það samband byggir og hvernig líklegast er að það beri sem mestan árangur. Unnið er í grunnþáttum þjálfunar þar sem nemendur fá að kynnast tækniþjálfun leikarastarfsins, æfingum og aðferðum til að byggja á persónusköpun, innra líf og hvernig það tekur á sig form í gerðum og hegðun persóna.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hlutverki kvikmyndaleikstjórans,
 - 1.2 eðli og möguleikum samstarfs kvikmyndaleikstjóra og leikara,
 - 1.3 vinnu leikarans.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 forma og tjá vilja sinn og hugmyndir gagnvart leikurum,
 - 2.2 laða fram það besta í leikurum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nota persónuleika sinn, bæði styrkleika og veikleika, til að laða fram það besta hjá leikurum.

LST 205 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSTJ4KL5
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 125 stundir
Undanfarar/forkröfur: LST 103
Námsmat: Ástundun, mat á verkefnum og lokaskýrslur nemenda.
Bækur/kennsluefni: Directing Actors: Creating Memorable Performances for Film and Television e. Judith Weston (Paperback) - Ljósrit og önnur gögn.

Leikstjórn 2

Haldið er áfram að fara yfir helstu grunnþætti kvikmyndaleikstjórnar með sérstakri áherslu á vinnu með leikurum. Námskeiðið er aðallega verklegt og eru ýmsar aðferðir, tól og tæki kynnt fyrir nemendum sem geta nýst þeim við slíka vinnu. Nemendur læra að gera ítarlegar áætlanir um eigið vinnuferli í gegnum æfingar með bæði leikaranemum og atvinnuleikurum.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vinnu kvikmyndaleikstjórnar með leikurum,
 - 1.2 þeim vandamálum sem leikarinn stendur frammi fyrir.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 koma hugmyndum sínum til skila við leikara,
 - 2.2 tileinka sér hugtök sem tengjast vinnu leikstjórnar með leikurum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 fá sem allra mest út úr leikurum og stýra þeim að markmiðum sínum,
 - 3.2 þróa eigin aðferðir við stjórn á leikurum.

HÆFNIVIÐMIÐ LEIKSTJÓRNAR

1. Þekking og skilningur

1.1 Nemandi öðlist verklega, fræðilega, tæknilega og faglega þekkingu á starfssviði leikstjórnans.

2. Hagnýt færni og leikni

2.1 Nemandi öðlist leikni í að stýra leikurum og öðru samstarfsfólki á persónulegan og faglegan hátt.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna sem leikstjóri með persónulegan stíl, sem á grundvelli þekkingar og leikni nær því besta út úr leikurum og öðru samstarfsfólki.

LST 303 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSTJ4KS3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfarar/forkröfur: LST 204
Námsmat: Ástundun, mat á verkefnum og lokaskýrslur nemenda.
Bækur/kennsluefni: Total Directing: Integrating Camera and Performance in Film and Television, First Edition (Paperback) e. Tom Kingdon - Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Leikstjórn 3

Haldið er áfram með þá vinnu sem lögð hefur verið til grundvallar í fyrri leikstjórnaráföngum. Nemendur þróa áfram eigin aðferðir við vinnu með leikurum auk þess sem kynntar eru helstu stefnur í kvikmyndaleik og leikaraleikstjórn. Verkefni námskeiðsins felst í að æfa senur úr kvikmyndahandritum, leikstýra leikurum í gegnum senurnar og taka þær upp. Þar er samspil leikara og myndavélar skoðað og kynnt hvaða lögmál gilda um stöður, sjónlínur og hvaða áhrif staðsetning myndavélar hefur á leik og hreyfingu leikara. Fjallað er um aðra lykilþætti kvikmyndaleikstjórnar, eins og samstarf við tökumann og annað náð samstarfsfólk.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 vinnu kvikmyndaleikstjórnans,
- 1.2 sambandi leikarans og linsunnar,
- 1.3 helstu hugtökum sem tengjast vinnu leikstjórnans með leikurum og öðrum samstarfsmönnum.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 meta hlutverk og gæði nánustu samstarfsmanna,
- 2.2 koma hugmyndum sínum til skila við leikara og aðra samstarfsmenn.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 fá sem allra mest út úr samstarfsfólki og stýra því að markmiðum sínum,
- 3.2 þróa eigin aðferðir og stíl í leikstjórn.

LST 404 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSTJ4LL4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfarar/forkröfur: LST 303
Námsmat: Ástundun, virkni í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Moviemakers' Master Class: Private Lessons from the World's Foremost Directors, 1st Edition (Paperback) e. Laurent Tirard - Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Leikstjórn 4

Námskeiðið er tengt lokaverkefni annarinnar þar sem sameiginlega er farið yfir leikstjórnarlegar útfærslur á hverju verkefni fyrir sig og þær skoðaðar jafnt út frá handriti og persónulegri afstöðu leikstjórnans. Ætlast er til að nemendur nýti sér þær aðferðir sem þeir hafa lært og þróað varðandi vinnu með leikara og myndræna frásögn.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 öllum helstu verkferlum í vinnu kvikmyndaleikstjórnans,
- 1.2 eðli þeirra starfa sem samstarfsfólk hans vinnur.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 nýta þá reynslu sem hann býr nú þegar yfir til framdráttar verki sínu,
- 2.2 hugsa kvikmyndaleikstjórn sem ferli frá hugmynd til frumsýningar.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 skila ávallt góðri vinnu, sama hvert umfang og eðli verkefnisins er,
- 3.2 vinna af fullu sjálfstrausti með leikurum og öðru samstarfsfólki.

TEGUNDIR HANDRITA

HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSLÍNU

1. Þekking og skilningur
 - 1.1 Nemandi öðlist þekkingu á handritaskrifum fyrir ólíka miðla og af ólíkum tegundum.
2. Hagnýt færni og leikni
 - 2.1 Nemandi öðlist leikni í að skrifa ýmsar tegundir af handritum.
3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni
 - 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að starfa sem skapandi handritshöfundur í fjölbreyttum tegundum verkefna.

LOR 104 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LORE4GU4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun og mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Ritun kvikmyndahandrita e. Önnu Rognvaldsdóttur - The Tools of Screenwriting: A Writer's Guide to the Craft and Elements of a Screenplay (Paperback) e. David Howard og Edward Mabley. St. Martin's Griffin - The Elements of Style e. William Trunk.

Lög og reglur

Námskeiðið er byrjunaráfangi á 1. önn þar sem fjallað er um grundvallarlögmál dramatískrar frásagnar og þau rakin allt til Aristótelesar. Kynntar eru helstu kenningar og bækur um handritsgerð auk þess sem nemendur læra uppsetningu handrita. Þá vinna nemendur í ritsmiðju undir handleiðslu kennara þar sem unnið er með hugmynd að stuttmynd og hún þróuð í 7 blaðsíðna handrit. Síðan er gerð mynd eftir handritinu á námskeiðinu LOH 106 sem er síðar á önninni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grundvallarlögmálum handritsgerðar,
 - 1.2 ferlinu frá hugmynd til fullbúins handrits.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 leita sér þekkingar í handritsgerð,
 - 2.2 vinna í ritsmiðju.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér fræði og reglur sem undirstöður fyrir skriftir.

TLS 102

1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: TLSJ4GV2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Television and Screenwriting: From Concept to Contract e. Richard A. Blum. - Ljósrit, myndefni, sjónvarpsþáttahandrit og önnur gögn.

Tegundir leikins sjónvarpsefnis

Á námskeiðinu er fjallað um nokkrar „staðlaðar“ tegundir leikins sjónvarpsefnis; gamanefni, sakamálaþætti, fjölskyldudrama o.s.frv. Nemendur vinna í hópi undir handleiðslu kennara að slíku efni í svokölluðu höfundaherbergi („writer's room“) en þannig fá nemendur innsýn í dramatúrgíu, uppbyggingu, persónusköpun og formgerð þáttaraða. Námskeiðið er undanfari LSP 104 á 2. önn, þar sem nemendur skrifa handrit að kynningarþætti („pilot“) fyrir leikna sjónvarpsseríu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 stöðluðum formum leikins sjónvarpsefnis,
 - 1.2 vinnulagi höfundarsmiðju og hvernig hugmyndir eru fundnar og þróaðar með þeirri aðferð.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 meta, greina og flokka leikið sjónvarpsefni,
 - 2.2 finna og þróa hugmyndir,
 - 2.3 vinna í höfundarsmiðju.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 meta, greina og flokka leikið sjónvarpsefni,
 - 3.2 skrifa fyrir sjónvarp.

LSP 104

2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LSPÁ4SV4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Mat á handriti, virkni og ástundun.
Bækur/kennsluefni: Television and Screenwriting: From Concept to Contract e. Richard A. Blum. - Ljósrit, myndefni, handrit og önnur gögn.

Leikinn sjónvarpsþáttur

Á námskeiðinu er haldið áfram með verkefni nemanda úr áfanganum TLS 102. Nemendur skrifa drög að „pilot“ að leikinni sjónvarpsseríu eftir sinni eigin hugmynd. Nemendur vinna undir handleiðslu kennara og sameiginlega í svokölluðu höfundarherbergi.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 skrifum fyrir staðlaða sjónvarpsframleiðslu,
 - 1.2 skrifum fyrir framhaldsþáttaform þar sem sagan heldur stöðugt áfram,
 - 1.3 samvinnu í skrifum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 taka þátt í skrifum á „pilot“ fyrir sjónvarpsseríu,
 - 2.2 vinna í hópstarfi.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 taka þátt í vinnu við handritsskrif fyrir leikið sjónvarpsefni.

TEGUNDIR HANDRITA

HEH 102 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HEHM4SH2
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarað/forkröfur: 1. önn
Námsmat: Mat á handriti.
Bækur/kennsluefni: Ljósrit, valið myndefni.

Heimildarmyndir

Fjallað er um hin mörgu og ólíku form heimildarmynda, uppruna og sögu. Sérstök áhersla er lögð á að rannsaka mismunandi aðferðafræði við meðhöndlun viðfangsefna. Fjallað er um hugmynda- og handritsvinnu, val á aðferðum við upptökur og eftirvinnsluferlið. Nemendur þurfa að koma með hugmynd að heimildarmynd, vinna rannsóknarvinnu og skrifa handrit að stuttri heimildarmynd. Myndin er síðan framleidd á önninni á námskeiðinu LOH 206.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 kvikmyndaforminu heimildarmynd,
 - 1.2 mismunandi aðferðafræði við heimildarmyndagerð,
 - 1.3 hugmyndavinnu og handritsgerð heimildarmynda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 greina heimildarmyndir,
 - 2.2 meta gæði hugmynda,
 - 2.3 velja aðferðafræði við heimildarmyndagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 velja sér viðfangsefni, þróa hugmynd og velja aðferðafræði við heimildarmyndagerð.

SVI 104 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: SVID4LL4
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Ástundun, virkni í hópstarfi og mat á verkefnum.
Bækur/kennslufni: The Art and Craft of Playwriting e. Jeffrey Hatcher - Ljósrit og önnur gögn.

Leikrit/svið

Námskeiðið er leiksmiðja sem haldin er í samvinnu við leiklistarbraut. Handritshöfundar þróa texta sem fyrst verða til í gegnum spunavinnu með leikurum undir handleiðslu leiðbeinanda. Höfundarnir skila svo af sér fullkláruðu handriti sem leiklistardeildin setur upp sem lokaverkefni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 því að vinna að handritsgerð í beinu návígi við leikara, m.a. í spunavinnu,
 - 1.2 skrifum fyrir leiksvið.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 vinna náð með leikurum í þróun handrita,
 - 2.2 skrifa fyrir leiksvið.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 kunna að nýta sér samvinnu við leikara til að þróa hugmyndir og handrit,
 - 3.2 skrifa fyrir leiksvið.

AÐL 102 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: ABLÖ4AH2
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Mat á handriti.
Bækur/kennslufni: Ljósrit og annað efni.

Aðlögun

Fjallað er um aðlögun áður útgefins prentefnis að kvikmyndaforminu. Fjallað er ítarlega um þann eðlismun sem er á milli bóka og kvikmynda sem taka verður tillit til og þekja þegar handrit eru unnin upp úr bókum. Fjöldmörg dæmi um aðlögun eru metin og greind og sérstaklega verður aðlögun í íslenskri kvikmyndasögu skoðuð. Nemendur þurfa að vinna verkefni og auk þess að skrifa 7–10 bls. handrit sem byggt er á áður útgefnum texta. Nemendur gera síðan mynd eftir handritinu síðar á önninni í LOH 306.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 aðlögunum úr prentuðu efni yfir á kvikmyndaform
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 leita sér hugmynda og efniviðs í prentuðu efni,
 - 2.2 sveigja prentefni í handritaform og síðan að kvikmynd.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 aðlaga texta að kvikmyndaformi.

STOÐGREINAR

MFA 102 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MFAS4MG2
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun og þátttaka í hópastarfi.
Bækur/kennsluefni: On Filmmaking: An Introduction to the Craft of the Director, 1st edition (Paperback) e. Alexander Mackendrick. - Total Directing: Integrating Camera and Performance in Film and Television, First Edition (Paperback) e. Tom Kingdon. - Myndefni.

Myndræn frásögn 1

Í þessu námskeiði er eðli og gerð myndmálsins rannsakað. Mynddæmi eru greind og skoðað er hvaða merkingu má leggja í myndstærðir, sjónarhorn, samsetningu myndskaiða, tákni og skilaboð. Námskeiðið er einnig verklegt þar sem nemendum gefst m.a. tækifæri til að útfæra eigin senur. Auk þess verður farið í undirbúningsferli leikstjórans fyrir tökum, m.a. við gerð skotlista.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 helstu reglum myndrænnar frásagnar,
 - 1.2 nánast takmarkalausum möguleikum myndrænnar frásagnar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 beita myndmáli af lipurð og þekkingu,
 - 2.2 hugsa á myndmáli.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 beita myndmáli eins og „sá sem valdið hefur“ og stýra þannig upplifun áhorfandans.

MFA 202 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MFAS4MM2
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: MFA 102
Námsmat: Ástundun og þátttaka í hópastarfi.
Bækur/kennsluefni: On Filmmaking: An Introduction to the Craft of the Director, 1st edition (Paperback) e. Alexander Mackendrick. - Total Directing: Integrating Camera and Performance in Film and Television, First Edition (Paperback) e. Tom Kingdon. - Myndefni.

Myndræn frásögn 2

Rannsóknnum á myndmáli er haldið markvisst áfram með mynddæmum og verklegum æfingum. Myndræn frásögn, tákni, skilaboð og flóknari mynddæmi eru tekin til skoðunar auk þess sem farið er nánar í undirbúningsferli leikstjóra. Nemendur vinna tvö verkefni á námskeiðinu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 helstu reglum og möguleikum myndrænnar frásagnar,
 - 1.2 möguleikum myndrænnar frásagnar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 beita myndmáli af lipurð og þekkingu.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 miðla flóknnum frásögnum með myndrænum hætti.

HÆFNIVIÐMIÐ STOÐGREINA

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 starfssviði framleiðenda í kvikmyndum,
 - 1.2 skipulagi í handritaskrifum,
 - 1.3 eðli og gerð myndmálsins,
 - 1.4 hugtökum, straumum og stefnum í myndlist.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 skilja framleiðsluferla kvikmynda og helstu samninga,
 - 2.2 meta og greina verkefnastöðu og skipuleggja sig út frá því,
 - 2.3 að miðla dramatík á sjónrænan hátt,
 - 2.4 skoða og meta myndlist.

3. Nemandi öðlist hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni til að:
 - 3.1 tileinka sér starf framleiðanda í eigin kvikmyndagerð,
 - 3.2 skipuleggja störf sín í handritaskrifum,
 - 3.3 skipuleggja kvikmyndaöku af þekkingu,
 - 3.4 sækja áhrif í myndlist fyrir eigin kvikmyndagerð.

VAL 102 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: TILR4TF2
Námskeiðstegund: Val
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Eftir námskeiðum.
Bækur/kennsluefni: Ljósrit og önnur gögn.

Valfag

Deildarforseti velur námskeið á sviði þar sem hann telur að nemendur sína vanti viðbótarþekkingu, t.d. myndatöku, klippingu, framleiðslu eða hljóðvinnslu. Þetta gerir hann í samráði við nemendur í byrjun annar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 sviði valfags.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 sviði valfags.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 sviði valfags sem styrkir hann sem kvikmyndagerðarmann.

FRH 102 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: FRHL4FU2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: The Complete Film Production Handbook, Fourth Edition e. Eve Light Honthaner.

Framleiðsla

Fjallað er um stöðu og hlutverk framleiðandans og mismunandi starfssvið hans. Fjallað er ítarlega um feril kvikmyndaverka frá hugmynd til lokadreifingar og hlutverk framleiðandans og framleiðslustjórans á hinum ýmsu framleiðslustigum. Kynntar eru helstu fjámögnunarleiðir kvikmynda og helstu samningar. Þá er einnig farið í grunnatriði höfundarréttar. Námskeiðið tengist vinnu við útskriftarverkefni LOH 408.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.2 hlutverki og verkssviði framleiðandans í kvikmyndum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 skipulags-, og samningavinnu framleiðanda í kvikmyndagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér grunnþekkingu á störfum framleiðenda í framleiðslu verkefna sinna.

STOÐGREINAR

HUG 101 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HUGM4SS1
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 25 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Hugmyndir 1

Nemanda er kynnt námið sem framundan er. Hugur hans er opnaður gagnvart frumlegum lausnum í heimi kvikmyndanna. Einnig er nemanda kennt að halda utan um hugmyndir sínar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 mikilvægi skipulags og undirbúnings,
 - 1.2 margvíslegum aðferðum sem beita má í hugmyndavinnu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 meta og greina verkefnastöðu og að deila verkefnum niður á tímabil,
 - 2.2 skoða, rannsaka og upplifa, í hugmynda- og undirbúningsvinnu.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skipuleggja störf sín,
 - 3.2 dýpka aðferðafræði sína í hugmynda- og handritsvinnu.

LIS 102 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LIST4LT2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Saga Listarinnar, E. H. Gombrich - Glærur og önnur gögn.

Listasaga 1

Yfirlitsáfangi með áherslu á tengsl kvikmynda og myndlistar. Hvað geta kvikmyndir lært af myndlistinni? Einkenni ýmissa myndlistartímabila eru skoðuð. Dæmi eru tekin úr kvikmyndasögunni sem sýna nán tengsl kvikmynda við ákveðin myndverk eða myndlistarmenn, og hvernig myndlist hefur nýst kvikmyndagerðarmönnum og orðið þeim innblástur fyrir kvikmyndaverk.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vestrænni myndlistarsögu fyrri alda,
 - 1.2 helstu meistarum myndlistarsögunnar (fram að rómantik),
 - 1.3 helstu hugtökum myndlistarsögunnar,
 - 1.4 grunnþáttum litfræðinnar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 skoða og meta myndlist,
 - 2.2 skilgreina helstu hugtök myndlistarsögunnar.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nota myndlistarsöguna sem hugmyndabanka í kvikmyndagerð,
 - 3.2 njóta myndlistar.

HÆFNIVIÐMIÐ STODGREINA

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 starfssviði framleiðenda í kvikmyndum,
 - 1.2 skipulagi í handritaskrifum,
 - 1.3 eðli og gerð myndmálsins,
 - 1.4 hugtökum, straumum og stefnum í myndlist.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 skilja framleiðsluferla kvikmynda og helstu samninga,
 - 2.2 meta og greina verkefnastöðu og skipuleggja sig út frá því,
 - 2.3 að miðla dramatík á sjónrænan hátt,
 - 2.4 skoða og meta myndlist.

3. Nemandi öðlist hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni til að:
 - 3.1 tileinka sér starf framleiðanda í eigin kvikmyndagerð,
 - 3.2 skipuleggja störf sín í handritaskrifum,
 - 3.3 skipuleggja kvikmyndaöku af þekkingu,
 - 3.4 sækja áhrif í myndlist fyrir eigin kvikmyndagerð.

LIS 202 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LIST4LK2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: LIS 102
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Styles, Schools and Movements eftir AmyDempsey. - Glærur og önnur gögn.

Listasaga 2

Yfirlitsáfangi með áherslu á tengsl kvikmynda og myndlistar. Hvað geta kvikmyndir lært af myndlistinni? Áhersla er lögð á myndlist 20. aldarinnar. Nemendur vinna verkefni (veggspjöld) þar sem skýrar tilvísanir eru í strauma og stefnur í myndlist 20. aldar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hugtökum, straumum og stefnum í nútímamyndlist (1870–1970),
 - 1.2 öllum helstu listamönnum tímabilsins.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 skoða og greina myndlist,
 - 2.2 greina hugtök, strauma og stefnur.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 sækja áhrif í myndlist fyrir eigin kvikmyndagerð,
 - 3.2 njóta myndlistar.

HUG 202 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HUGM4HH2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 25 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Hugmyndir 2

Námskeiðið er stuðningur við útskriftarverkefni. Beitt er ýmsum aðferðum í hugmyndavinnu til að styrkja handritsgerð lokamyndar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 margvíslegum aðferðum sem beita má í hugmyndavinnu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 vandaðri hugmyndavinnu til undirbúnings handritsgerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 dýpka enn frekar aðferðafræði sína í hugmynda- og handritsvinnu.

KVIKMYNDAGERÐ

LOH 106 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LOHV4LH6
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfarar/forkröfur: LOR 104
Námsmat: Mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Ritun kvikmyndahandrita e. Önnu Rögnvaldsdóttur - On Filmmaking: An Introduction to the Craft of the Director, 1st edition (Paperback) e. Alexander Mackendrick.

Lokaverkefni 1. önn

Nemandi gerir leikna stuttmynd upp úr handriti sem unnið er í námskeiðinu LOR 104. Áhersla er lögð á að nemendur fái reynslu af að leikstýra eigin hugverki og öðlist tilfinningu fyrir kvikmyndinni sem frásagnarmiðli.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 að vinna kvikmyndaverk frá hugmynd til frumsýningar,
 - 1.2 framleiðsluferli kvikmynda,
 - 1.3 mikilvægi þess að fá góðan hóp til samvinnu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 nýta þekkingu sína sem handritshöfundur og leikstjóri,
 - 2.2 vinna sem skapandi listamaður í kvikmyndagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 gera stutta kvikmynd frá hugmynd til frumsýningar.

LOH 206 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LOHV4KH6
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfarar/forkröfur: 1. önn
Námsmat: Mat á mynd.
Bækur/kennsluefni:

Lokaverkefni 2. önn

Nemandi gerir heimildarmynd sem unnin er eftir handriti sem gert var á námskeiðinu HEH 102 fyrr á önninni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 upptöku og vinnslu heimildarmynda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 upptöku og vinnslu heimildarmynda.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 til að vinna heimildarmynd frá hugmynd til frumsýningar.

HÆFNIVIÐMIÐ KVIKMYNDAGERÐAR

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 gerð margvíslegra kvikmyndaverkefna,
- 1.2 aðlögunum úr prentuðu efni.

2. Hagnýt færni og leikni:

- 2.1 Nemandi öðlist leikni sem leikstjóri og stjórnandi í kvikmyndum.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni:

- 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna sem skapandi kvikmyndagerðarmaður og stjórnandi kvikmyndaverka.

LOH 306 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LOHV4AK6
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Producing & Directing the Short Film and Video, Third edition (Paperback) e. David K. Irving og Peter W. Rea. - Ljósrit og annað efni.

Lokaverkefni 3. önn

Nemendur vinna stuttmynd sem unnin er eftir handriti sem gert var á námskeiðinu AÐL 102 fyrr á önninni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 aðlögunum úr prentuðu efni yfir á kvikmyndaform,
- 1.2 að þjóna aðfenginni sögu í kvikmyndagerð.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 sveigja prentefni í handritsform og síðan í kvikmynd.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 skapa sjálfstætt kvikmyndaverk sem er aðlagð úr útgefnu prentefni.

LOH 408 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LOHV4LH8
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 240 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Producing & Directing the Short Film and Video, Third edition (Paperback) e. David K. Irving og Peter W. Rea. - Ljósrit og annað efni.

Lokaverkefni 4. önn

Um er að ræða einstaklingsverkefni þar sem nemandi skrifar handrit og leikstýrir 8 til 12 mínútna langri stuttmynd. Verkefnið er jafnframt útskriftarverkefni nemanda og er mikil áhersla lögð á vönduð vinnubrögð í öllum þáttum vinnslunnar. Nemandinn skal sjálfur hafa yfirumsjón með verkefninu og sinna hlutverki leikstjóra og handritshöfundar, en er hvattur til að fá með sér vel starfandi og faglegt framleiðslu- og tökuteymi þar sem öllum þáttum framleiðslunnar eru gerð góð skil. Nemendur vinna undir stjórn leiðbeinanda.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 framleiðslu metnaðarfulls kvikmyndaverks,
- 1.2 persónueinkennum sínum sem listamanns,
- 1.3 persónueinkennum sínum sem stjórnanda.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 fullnusta færni sína sem handritshöfundur og leikstjóri,
- 2.2 þróa færni sína og leikni sem kvikmyndagerðarmaður.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 gera persónulega kvikmynd sem stenst bæði faglegar og listrænar kröfur.



DEILD 4

LEIKLIST

Diploma í kvikmyndagerð 120 einingar

Sérsvið: **Leiklist**

Kennsluhættir: Námið er nær eingöngu verklegt þar sem nemendur vinna undir beinni stjórn, eða í samvinnu við kennara ýmsa líkamlega leiklistarvinnu. Flestum námskeiðum lýkur með kynningum þar sem nemendur sýna afrakstur sinn. Kvikmyndaframleiðslan er ýmist undir stjórn leikstjóra eða kennara sem er þá ráðgjafi í gegnum persónulega fundi um handrit og fleira. Nokkur námskeið eru bóklegr með fyrirlestrum og samræðum.

Námsmat: Flestum námskeiðum lýkur með frammistöðumati í sýningum, kynningum og verkefnum. Það ásamt mati á virkni og framförum í námskeiðinu sjálfu og verkefnaskilun, er metið til umsagnar og einkunnar. Framleiðsluverkefni eru metin eftir gæðum mynda. Dómnefnd metur útskriftarmynd.

Prófgráða: Diploma í kvikmyndagerð, sérsvið Leiklist.

Lýsing á deild: Leiklistardeildin leggur áherslu á að bjóða upp á hágæðaleiklistarnám, þannig að útskrifaður nemandi sé tilbúinn að taka að sér jafnvel flóknustu hlutverk sem kvikmyndaleikari. Sérstaða deildarinnar er að hún er í kvikmyndaskóla þar sem litið er á leiklist sem hluta af kvikmyndagerðinni. Samhliða leiklistarnámi sínu fá nemendur almenna grunnmenntun í kvikmyndagerð, m.a. með námi sínu í Kjarna sem er 25% af náminu. Leiklistarnemar þurfa eins og aðrir nemendur skólans að gera eigin kvikmyndir m.a lokaverkefni á 1. og 4. önn (útskriftarmynd). Auk þess taka þeir þátt í fjölda annarra kvikmyndaverka í náminu. Störf bjóðast í kvikmyndum og hjá sjónvarpsstöðvum.

Undanfarar: Krafa er gerð um stúdentspróf. Nám deildarinnar hentar vel sem viðbótarnám og aukin sérhæfing við stúdentspróf af öllum brautum framhaldsskóla, en allar listnámsbrautir og íþróttabrautir eru góður grunnur.

Deild 4, Leiklist, 120 einingar, 2 ár

Sérgreinar 57 ein

Leikur og hreyfing, 4 námskeið	15 ein
Leiksköpun, 4 námskeið	15 ein
Leikur og rödd, söngur, 4 námskeið ..	8 ein
Leikur og rödd, texti, 4 námskeið	9 ein
Leiktækni, 3 námskeið.....	10 ein

Stoðgreinar 6 ein

Leiklistarsaga, 1 námskeið.....	2 ein
Handritsgerð, 1 námskeið.....	2 ein
Tilraun, 1 námskeið	2 ein

Kvikmyndagerð/sýningar 27 einingar

1. önn	
Leikin stuttmynd.....	6 ein einstaklingsverkefni
2. önn	
Leikrit á sviði.....	6 ein samvinna D3
3. önn	
Sjónvarpsþáttur.....	3 ein samvinna D1
Leikin sjónvarpsmynd pilot.....	4 ein samvinna D1, D2, D4
4. önn	
Útskriftarmynd.....	8 ein einstaklingsverkefni

Kjarni 30 einingar

HÆFNIVIÐMIÐ DEILDAR 4

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 eigin líkama og möguleikum hans til tjáningar í spuna, dansi og leiklist,
- 1.2 leiktækni og skilning á helstu stefnum og hugtökum leiklistarinnar,
- 1.3 „Complete Vocal Technique“ raddþjálfunarkerfinu,
- 1.4 rödd sinni og á því hvernig hann eflir getu sína sem söngvari,
- 1.5 raddbeitingu og textameðferð og skilning á möguleikum eigin raddar,
- 1.6 vinnu leikarans og kvikmyndagerðarmannsins með þátttöku í fjölda verkefna,
- 1.7 leikhúsinu og leiksviðsvinnu,
- 1.8 því hvernig hægt er að nýta sér leiklistarsöguna í skapandi starfi,
- 1.9 því hvernig nota má óhefðbundnar aðferðir í listsköpun,
- 1.10 handritsgerð og framleiðslu kvikmynda.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 að vinna með líkama sinn á skapandi, listrænan og faglegan hátt í spuna, dansi og leiklist,
- 2.2 að glíma við flóknar senur og að takast á við margvíslegar áskoranir sem leikari bæði í kvikmyndum og á sviði,
- 2.3 að vinna með rödd sína og söngrödd á persónulegan og faglegan hátt,
- 2.4 að vinna sem leikari í kvikmyndum af ýmsu tagi,
- 2.5 leiktækniæfingum þar sem unnið er með eigin persónu, reynslu og ímyndunarafli,
- 2.6 að nota leiklistarsöguna í sköpunarstarfi,
- 2.7 hugmynda- og handritsvinnu og leikni í framleiðslu stuttmynda.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 vinna með líkama sinn á listrænan, skapandi og faglegan hátt,
- 3.2 nýta sér þekkingu sína til að vinna sem skapandi listamaður í leiklist,
- 3.3 koma fram sem söngvari og tjá sig á persónulegan og faglegan hátt,
- 3.4 vinna með ólík svið raddar sinnar við margvísleg verkefni þar sem hann nýtir þekkingu sína á raddbeitingu og raddtækni til að vinna á faglegan og skapandi hátt,
- 3.5 vinna af fullri fagmennsku sem leikari í fjölbreyttri flóru verkefna bæði í kvikmyndum og á sviði,
- 3.6 rannsaka og tileinka sér grunnþætti leiktjáningar, leiktækni og persónusköpunar í vinnu með leiktexta.
- 3.7 nýta sér leiklistarsöguna af þekkingu og í sköpunarvinnu,
- 3.8 færa hugmyndir yfir á handritsform,
- 3.9 vera drifkraftur kvikmyndagerðar þar sem hann ber ábyrgð á öllum þáttum framleiðslu frá hugmynd til frumsýningar, ásamt því að leika aðalhlutverk.

NÁMSLÍNUR DEILDAR 4

SÉRGREINAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Leikur og hreyfing >	LEH 103 >	LEH 204 >	LEH 304 >	LEH 404
Leiksköpun >	LES 104 >	LES 204 >	LES 304 >	LES 403
Leikur og rödd: Söngur >	LRS 102 >	LRS 202 >	LRS 302 >	LRS 402
Leikur og rödd: Texti >	LRT 102 >	LRT 202 >	LRT 302 >	LRT 402
Leiktækni >	LET 104 >	LET 204 >	LET 302	

STOÐGREINAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Leiklistarsaga & handritsgerð > >		LLS 102 >	HHO 102
Tilraun > >			TIR 102

KVIKMYNDAGERÐ/ SÝNINGAR

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Leiksmiðja/leikhús & leikinn sjónvarpsþáttur > >	LEI 106 >	LSJ 104	
Sjónvarpsþættir & lokaverkefni >	LOL 106 > >	SJL 103 >	LOL 208

LEIKUR & HREYFING

LEH 103 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LEHR4LL3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/kynning
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfara/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun, mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Endalaus orka, Judith Millidge.
Valdar danskvikmyndir.

Leikur og hreyfing 1

Nemendur fá grunnþekkingu í lögmálum dansins, hreyfingar og líkamlegrar tjáningar sem nýtast fyrir listsköpun leikarans. Áhersla er lögð á einlægni og trúverðugleika í skapandi vinnu þar sem ímyndunaraflið er virkjað. Nemendum er kynnt hið daglega látbragð mannsins og hvernig líkamstjáning er notuð í kvikmyndum og öðrum miðlum. Unnið er út frá eigin persónu í spunavinnu þar sem áhersla er lögð á þekkingu á eigin líkama og hreyfigetu. Nemendur vinna undir stjórn kennara að dans- og spunaverki sem sýnt er í lok annar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 þeim grunnþáttum sem einkenna líkamlega tjáningu,
 - 1.2 þeim aga sem einkennir árangur góðra leikara,
 - 1.3 spunavinnu og virkjun ímyndunarafslsins,
 - 1.4 líkamstjáningu í daglegu látbragði,
 - 1.5 eigin líkama og hreyfigetu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 vinna með eigin líkama í frjálstri tjáningu og spuna,
 - 2.2 skilja og greina látbragð daglegra athafna.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 taka þátt í hópansýningu í lok námskeiðs.

LEH 204 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LEHR4LD4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/kynning
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfara/forkröfur: LEH 103
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: The Definitive Book of Body Language e. Allan og Barbara Pease.

Leikur og hreyfing 2

Námskeiðið er beint framhald af LEH 103. Unnið er með ólíkar danstegundir með áherslu á líkamsmál okkar og meðvitund um heilsu og næringu. Einnig verður skoðað hvernig hægt er að setja saman hreyfingar, dans og tækni út frá ólíkri aðferðafræði dansheimsins. Nemendur vinna undir stjórn kennara að dansverki sem sýnt er í lok námskeiðs, þar sem áhersla er lögð á líkamstjáningu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 líkamstjáningu og spuna,
 - 1.2 mikilvægi næringar og heilsu,
 - 1.3 ólíkum danstegundum,
 - 1.4 tengingu nútímadansins við samtímalistina.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 tjá sig með líkamstjáningu og í spuna,
 - 2.2 tileinka sér ólíkar danstegundir.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skilja ólíkar danstegundir og mismunandi tækni og túlkun sem liggur að baki þeim,
 - 3.2 taka þátt í dansverki í lok námskeiðs þar sem hann nýtir þá þekkingu sem hann hefur öðlast.

HÆFNIVIÐMIÐ LEIKS & HREYFINGAR

1. Þekking og skilningur
 - 1.1 Nemandi öðlist þekkingu á eigin líkama og möguleikum hans til tjáningar í gegnum spuna, dans og leiklist.
2. Hagnýt færni og leikni
 - 2.1 Nemandi öðlist leikni í að vinna með líkama sinn í spuna, dansi og leiklist.
3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni
 - 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna með líkama sinn á listrænan, skapandi og faglegan hátt.

LEH 304 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LEHR4LS4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: LEH 204
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Valdar danskvikmyndir.

Leikur og hreyfing 3

Áhersla er lögð á margbreytileika líkamstjáningar og hún skoðuð út frá samtíma okkar; fréttum, tónlistarmyndböndum, sápum, auglýsingum, kvikmyndum o.fl. Undir stjórn kennara setja nemendur saman upphitunaræfingar í ólíka „pakka“ sem hægt er að nýta sér á margvíslegan hátt. Til dæmis í upphitun fyrir leikin atriði, uppbyggingu fyrir langa vinnutörn, fyrir reglulegar líkamsæfingar og grunnvinnu í persónusköpun. Hver nemandi skapar svo persónur og örsögur og gerir rannsóknarvinnu út frá myndmiðli samtímans. Nemandi gerir vinnubók þar sem líkamstjáning er skoðuð út frá umhverfi, tíma, líkamsstöðu og viðbrögðum persónunnar. Í lok námskeiðs gera nemendur lokaverkefni, dansleikhús („physical theatre“) þar sem danslist, leiklist og myndformið renna saman í eitt án landamæra.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 margbreytileika líkamstjáningar,
 - 1.2 mikilvægi upphitunar í leiklistarvinnu,
 - 1.3 persónusköpun með líkamstjáningu,
 - 1.4 dansleikhúsinu „physical theatre“.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 upphitunaræfingum,
 - 2.2 persónusköpun í dansleikhúsi.
3. Nemandi öðlist hæfni í að:
 - 3.1 setja saman persónulegar upphitunaræfingar,
 - 3.2 gera eigið dansleikhúsmyndverk.

LEH 404 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LEHR4LK4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur: LEH 304
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og mat á kvikmynd.
Bækur/kennsluefni: Valdar danskvikmyndir.

Leikur og hreyfing 4

Námskeiðið er á lokaönn og ætlað sem stuðningsnámskeið við lokaverkefni nemandans. Áhersla er lögð á sjálfstæði í líkamsvitund út frá uppbyggingu líkamans og hreyfigetu, persónusköpun og líkamstjáningu sem nemendur hafa tileinkað sér á síðustu þremur önnum. Nemendur vinna saman að gerð dansmynda þar sem áhersla er lögð á líkamstjáningu, svipbrigði, texta og kvikmyndaformið. Sérstök áhersla er lögð á nærmyndir.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 eigin líkamsvitund,
 - 1.2 gerð dansmynda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:
 - 2.1 vinna með líkama sinn og að undirbúa hann undir margvísleg verkefni.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér þekkingu á líkama sínum og möguleikum hans til túlkunar og tjáningar, til að vinna danskvikmynd þar sem sköpunargáfan nýtur sín til fulls.

LEIKSKÖPUN

LES 104 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LESK4LA4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/kynning
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum, verkefni og skýrsla.
Bækur/kennsluefni: Stanislavski: An introduction, Jean Benedetti/The Great Acting Teachers and their Methods, Richard Brestoff/Viewpoints, Anne Bogart

Leiksköpun 1

Kynntar eru helstu stefnur og stílar í leiktjáningu og leiksköpun. Nemendur eru þjálfaðir í grunnvinnu leikarans, tækni og leiksköpun með hliðsjón af margreyndum aðferðum. Áhersla er lögð á einlægni, trúverðugleika og samstillingu í skapandi vinnu. Námskeiðinu er ætlað að vera bæði fræðilegt og verklegt. Áhersla er lögð á samstillingu í hópi, spunaæfingar út frá líkamlegri nálgun og senuvinnu með og án texta. Í lok námskeiðs vinna nemendur saman hópverkefni og senur. Markmiðið er að nemendur séu meðvitaðir um mikilvægi samhæfingar, hlustunar, samvinnu og agaðra vinnubragða.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 undirstöðuatriðum leiktækni og leiksköpunar,
 - 1.2 helstu stefnum í leiktjáningu og leiksköpun,
 - 1.3 margreyndum aðferðum í leiksköpun,
 - 1.4 mikilvægi samhæfingar, hlustunar og aga.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 spinna, með og án texta,
 - 2.2 ná samstillingu í hópi.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér lærdóm námskeiðsins til að vinna senuvinnu með samnemendum í stórum og smáum hópum.

LES 204 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LESK4LP4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/kynning
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: LES 104
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum, verkefni og skýrsla.
Bækur/kennsluefni: A Practical Handbook For The Actor, Bruder,Chon, Olnek, Pollack og fl. Uta hagen, Respect for Acting, Haskel Frankel/ Directing Actors, Judith Weston

Leiksköpun 2

Námskeiðið er beint framhald af LES 104. Haldið er áfram að þjálfa leikarann í leiktækni og leiksköpun og efla vitund hans um mikilvægi þjálfunar og æfinga í daglegu lífi leikarans. Námskeiðinu er ætlað að vera bæði verklegt og fræðilegt. Áhersla er lögð á virkjun ímyndunarafslins, persónusköpun og líkamlega tjáningu. Markmiðið er að nemendur öðlist aukið sjálfstæði og öryggi í vinnubrögðum. Námskeiðinu lýkur með leiknum senum sem nemendur vinna undir stjórn kennara.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 greiningarvinnu leikarans,
 - 1.2 mikilvægi stöðugar þjálfunar,
 - 1.3 hugtökum leiklistarkennslu og æfinga,
 - 1.4 aðferðum Stanislavski, Meisner, Uta Hagen, o.fl.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 virkja ímyndunaraflíð, skapa persónu og tjá sig með líkamlegri tjáningu,
 - 2.2 nota þau æfingakerfi sem kennd eru á námskeiðinu.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 leika með trúverðugum og faglegum hætti í lokaverkefni námskeiðs.

HÆFNIVIÐMIÐ LEIKSKÖPUNAR

1. Þekking og skilningur
 - 1.1 Nemandi öðlist þekkingu á leiktækni og leiksköpun og skilning á helstu stefnum og hugtökum leiklistarinnar.
2. Hagnýt færni og leikni
 - 2.1 Nemandi öðlist leikni í að glíma við flóknar senur og að takast á við margvíslegar áskoranir sem leikari.
3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni
 - 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að nýta sér þekkingu sína til að vinna sem skapandi listamaður í leiklist.

LES 304 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LESK4LL4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: LES 204
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum, verkefni og skýrsla.
Bækur/kennsluefni: A Practical Handbook For The Actor e. Bruder,Chon, Olnek,Pollack og fl. - Respect for Acting e. Haskel Frankel -Directing Actors e. Judith Weston - The Great Acting Teachers and Their Methods e. Richard Brestoff - How to Stop Acting e. Harold Guskin og Kevin Kline

Leiksköpun 3

Námskeiðið er beint framhald af LES 204. Haldið er áfram að þjálfra leikarann í tækni og leiksköpun þar sem tvinnuð eru saman helstu tækniæfingar sem nemendur unnu með á síðustu tveimur önnum. Áhersla er lögð á samband leikstjórans og leikarans. Námskeiðinu er ætlað að vera bæði verklegt og fræðilegt. Unnið er með spunaæfingar á gólfi og haldið áfram að þróa senuvinnu með texta. Í lok námskeiðs vinna nemendur senur þar sem áhersla er lögð á undirbúning fyrir leikprufur fyrir kvikmyndir eða sjónvarp.

Hæfniviðið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 greiningarvinnu leikarans,
 - 1.2 spuna og tækniæfingum,
 - 1.3 samvinnu leikstjóra og leikara.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 spinna og vinna tæknivinnu,
 - 2.2 vinna með leikstjóra og atvinnuleikara.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 meta þekkingu sína, styrkleika og veikleika,
 - 3.2 vinna af fagmennsku með leikstjóra.

LES 403 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LESK4SV3
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: LES 304
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum, verkefni og skýrsla.
Bækur/kennsluefni: A Practical Handbook For The Actor e. Bruder,Chon, Olnek,Pollack og fl. - Respect for Acting e. Haskel Frankel -Directing Actors e. Judith Weston - The Great Acting Teachers and Their Methods e. Richard Brestoff - How to Stop Acting e. Harold Guskin og Kevin Kline - The Year of The King an Actor's diary e. Antony Sher.

Leiksköpun 4

Námskeiðið er framhald af LES 304. Haldið er áfram að þjálfra leikarann í tækni og leiksköpun. Áhersla er lögð á sjálfstæða og skapandi vinnu leikarans út frá reynslu hans og þjálfun. Rík áhersla er lögð á samband og samvinnu leikarans og leikstjórans. Í fræðilegum fyrirlestrum og með verklegum æfingum vinna leikaranemar undir stjórn leiðbeinanda. Námskeiðið er á lokaönn og ætlað sem stuðningsnámskeið við LOL 208, lokaverkefni nemandans.

Hæfniviðið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 leiktækni og leiksköpun,
 - 1.2 námsefni LES námskeiða síðustu þriggja anna.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 glíma við flóknar senur og margvíslegar áskoranir sem leikari.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 tileinka sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð í listsköpun sinni,
 - 3.2 sýna þroskaðan og faglegan leik í lokaverkefni sínu.

LEIKUR & RÖDD: SÖNGUR

LRS 102 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LRSÖ4RS2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/kynning
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfara/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Complete Vocal Technique e.
Cathrine Sadolin

Leikur og rödd: Söngur 1

Nemendum er kynnt undirstöðuatriði í „Complete Vocal Technique“ söngtækninni. Hún byggist á nokkrum grunnþáttum í raddbeitingu sem í mismunandi samsetningum ná til allra stíltegunda, allt frá klassískum söng til þungarokks. Kenndar eru skjótar og hagnýtar úrlausnir sem virka strax á röddina. Á kynningu flytja nemendur 1–2 sönglög sem hæfa rödd þeirra, með undirleik.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 undirstöðuatriðum CVT tækninnar,
 - 1.2 hugtökum CVT tækninnar,
 - 1.3 raddbeitingu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 nota söngrödd sína þar sem CVT tækni er beitt.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 beita söngrödd sinni á ýmsa vegu.

LRS 202 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LRSÖ4SA2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/kynning
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfara/forkröfur: LRS 102
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Complete Vocal Technique e.
Cathrine Sadolin

Leikur og rödd: Söngur 2

Beint framhald af LRS 102 Söngur. Haldið er áfram að þróa „Complete Vocal Technique“ aðferðina. Nemendur prófa ólíka hluti og eru hvattir til að ögra sjálfum sér í vali á sönglögum. Á kynningu flytja nemendur 1–2 sönglög með undirleik.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 CVT tækninni,
 - 1.2 getu sinni sem söngvara,
 - 1.3 mikilvægi stöðugar raddþjálfunar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 syngja,
 - 2.2 þróa tækni sína og úthald.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 koma fram sem söngvari.

HÆFNIVIÐMIÐ LEIKUR OG RÖDD: SÖNGUR

1. Þekking og skilningur

- 1.1 Nemandi öðlist heildstæða þekkingu á „Complete Vocal Technique“ raddþjálfunarkerfinu,
- 1.2 Nemandi öðlist skilning á rödd sinni og hæfileikum sínum sem söngvari.

2. Hagnýt færni og leikni

- 2.1 Nemandi öðlist færni í að vinna með söngrödd sína á persónulegan og faglegan hátt.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

- 3.1 Nemandi öðlist hæfni til að koma fram sem söngvari og tjá sig á persónulegan og faglegan hátt.

LRS 302 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LRSÖ4SL2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/kynning
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: LRS 202
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Complete Vocal Technique e.
Cathrine Sadolin

Leikur og rödd: Söngur 3

Haldið er áfram að þjálfra söngrödd leikarans og tækni með „Complete Vocal Technique“ aðferðinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð, skapandi vinnubrögð nemenda með vali á ólíkum sönglögum sem byggja upp söngröddina og auka úthald og blæbrigði. Nemandi velur 1–2 sönglög til að flytja á kynningu með undirleik.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 CVT tækninni,
- 1.2 sérstöðu sinnar eigin raddar.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 syngja,
- 2.2 auka úthald og blæbrigði raddar sinnar.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 koma fram sem söngvari.

LRS 402 4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LRSÖ4ST2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/sýning
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: LRS 302
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Complete Vocal Technique e.
Cathrine Sadolin

Leikur og rödd: Söngur 4

Námskeiðið er framhald af LRS 302 þar sem haldið er áfram að þjálfra rödd leikarans og tækni með „Complete Vocal Technique“ aðferðinni. Námskeiðið er stuðningsnámskeið við LOL 208 lokaverkefnið á 4. önn. Litið er yfir farinn veg og rifjuð upp helstu tækniatriði. Nemendur setja sér markmið fyrir önnina og velja hvaða sönglög þau vilja vinna með og þróa fyrir lokatónleika.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 CVT tækninni,
- 1.2 getu sinni og hæfileikum.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 vinna með rödd sína og söngrödd á persónulegan og faglegan hátt.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 koma fram sem syngjandi listamaður, þar sem byggt er á tæknilegum og persónulegum grunni,
- 3.2 nýta sér raddþjálfunarkerfi til að ná betri árangri sem leikari og listamaður.

LEIKUR & RÖDD: TEXTI

LRT 102 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LRTE4RT2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Astundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Íslensk ljóð, Grískir harmleikir, Helgi Hálfðanarson þýddi

Leikur og rödd: Texti 1

Kennari/leiðbeinandi veitir nemendum innsýn í grunnþætti raddbeitingar og textameðferðar með öndunar- og upphitunaræfingum og þjálfar aðferðir sem kveikja líkamsvitund og ímyndunarafli nemenda. Unnið er að uppbyggingu raddarinnar með stuttum textum og ljóðum. Áhersla er lögð á að nemendur séu meðvitaðir um mikilvægi samspils raddar og líkamsbeitingar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 raddbeitingu og textameðferð,
 - 1.2 samspili raddar og líkamsbeitingar,
 - 1.3 öndunar- og upphitunaræfingum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 flytja stutta texta.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér grunnþjálfun í raddbeitingu til að bæta textameðferð sína.

LRT 202 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LRTE4RP2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 75 stundir
Undanfarar/forkröfur: LRT 102
Námsmat: Astundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Shakespeare, valin verk, Helgi Hálfðanarson þýddi

Leikur og rödd: Texti 2

Beint framhald af LRT 102. Haldið er áfram að þjálfa rödd leikarans með öndunar- og raddæfingum og áhersla lögð á samhæfingu ólíkra þátta. Unnið er að uppbyggingu raddarinnar með líkamlegum æfingum, klassískum textum og ljóðum.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 raddbeitingu og textameðferð,
 - 1.2 öndunar- og raddæfingum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 þjálfa röddina á margvíslegan hátt,
 - 2.2 flytja klassíska texta og ljóð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 þróa rödd sína, tækni og úthald.

HÆFNIVIÐMIÐ LEIKUR & RÖDD: TEXTI

1. Þekking og skilningur

1.1 Nemandi öðlist þekkingu á raddbeitingu og textameðferð um leið og hann öðlast skilning á eigin rödd og möguleikum hennar.

2. Hagnýt færni og leikni

2.1 Nemandi öðlist leikni í að vinna með rödd sína sem leikari á faglegan, skapandi og listrænan hátt.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

3.1 Nemandi öðlist hæfni í að vinna með ólík svið raddar sinnar við margvísleg verkefni þar sem hann nýtir þekkingu sína á raddbeitingu og raddtækni til að vinna á faglegan og skapandi hátt.

LRT 302

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LRTE4RS2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: LRT 202
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Shakespeare og Grískir harmleikir í þýðingu Helga Hálfðanarsonar, Valín ljóð.

Leikur og rödd: Texti 3

Haldið er áfram að þjálfra rödd leikarans og tækni. Rík áhersla er lögð á samþættingu raddar, huga og líkamstjáningar og frumkvæði í vinnubrögðum. Unnið er með bundið mál, klassískar leikbókmenntir og texta að eigin vali. Nemandi vinnur í samvinnu við kennara að 3-5 mínútna langri kvikmynd (senu) þar sem leikið er á blæbrigði raddarinnar. Áhersla er lögð á vandaða hljóðupptöku og vinnslu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 raddbeitingu og textameðferð,
- 1.2 mikilvægi stöðugrar raddþjálfunar.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 flytja flókinn leiktexta,
- 2.2 vinna með rödd sína í hljóðupptökum.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 beita rödd sinni á ólíkan hátt eftir viðfangsefnum,
- 3.2 kanna ólík svið raddar sinnar.

LRT 402

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LRTE4RL2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: LRT 302
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: Shakespeare, Helgi Hálfðanarson þýddi, Senur úr íslenskum kvikmyndum.

Leikur og rödd: Texti 4

Nemendur þróa í samráði við kennara eigið upphitunarkerfi sem tengir líkama, huga og rödd. Unnið er með texta úr leikbókmenntunum, Shakespeare og völdum senum úr kvikmyndum með áherslu á samhæfingu ólíkra þátta; andstæður slökunar og spennu. Æfingar á námskeiðinu styðja við vinnu nemenda við lokamynd.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 upphitunar- og tækniæfingum,
- 1.2 raddsviði sínu og hver geta þess er.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 flytja flókinn texta fyrir ólíka miðla,
- 2.2 nota raddþjálfunarkerfi leikarans.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 vinna með rödd sína á faglegan og skapandi hátt sem leikari.

LEIKTÆKNI

HÆFNIVIÐMIÐ LEIKTÆKNI

1. Þekking og skilningur

1.1 Nemandi öðlist þekkingu á leiktjáningu og leiktækni, á ýmsum verkfærum leikarans og því hvernig leiktæknin er undirstaða frelsis í listsköpun leikarans.

2. Hagnýt færni og leikni

2.1 Nemandi öðlist leikni í leiktækniæfingum þar sem unnið er með eigin persónu, reynslu og ímyndunarafli.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

3.1 Nemandi öðlist hæfni til að geta rannsakað og tileinkað sér grunnþætti leiktjáningar, leiktækni og persónusköpunar í vinnu með leiktexta.

LET 104 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LETÆ4PH4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarað/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum, verkefni og skýrsla.
Bækur/kennsluefni: Stanislavski: An introduction e. Jeran Benedetti - The Great Acting Teachers and their Methods e. Richard Brestoff - Leikhús nútímans, höf: Trausti Ólafsson.

Leiktækni 1

Grundvallaratriði leiktækni og leiktjáningar eru kynnt og þjálfuð. Unnið er út frá eigin persónu, reynslu og ímyndunarafli. Áhersla er lögð á einlægni og trúverðugleika í skapandi vinnu leikarans og hvernig hugur, vilji og líkami byggja upp leiktjáningu. Nemendur rannsaka hvaða eiginlegu grunnþættir liggja að baki persónusköpun og vinna með fyrirmyndir og læra að nýta leiktæknina sem undirstöðu í listsköpun sinni. Nemendur vinna undir stjórn kennara að stuttum leikatriðum.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 grunnþáttum leiktjáningar, leiktækni og leiksköpunar,
- 1.2 mikilvægi einlægni og trúverðugleika í skapandi vinnu leikarans,
- 1.3 þeim verkfærum og vinnuferlum sem leikaranum standa til boða,
- 1.4 hvernig leiktæknin er undirstaða frelsis í listsköpun leikarans.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 gera margvíslegar leiktækniæfingar,
- 2.2 vinna með eigin persónu, reynslu og ímyndunarafli í leiktækniæfingum.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 skilja grundvallaratriði leiktækni og geti mátað eigin hæfileika og stöðu út frá þeim skilningi.

LET 204

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LETÆ4LE4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfara/forkröfur: LET 104
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum, verkefni og skýrsla.
Bækur/kennsluefni: A Practical Handbook for the Actor e. Bruder, Chon, Olnek, Pollack og fl. - Directing Actors e. Judith Weston - The Great Acting Teachers and Their Methods e. Richard Brestoff - Stanislavsky: An Introduction e. Jean Benedetti.

Leiktækni 2

Námskeiðið er beint framhald af LET 104 og nemendur vinna áfram með meginatriði leiktækni og leiktjáningar. Rík áhersla er lögð á einlægni og trúverðugleika í skapandi vinnu leikarans. Nemendur halda áfram að rannsaka hvaða grunnþættir liggja að baki persónusköpun í vinnu með leiktexta og senum og hvernig leiktæknin er undirstaða frelsis í listsköpun leikarans. Ítarlega er farið í skipulagt vinnuferli leikarans og hvaða verkfæri standa honum til boða á hverju stigi vinnunnar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grunnþáttum leiktjáningar, leiktækni og leiksköpunar,
 - 1.2 vinnu með leiktexta,
 - 1.3 vinnuferlum leikarans og þeim verkfærum sem honum standa til boða.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 vinna með texta,
 - 2.2 gera tækniæfingar.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 geta rannsakað grunnþætti leiktjáningar, leiktækni og persónusköpunar í vinnu með leiktexta,
 - 3.2 vinna sjálfstætt í leiksköpun sinni.

LET 302

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LETÆ4VL2
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfara/forkröfur: LET 204
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og verkefni.
Bækur/kennsluefni: A Practical Handbook for the Actor e. Bruder, Chon, Olnek, Pollack og fl. - Directing Actors e. Judith Weston - The Great Acting Teachers and Their Methods e. Richard Brestoff - Stanislavsky: An Introduction e. Jean Benedetti.

Leiktækni 3

Námskeiðið er beint framhald af LET 204. Nemendur vinna áfram með meginatriði í leiktækni og leiktúlkun. Rík áhersla er lögð á einlægni og trúverðugleika í skapandi vinnu leikarans og samband leikarans og leikstjórans sérstaklega skoðað. Ítarlega er farið í skipulagt vinnuferli leikarans og hvaða verkfæri standa honum til boða á hverju stigi vinnunnar. Nemendur vinna og æfa með leikstjórnarnemum á 2. önn í senuvinnu og taka upp æfingarferlið og gera nákvæmar áætlanir um eigið vinnuferli í gegnum æfingar. Í lok námskeiðs er kynning á efni og verkferlinu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grunnþáttum leiktjáningar, leiktækni og leiksköpunar,
 - 1.2 vinnu með leiktexta,
 - 1.3 vinnuferlum leikarans og þeim verkfærum sem honum standa til boða.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 vinna með texta,
 - 2.2 gera leiktækniæfingar.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 rannsaka grunnþætti leiktjáningar, leiktækni og persónusköpunar í vinnu með leiktexta,
 - 3.2 vinna sjálfstætt í leiksköpun sinni með leikstjóra.

STOÐGREINAR

HÆFNIVIÐMIÐ STOÐGREINA

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 því hvernig hægt er að nýta sér leiklistarsöguna í skapandi starfi,
 - 1.2 því hvernig nota má óhefðbundnar aðferðir í listsköpun,
 - 1.3 grunnuppbyggingu handrita og helstu hugtökum handritsgerðar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 nota leiklistarsöguna í sköpunarstarfi,
 - 2.2 gera tilraunir í sköpunarstarfi,
 - 2.3 kynna og greina hugmyndir að handritum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér leiklistarsöguna af þekkingu í sköpunarvinnu,
 - 3.2 hugsa „út fyrir boxið“ í sköpunarvinnu,
 - 3.3 færa hugmyndir yfir á handritsform.

LLS 102 3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LLSA4V52
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/kynning
Vinnutími nemenda: 60 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum, leikgjörningum og skýrslu.
Bækur/kennslufni: Leiklistin í veröldinni e. Svein Einarsson - Tóma rýmið e. Peter Brook.

Leiklistarsaga

Leiklistarsagan sem verkfæri leikarans. Yfirlitsáfangi um sögu, hlutverk og áhrif leiklistar allt frá gríska leikhúsinu og fram á okkar daga. Áhersla er lögð á að nemendur nýti leiksköpun sína, leiktjáningu og leiktækni við sögunámið. Því er leiktækni trúðsins og gamanleikarans nýtt sem grunnþjálfun fyrir sjálfstæð vinnubrögð nemenda og leikgjörninga þeirra. Nemandur þurfa að lesa bækur og afla sér heimilda um efnið, skrifa stutta ritgerð og gera kynningarverkefni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 leiklistarsögunni,
 - 1.2 hvernig hægt er að nýta sér leiklistarsöguna sem uppsprettu í skapandi starfi.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 nýta afmarkaða hluta leiklistarsögunnar í persónulegu sköpunarstarfi,
 - 2.2 leita sér þekkingar í sögunni.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér leiklistarsöguna af þekkingu í eigin sköpunarvinnu.

HHO 102

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: HHÖR4GL2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Ástundun og mat á verkefnum.
Bækur/kennsluefni: Ritun kvikmyndahandrita, Anna Rognvaldsdóttir

Handritsgerð

Á námskeiðinu er fjallað um ýmis grundvallarlögmál hefðbundinnar handritsgerðar í kvikmyndagerð. Fjallað verður um uppbyggingu, form og stíl, samtöl, söguþráð og endi. Nemendur læra helstu grundvallaratriði í notkun á handritsforritum. Þeir nemendur sem áhuga hafa á að skrifa sjálfir handritið að lokaverkefni sínu á 4. önn geta nýtt þetta námskeið til undirbúnings.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grunnbyggingu handrits,
 - 1.2 hugtökum handritsgerðar,
 - 1.3 hugmyndavinnu og hópavinnu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 kynna og greina hugmyndir,
 - 2.2 koma hugmynd í handritsform,
 - 2.3 ræða og þróa handrit,
 - 2.4 nota handritsforrit.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 meta og þróa hugmyndir.
 - 3.2 færa hugmyndir yfir í handritsform.

TIR 102

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: TIRA4LG2
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Ástundun, skýrsla og mat á sýningu/verki.
Bækur/kennsluefni: Ljósrit, myndefni og önnur gögn.

Tilraun

Frjáls tími nemenda til að stunda tilraunir. Nemendur eru hvattir til að rannsaka nýjar leiðir til listsköpunar og tjáningar og gera tilraunir með frásagnarformið. Nemendur vinna sjálfstætt að því að segja frá áhrifamiklum atburði í lífi sínu og kynna vinnu sína í lok námskeiðs. Verkið skal vera 5 til 10 mínútna langt og er nemendum frjálst að nota alla þá tækni og aðferðir sem þeir vilja nýta í sköpun sinni; þetta má vera gjörningur, listaverk, tónverk, leikur og tjáning, í myndformi eða lifandi uppákoma eða allt í senn. Nemendur eru hvattir til að vinna saman að samsetningu og framsetningu verkanna á lokasýningu námskeiðs.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 hvernig útvíkka má huga sinn í listsköpun,
 - 1.2 að vinna með óhefðbundar aðferðir og öðlast þannig reynslu.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 tjá sig á nýjan máta hvort heldur með kvikmyndagerð eða öðrum hætti.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 hugsa út fyrir kassa hefðbundinnar kvikmyndagerðar með sjálfstæðri og persónulegri tilraun.

KVIKMYNDAGERÐ & SÝNINGAR

HÆFNIVIÐMIÐ KVIKMYNDAGERÐAR & SÝNINGA

1. Þekking og skilningur

1.1 Nemandi öðlist þekkingu á vinnu leikarans, sem leikari og þátttakandi í tveimur leiknum stuttmyndum, einni leikinni sjónvarpsmynd, einni uppfærslu á leikriti og í kynningarefni fyrir sjónvarpsþætti.

2. Hagnýt færni og leikni í:

- 2.1 að vinna sem leikari í ólíkum verkefnum,
- 2.2 hugmynda- og handritsvinnu ólíkra verkefna,
- 2.3 framleiðslu stuttmynda.

3. Hæfni sem hagnýting þekkingar og leikni

3.1 Nemandi öðlist hæfni til að vinna af fullri fagmennsku sem leikari í margbreytilegum verkefnum.

LOL 106 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LOLV4LK6
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfarað/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Mat á verkefni og skýrsla.
Bækur/kennsluefni: A Practical Handbook for the Actor
e. Bruder, Chon, Olneć, Pollack og fl.

Lokaverkefni 1. önn

Nemandi skal skila kvikmyndaverki, 4–6 mín., þar sem hann er í aðalhlutverki. Æskilegt er að efnið sé frumsamið og hafi skarpa persónusköpun og alvöru texta. Nemendur framleiða verkefnið sjálfir og velja sitt samstarfs- og tæknifólk. Leiðbeinandi verður að samþykka handrit og hefur yfirumsjón með verkefninu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 að vinna kvikmyndaverk frá hugmynd til frumsýningar,
- 1.2 framleiðsluferli kvikmynda,
- 1.3 mikilvægi þess að fá góðan hóp til samvinnu.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:

- 2.1 nýta þekkingu sína sem leikari í kvikmynd,
- 2.2 vinna sem skapandi listamaður í kvikmyndagerð.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 framleiða stutta kvikmynd frá hugmynd til frumsýningar,
- 3.2 vera í burðarhlutverki í kvikmynd.

SJL 103

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: SJLP4HS3
Námskeiðstegund: Bóklegt/verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 80 stundir
Undanfarar/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Samvinna og mat á verkefni.
Bækur/kennslufni: Ljósrit og önnur gögn

Sjónvarpsþættir

Fjallað er um allar helstu tegundir dagskrárgerðar í sjónvarpi; skemmtiþætti, viðtalsþætti, matreiðsluþætti, ferðaþætti, raunveruleikaþætti, getraunaþætti, barnaefni, fréttir, fréttaskýringaþætti, leikið sjónvarpsefni, heimildarmyndir o.s.frv. Nemendum eru kynntar helstu forsendur sem liggja að baki dagskrárgerð í sjónvarpi og samspili tegundar þátta, sýningartíma og markhóps. Þá verða „format“-þættir síðustu ára sérstaklega skoðaðir og reynt að átta sig á hvað liggur að baki því að hugmyndir verða alþjóðlegar. Nemendur vinna hugmyndavinnu að sjónvarpsþáttum og undirbúa, í samstarfi við 2. önn í Leikstjórn og framleiðslu, kynningarefni sem nýtist til að „selja“ fulltrúum íslenskra sjónvarpsstöðva hugmyndirnar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 þáttagerð fyrir sjónvarp með sérstakri áherslu á hlutverki kynna og stjórnaenda,
 - 1.2 hugmyndavinnu og gerð kynningarefnis fyrir sjónvarpsþætti.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 meta og þróa hugmyndir að sjónvarpsþáttum,
 - 2.2 gera kynningarefni fyrir sjónvarpsþætti.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skilja forsendur dagskrárgerðar fyrir sjónvarp,
 - 3.2 máta sig í hlutverkum stjórnaenda og kynna í sjónvarpsþáttum.

LOL 208

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LOLV4KL8
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 240 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Mat á verkefni og skýrslu.
Bækur/kennslufni: The Year Of The King, An actor's Diary e. Antony Sher.

Lokaverkefni 4. önn

Lokaverkefni 4. annar er einstaklingsverkefni að eigin vali unnið í samráði við leiðbeinanda. Hér er um að ræða kvikmyndaverk af einhverju tagi og er æskileg lengd 6 til 15 mínútur. Nemandi er aðalhöfundur verksins. Það þýðir að hugmyndin (má vera byggð á bók, leikverki eða hverju sem nemandi vill nota sem hugmyndakveikju) kemur frá nemandanum. Hann velur sér samstarfsaðila og geta þeir bæði verið fólk innan og utan skólans. Nemandi stýrir einnig öllum verkferlum frá undirbúningi framleiðslu til fullnaðareftirvinnslu. Skilyrði er að nemandi sé í burðarhlutverki í myndinni og gerð er krafa um metnaðarfull vinnubrögð í öllum þáttum vinnslunnar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 framleiðslu metnaðarfulls kvikmyndaverks,
 - 1.2 persónueinkennum sínum sem listamanns,
 - 1.3 persónueinkennum sínum sem stjórnanda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 leika aðalhlutverk í mynd,
 - 2.2 þróa færni sína og leikni sem kvikmyndagerðarmaður.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 gera persónulega kvikmynd sem stenst bæði faglegar og listrænar kröfur,
 - 3.2 vera drifkraftur kvikmyndagerðar þar sem hann ber ábyrgð á öllum þáttum framleiðslu frá hugmynd til frumsýningar, ásamt því að leika aðalhlutverk.

KVIKMYNDAGERÐ & SÝNINGAR

LEI 106 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: LEIS4LL6
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 180 stundir
Undanfara/forkröfur: LOL 106
Námsmat: Mat á þátttöku í spunaverkefnum, umræðum og uppsetningu leikverks.
Bækur/kennsluefni: Valdar leikmyndir skoðaðar

Leiksmiðja/leikhús

Námskeiðið er í samvinnu við handrita- og leikstjórnardeild í námskeiðinu SVI 104. Námskeiðinu er tvískipt; í fyrri hlutanum vinna nemendur ásamt handritshöfundum undir stjórn kennara í spunavinnu að söguþræði og persónusköpun. Höfundarnir skrifa síðan handrit og leikararnir máta textann á vinnsluskeiðinu. Höfundar ljúka síðan verkinu og kynna handrit í lok námskeiðs. Á síðari hluta námskeiðsins vinna nemendur með leikstjóra að uppsetningu verksins á leikviði sem lýkur með sýningu.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 spunavinnu í tengslum við handritsgerð,
 - 1.2 vinnu með handritshöfundum,
 - 1.3 leikhúsvinnu frá æfingaferli til frumsýningar,
 - 1.4 vinnu leikarans á sviði.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 vinna hugmynda- og handritsvinnu,
 - 2.2 vinna undir stjórn leikstjóra,
 - 2.3 vinna í leikhúsi og að vinna með list sína á sviði.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 taka þátt í handritsvinnu með umræðum og spuna,
 - 3.2 leika á sviði.

LSJ 104 3.ÖNN


Nýtt námskeiðsnúmer: LSJL4LS4
Námskeiðstegund: Verklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfara/forkröfur: 2. önn
Námsmat: Ástundun, samvinna og mat á verkefni.
Bækur/kennsluefni: Directing Actors e. Judith Weston

Leikinn sjónvarpsþáttur

Nemendur 3. annar í leiklistardeild vinna samstarfsverkefni með hinum þremur deildunum að tveimur leiknum 15–20 mínútna „pilots“ að leiknum sjónvarpsþáttum. Leiklistarnemendur leika helstu hlutverk í þáttunum en einnig eru ráðnir inn –2 atvinnuleikarar á móti nemendum. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur öðlist reynslu af að vinna með fagfólki að gerð leikins sjónvarpsþáttar og fái innsýn í verkaskiptingu og mikilvægi samvinnu í stóru framleiðsluteymi.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 vinnu sem leikari í stóru framleiðsluverkefni,
 - 1.2 vinnu með atvinnuleikstjóra og leikurum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 vinna sem leikari í sjónvarpsmynd.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 vinna af fullri fagmennsku sem leikari í leikinni sjónvarpsmynd.





ALLAR DEILDIR

KJARNI

Kjarni 30 einingar

Tækni- & myndmálskennsla 3 námskeið.....	14 ein
Kvikmyndaskoðun 5 námskeið.....	10 ein
Samvinna milli deilda 4 námskeið.....	4 ein
Samningar og kjör 1 námskeið.....	2 ein

Kennsluhættir: Tækni- og myndmálsnámið er samspil fyrirlestra og verklegrar vinnu. Kvikmyndaskoðunin eru fyrirlestrar og skriflegar greiningar.

Námsmat: Mat á verkefnum og myndum. Mat á virkni og ástundun. Ritgerðir í skoðun kvikmynda. Mæting og ástundun er metin inn í einkunn.

Prófgráða: Hluti af Diplomu í kvikmyndagerð í öllum deildum.

Lýsing á deild: Kjarninn hefur þrjúþættan tilgang a) Að tryggja að allir nemendur hafi góða grunnþekkingu á tæknibúnaði og myndmáli. b) Að allir nemendur öðlist grunnþekkingu í kvikmyndasögu og skoðun kvikmynda. c) Að trygg samvinna sé á milli deilda í framleiðsluverkefnum. TÆK og MYN eru einnig framleiðslunámskeið þar sem nemendur láta ljós sitt skína í stuttum kvikmyndum. Það er kröftug listsköpun sem á sér stað á mörgum Kjarnanámskeiðunum.

HÆFNIVIÐMIÐ KJARNA

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- 1.1 verkferlum innan skólans,
- 1.2 stramum og stefnum í kvikmyndasögunni,
- 1.3 möguleikum myndmálsins til að þjóna frásögn og andrúmi,
- 1.4 samvinnu í framleiðslu kvikmyndaverka,
- 1.5 kvikmyndagerð nútímans,
- 1.6 grunnbúnaði kvikmyndagerðar, kvikmyndatökuvél, hljóðnema og klippiforriti,
- 1.7 almennum vinnumarkaði.

2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í:

- 2.1 að skipuleggja verkefni sín og nota stoðsvið skólans,
- 2.2 greiningu og skoðun klassískra kvikmynda,
- 2.3 að finna myndrænar úrlausnir á handritstexta,
- 2.4 að beita þekkingu sinni á myndmáli í upptökum,
- 2.5 að bjóða fram starfskrafta sína og að sækja starfskrafta í verkefni,
- 2.6 að vinna með myndmálið á skapandi hátt,
- 2.7 almennri samningagerð á vinnumarkaði.

3. Nemandi öðlist hæfni til að:

- 3.1 skipuleggja sig og nýta vinnuumhverfi skólans,
- 3.2 nýta sér þekkingu sína á lykilverkum og leikstjórum sögunnar til að verða sjálfstæðari og betri kvikmyndagerðarmaður,
- 3.3 vinna með myndmálið á skapandi hátt,
- 3.4 koma sjálfum sér á framfæri,
- 3.5 vinna sem aðstoðarmaður í verkum annarra,
- 3.6 nýta sér þekkingu á kvikmyndagerð samtímans,
- 3.7 semja um sína stöðu á vinnumarkaði að námi loknu.

NÁMSLÍNUR KJARNA

	1. ÖNN	2. ÖNN	3. ÖNN	4. ÖNN
Tæki og tækni, myndmál og meðferð þess & samtíminn	> TÆK 106	> TÆK 204	> MYN 104	> SAT 102
Samstarf milli deilda	> SAM 101	> SAM 201	> SAM 301	> SAM 401
Kvikmyndasaga	> KMS 102	> KMS 202	> KMS 302	> KMS 402
Samningar og kjör	>			> VER 102

KJARNI

TÆK 106 1.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: TÆKN3KV6
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 150 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ástundun og verkefni
Bækur/kennsluefni: Film Directing Shot by Shot: Visualizing from Concept to Screen (Michael Wiese Productions), valið myndefni, ljósrit

Tæki og tækni 1

Námskeiðið er byrjunarnámskeið á 1. önn og markmið þess er að kenna nemendum grunnatriði í framleiðslu kvikmynda og meðhöndlun og notkun tækja- og tæknibúnaðar í kvikmyndagerð. Jafnframt er farið yfir grunnatriði myndmálsins. Námskeiðið er þrískipt:

1. Undirbúningur - Framleiðsla kvikmynda.
2. Tökustaður - Kvikmynda- og hljóðupptaka.
3. Eftirvinnsla - Klipping og frágangur.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 grunnbúnaði kvikmyndagerðar, kvikmyndatökuvél, hljóðnema og klippiforriti,
 - 1.2 myndmálinu,
 - 1.3 framleiðsluferli kvikmynda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 kvikmyndatöku, hljóðvinnslu og klippingu,
 - 2.2 að vinna með myndmálið á skapandi hátt.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 skilja alla helstu grunnþætti kvikmyndagerðar: Tæknibúnað, myndmálið og framleiðsluferlið frá hugmynd til frumsýningar og sé tilbúinn að nýta þá þekkingu í náminu sem fram undan er.

TÆK 204 2.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: TÆKN3KP4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt/framleiðsla
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 106
Námsmat: Ástundun og verkefni
Bækur/kennsluefni: Ljósrit, valið myndefni

Tæki og tækni 2

Námskeiðið er framhaldsnámskeið frá TÆK 106. Markmiðið er að styrkja enn frekar grunnþekkingu nemenda á helstu sviðum kvikmyndagerðar. Hver nemandi gerir síðan mynd sem á að sýna persónulegan stíl og færni nemanda á hans áhugasviði. Myndin á að geta staðið sem kynningarmynd um nemandann.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 tæknibúnaði kvikmyndagerðar,
 - 1.2 hugmyndavinnu og þróun hugmynda.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 kvikmyndatöku, klippingu og hljóðvinnslu,
 - 2.2 hugmyndavinnu og þróun hugmynda.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta þekkingu sína til kvikmyndagerðar,
 - 3.2 leggja mat á sjálfsmynd sína.

MYN 104

3.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: MYND4MM4
Námskeiðstegund: Verklegt/bóklegt
Vinnutími nemenda: 100 stundir
Undanfarar/forkröfur: TÆK 204
Námsmat: Verkefni og ástundun
Bækur/kennslufni: Ljósrit, valið myndefni

Myndmál og meðferð þess

Fjallað er um myndmál og myndbyggingu með því að skoða og skilgreina atriði úr kvikmyndum frá ýmsum tímum. Í samráði við leiðbeinendur sviðsetja nemendur senu úr kvikmynd og skoða hvernig myndmálið hefur áhrif á framgang hennar og upplifun áhorfandans á henni.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 möguleikum myndmálsins til að þjóna frásögn og andrúmi,
 - 1.2 þeim fjölmörgu atriðum sem máli skipta í myndmáli, svo sem myndbyggingu, sjónarhorni, myndskurði, forgrunni, bakgrunni, fókus, fókusdýpt o.fl.,
 - 1.3 að greina myndrænar úrlausnir í senum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 finna myndrænar úrlausnir á handritstexta,
 - 2.2 beita þekkingu sinni á myndmáli í upptökum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 vinna með myndmálið á skapandi hátt,
 - 3.2 skilja þær faglegu kröfur sem gerðar eru til kvikmyndagerðarmanna.

SAT 102

4.ÖNN

Nýtt námskeiðsnúmer: SAT4SF2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur: 3. önn
Námsmat: Kynning og ástundun
Bækur/kennslufni: Valið myndefni

Samtíminn

Fjallað er um kvikmyndagerð nútímans. Hvaða stefnur og straumar hafa verið ríkjandi síðasta áratuginn, hvað er að gerast núna og hvert virðist stefna í nánustu framtíð. Á námskeiðinu er mikið lagt upp úr þátttöku nemenda í að rannsaka og finna svör við þessum spurningum. Hver og einn þeirra þarf að halda kynningu með myndsynishornum, þar sem þeir fjalla um áhrifavalda í samtímanum.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 kvikmyndagerð nútímans,
 - 1.2 eigin stöðu og skoðunum gagnvart kvikmyndagerð nútímans.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 greiningu á straumum og stefnum í kvikmyndagerð,
 - 2.2 að máta sjálfan sig sem listamann í samtímanum.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér þekkingu á kvikmyndagerð samtímans til að verða sjálfstæðari og betri kvikmyndagerðarmaður.

KJARNI

SAM

101, 201, 301, 401

Nýtt námskeiðsnúmer: SAMS4SF1, SAMS4SA1, SAMS4SP1, SAMS4SF1
Námskeiðstegund: Verklegt
Vinnutími nemenda: 120 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Tímaskýrsla
Bækur/kennsluefni:

Samstarf milli deilda

Nemendur í öllum deildum þurfa á hverri önn að skila 1 einingu í samstarfi við aðrar deildir. Markmiðið er að hver deild hafi aðgengi að öllum hinum og upp úr því þróist skapandi samband.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 samvinnu í framleiðslu kvmyndaverka.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 að bjóða fram starfskrafta sína og að sækja starfskrafta í verkefni.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.2 vinna sem aðstoðarmaður í verkum annarra.

KMS

102, 202, 302, 402

Nýtt námskeiðsnúmer: KMSA4KF2, KMSA4KA2, KMSA4KB2, KMSA4KF2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 200 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ritgerð og ástundun
Bækur/kennsluefni: Valið myndefni, Saga kvikmyndalistarinnar, ljósrit

Kvikmyndasaga

Helstu kvikmyndir sögunnar kynntar, sýndar og ræddar. Sýndar eru tíu myndir á hverri önn, alls 40 kvikmyndir. Hver önn er hugsuð sem sneiðmynd af sögunni. Myndirnar eru sýndar að mestu í tímaröð og ná allt frá þögla tímabilinu og fram á seinni hluta tuttugustu aldar.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 kvikmyndasögunni,
 - 1.2 straumum og stefnum í kvikmyndasögunni,
 - 1.3 lykilverkum og leikstjórum sögunnar.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 greiningu kvikmynda,
 - 2.2 að mynda sér persónulega skoðun á klassiskum kvikmyndum,
 - 2.3 að nýta sér söguna í eigin kvikmyndagerð.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 nýta sér kvikmyndasöguna til að verða sjálfstæðari og betri kvikmyndagerðarmaður.

VER 102

4.ÖNN


Nýtt námskeiðsnúmer: VERS4AM2
Námskeiðstegund: Bóklegt
Vinnutími nemenda: 50 stundir
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ástundun og verkefni
Bækur/kennslufni: Ljósrit

Samningar og kjör

Námskeiðinu er ætlað að undirbúa nemendur fyrir þáttöku á atvinnumarkaði. Fjallað er um stofnun fyrirtækja, helstu starfssamninga og skyldur sem þeim fylgja fyrir verktaka og verkkaupa, eða launþega og vinnuveitanda. Farið er yfir opinber gjöld sem standa þarf skil á s.s. virðisaukaskatt, lífeyrissjóðsgjöld, félagsgjöld o.s.fv. Nemendur vinna í hópum, og þróa sínar eigin viðskiptahugmyndir og vinna viðskiptaáætlanir. Á námskeiðinu verður einnig farið í verkefnastjórn, áætlanagerð og styrkumsóknir í samkeppnissjóði. Sérstaklega verða tekin fyrir dæmi úr myndmiðlaiðnaðinum á Íslandi.

Hæfniviðmið

1. Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:
 - 1.1 starfssamningum,
 - 1.2 mismun á verktaka- og launþegasamningum,
 - 1.3 þeim gjöldum sem standa þarf skil á sem verktaki,
 - 1.4 ólíkum rekstrarformum fyrirtækja,
 - 1.5 áætlanagerð og styrkjaumsóknum.
2. Nemandi öðlist hagnýta færni og leikni í að:
 - 2.1 útfyllingu umsókna, eyðublaða og skýrslna.
3. Nemandi öðlist hæfni til að:
 - 3.1 meta stöðu sína á vinnumarkaði og hvaða skyldur hann þarf að uppfylla,
 - 3.2 skilja ólík rekstrarform fyrirtækja, áætlunargerð og verkefnastjórnun,
 - 3.3 semja um sína stöðu að námi loknu.



ALMENNUR HLUTI

HLUTVERK

1. gr.

Kvikmyndaskóli Íslands (KVÍ) er menntastofnun sem sinnir menntun á sviði kvikmyndagerðar. Stefna skólans er að stuðla að uppbyggingu íslensks myndmiðlaiðnaðar með vandaðri kennslu, rannsóknum, fræðslu- og miðlunarstarfi á öllum sviðum kvikmyndagerðar. Markmið skólans er jafnframt að bjóða upp á alþjóðlegt nám í kvikmyndagerð og laða að hæfileikafólk víðs vegar að úr heiminum til að stunda hér nám og störf. Stefna Kvikmyndaskóla Íslands er að komast í röð fremstu kvikmyndaskóla heims.

STJÓRNSKIPULAG

2. gr. Stjórn

Stjórn skólans er skipuð fimm mönnum sem tilnefndir eru af eigendum skólans. Leitast er við að stjórnarmenn séu með ólíkan bakgrunn og tengingar við íslenskt atvinnu- og menningarlíf. Skipunartími stjórnar er tvö ár og hefst starfsár 1. ágúst ár hvert. Tveir áheyrnarfulltrúar sitja fundi stjórnar, annar er fulltrúi kennara tilnefndur af kennarafundi, hinn er fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendafélaginu. Áheyrnarfulltrúar eru tilnefndir til eins árs í senn og skal val þeirra liggja fyrir 1. október ár hvert. Rektor situr fundi stjórnar með málfrelsis- og tillögurétt.

Stjórn Kvikmyndaskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans, mótar framtíðarstefnu, ber ábyrgð á rekstri, bókhaldi og meðferð fjármuna. Stjórn staðfestir rekstrar- og fjárfestingaáætlun fyrir skólann og ársreikning hans. Stjórn ræður rektor að skólanum og leysir frá störfum.

3. gr. Rektor

Rektor ber ábyrgð á rekstri skólans í umboði stjórnar. Hann ber ábyrgð á að starfsemi hans sé í samræmi við hlutverk hans, markmið og gæðakröfur. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum skólans og hefur frumkvæði að endurskoðun skólanámskrár og stöðugu umbótastarfi innan skólans. Rektor ræður forseta deilda og aðra starfsmenn sem heyra beint undir hann og stýrir daglegum störfum þeirra. Ráðning lykilstarfsmanna, svo sem fjármála-, kennslu- eða tæknistjóra skal þó vera í samvinnu við stjórn. Hann leggur fram fjárhags- og rekstraráætlun fyrir stjórn í upphafi hvers reikningsárs og ber ábyrgð á útgáfu skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs. Rektor kemur fram fyrir hönd skólans og er málsvari hans.

4. gr. Skólaráð

Skólaráð er rektor til aðstoðar og ráðgjafar við stjórn skólans. Í skólaráði sitja auk rektors allir deildarforsetar, kennslustjóri og tveir fulltrúar nemenda sem tilnefndir eru af nemendafélaginu. Skólaráð fjallar um starfsáætlun og framkvæmd hennar, um skólareglur, umgengnishætti í skólanum og fleira, sjá nánar rg nr. 140/1997. Skólaráð fundar vikulega á starfstíma skólans.

5. gr. Skólafundir

Haldinn er skólafundur einu sinni á skólaári. Rétt til setu á skólafundi eiga allir

starfsmenn skólans, bæði fastráðnir og lausráðnir. Auk þess skal nemendafélagið skipa tvo nemendur úr hverri deild til að sitja fundi. Á skólafundi skulu rædd öll þau málefni sem rektor, starfsmenn eða nemendur óska og varða starfsemi skólans. Rektor leggur fram dagskrá og stýrir skólafundi.

6. gr. Kennarafundir

Kennarafundir eru haldnir að lágmarki einu sinni á önn. Þar er fjallað um stefnumörkun í starfi skólans, námskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmats. Rétt til setu á kennarafundum eiga allir kennarar og leiðbeinendur sem starfa við skólann og er heimilt að bera þar fram mál. Þeim stundakennurum sem eru í 25% starfi eða meira er skylt að mæta á kennarafundi. Kennarafundur tilnefnir áheyrnarfulltrúa í stjórn skólans.

7. gr. Stoðdeildir

Við Kvikmyndaskóla Íslands eru eftirfarandi stoðdeildir sem bera ábyrgð gagnvart rektor og stjórn, á eftirtöldum verkþáttum í starfsemi skólans: Skólaskrifstofa hefur umsjón með skráningu nemenda, stundaskrá og skipulagi húsnæðis, kennslumati og gæðaeftirliti, námsráðgjöf og alhliða stuðningi við starfsfólk og nemendur skólans. Skrifstofan hefur einnig umsjón með innkaupum á rekstrarvörum og samskipti við samstarfsaðila skólans vegna húsnæðis og almenns reksturs. Yfirmaður skólaskrifstofu ber titilinn kennslustjóri. Undir hann heyrir allt skrifstofufólk og húsverðir. Tæknideild hefur umsjón með öllum tæknimálum skólans. Yfirmaður hennar ber titilinn tæknistjóri og undir hann heyra allir tæknimenn. Tæknideildin gerir tillögur um innkaup á tækjum, sér um uppsetningu og viðhald. Tæknimenn þjónusta nemendur og kennara eftir þörfum. Tæknideildin ber einnig ábyrgð á skipulagi allrar framleiðslu innan skólans og meðhöndlun framleiðsluverkefna. Rektor er yfirmaður stoðdeilda.

8. gr. Deildarforsetar

Forseti deildar fer með faglega stjórn deildar og ber rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor. Deildarforseti skal hafa frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina. Hann ræður kennara og aðra starfsmenn til deildarinnar. Forseti deildar gerir fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi deild sem lögð skal fyrir rektor. Deildarforseti fer með úrskurðarvald innan deildar í málefnum er varða námsferil og námsframvindu nemenda. Nemendur geta skotið ákvörðun deildarforseta til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 10. gr.

9. gr. Kennarar og leiðbeinendur skólans

Við Kvikmyndaskóla Íslands starfa bæði fastráðnir kennarar og stundakennarar. Stærsti hluti kennara eru stundakennarar enda er það meginstefna skólans að kennarar séu virkir og starfandi kvikmyndagerðarmenn og leikarar. Rektor ræður fastráðna kennara að fengnu mati dómnefnda og stundakennara samkvæmt tillögum deildarforseta. Þeir leiðbeinendur sem ekki hafa kennsluréttindi starfa undir sérstöku eftirliti kennslustjóra sem leiðir þá inn í starfið og veitir ráðgjöf.

10. gr. Úrskurðarnefnd í réttindamálum nemenda

Við skólann starfar sérstök úrskurðarnefnd sem fer með æðsta úrskurðarvald innan skólans í agamálum og í málum sem tengjast réttindum nemenda. Nemendur njóta andmælaréttar í samræmi við góða stjórnsluhætti. Í úrskurðarnefnd sitja auk rektors, sem er formaður hennar, tveir deildarforsetar, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda. Fulltrúar kennara og nemenda skulu skipaðir til eins árs í senn og skulu þeir hafa varamenn sem skipaðir eru til jafnlangs tíma. Deildarforsetar kjósa sín á milli hverjir sitja fyrir þeirra hönd sem aðalmenn og hverjir sem varamenn. Fulltrúar kennara skulu kosnir á fyrsta kennarafundi á hausti. Stjórn nemendafélagsins skipar fulltrúa nemenda. Skipunartími skal vera frá 1. október til 1. október. Uni nemandi ekki niðurstöðum úrskurðarnefndar, getur hann skotið erindi sínu til stjórnar skólans. Uni nemandi ekki niðurstöðu stjórnar getur hann sent mál sitt til áfrýjunarnefndar menntamálaráðuneytis.

NÁM OG KENNSLUSKIPULAG

11. gr. Viðurkenning og einingar

Kvikmyndaskóli Íslands starfar með viðurkenningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skólinn notar FEIN-einingar samkvæmt framhaldsskólastiginu en tímaviðmið eru fengin úr ECTS-einingum, þ.e. 25-30 klukkustundir að baki hverri einingu. Þetta á við um öll námskeið skólans. Kvikmyndaskóli Íslands starfar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu.

12. gr. Deildir skólans

Í Kvikmyndaskóla Íslands eru 4 deildir: I. Leikstjórnar- og framleiðsludeild, II. Tæknideild, III. Handrita- og leikstjórnardeild og IV. Leiklistardeild. Hver deild er sjálfstæð skólæining og fer forseti deildarinnar með yfirstjórn hennar sbr. 8. gr. Allar deildir bjóða upp á 2 ára nám, 120 einingar til diplomagráðu. Nemendur þurfa að uppfylla nákvæmlega allar þær kröfur sem hver deild setur og ekki er boðið upp á færslu á milli deilda eftir að nám er hæfið, nema í sérstökum undantekningartilfellum.

13. gr. Inntaka nemenda

Við mat á nemendum inn í skólann er skoðaður bakgrunnur nemenda hvað varðar menntun, atvinnureynslu og lífsreynslu almennt. Reynt er að meta hvernig námið í Kvikmyndaskóla Íslands muni henta viðkomandi nemanda og hversu líklegt sé að nemandi geti náð góðum árangri að námi loknu. Umsækjendur í allar deildir skólans skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Skólanum er þó heimilt að veita inngöngu í skólann umsækjendum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem telst fullnægjandi undirbúningur fyrir nám við skólann. Rektor ákveður samkvæmt umsögn inntökunefndar hvaða nemendum skal veitt innganga í skólann á þessum forsendum. Umsækjendur þurfa að mæta í inntökuvíðtöl. Umsækjendur í deild IV, leiklistardeild, þurfa að þreyta verklegt inntökupróf ásamt viðtölum. Deildarforsetar ásamt völdum kennurum skipa inntökunefndir við skólann. Tekið er við nýnemum inn í skólann bæði á haust- og vorönn. Auglýst skal eftir umsóknum á haustönn eigi síðar en 1. apríl og

skal inntöku vera lokið 10. maí. Auglýst skal eftir umsóknum á vorönn eigi síðar en 1. október og skal inntöku vera lokið 10. nóvember. Hámarksfjöldi í hvern bekk eru 12 nemendur. Leitast skal við að hafa jafnræði kynja í bekkjum.

14. gr. Kennsluskipulag, kennslutími og útskriftir
Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur. Próf og leyfi koma þar til viðbótar þannig að námstími á önn er um 17 vikur. Engin kennsla fer fram á lögboðnum frídögum. Niðurstöður námsmats skulu liggja fyrir innan tveggja vikna eftir útskrift af önn. Við útskrift úr skólanum skulu allar einkunnir og umsagnir liggja fyrir á útskriftardegi. Útskriftir fara fram tvisvar á ári, við lok haustannar í kringum 20. Desember og við lok vorannar í kringum 15. maí. Til að fá brautskráningu þurfa nemendur að hafa lokið öllum námskeiðum samkvæmt námskrá við upphaf náms. Þeir skulu einnig vera að fullu skuldlausir við skólann.

15. gr. Einingakerfi og framvinda náms
Einingakerfi skólans byggir á fein-kerfinu (framhaldsskólalæining) en tekur einnig mið af ECTS-kerfinu (European Credit Transfer System) sem háskólarnir starfa eftir. Vinnutími meðalnemanda er því áætlaður 25 til 30 klst. að baki hverri einingu. Miðað er við að hver kennsluvika sé að meðaltali 2 einingar. Meginreglan er sú að nemandi þarf að ljúka 30 einingum til að flytjast á milli anna. Veikindi eða viðurkennd forföll geta þó skapað undanþágu frá þeirri reglu, þó má aldrei vanta meira en 8 einingar upp á námsárangurinn á hverri önn. Til að útskrifast þarf nemandi að hafa lokið að fullu 120 einingum. Nemandi sem ekki hefur lokið fullnægjandi einingafjölda til að útskrifast hefur rétt til þess að sækja þau námskeið sem upp á vantar á næstu þremur önnum þar á eftir og skal hann þá greiða skólagjöld sem nemur þátttöku hans í þeim námskeiðum. Hann hefur þó ekki forgang í þau námskeið sem eru fullsetin og verður að bíða þar til pláss losnar.

16. gr. Námskrá
Skólinn gefur út endurskoðaða námskrá einu sinni á ári og skal hún liggja fyrir 20. ágúst ár hvert og gilda fyrir tvær annir. Endurskoðunar- og breytingarferli námskrár skal vera frá 1. júní til 20. ágúst. Þar fyrir utan skal námskrá vera óbreytt. Í námskrá skal koma fram uppbygging námsins, röðun námskeiða niður á annir og námskeiðalýsingar. Í námskeiðalýsingum skal koma heiti námskeiðs og auðkenni, lýsing á inntaki námskeiðsins, auk hæfniviðmiða. Áhersla skal lögð á að lýsing á námskeiði sé sem ítarlegust og að samræmi sé á milli lýsingar og þeirrar kennslu sem fer fram. Sú námskrá sem er í gildi þegar nemandi hefur nám við skólann gildir út allt námið, þrátt fyrir að breytingar séu gerðar á námstímanum. Sé vikið frá þeirri reglu skal það vera í fullu samræði við nemendur og yfirvöld menntamála. Námskrá skal birt á vefsvæði skólans.

17. gr. Kennarar og kennsla
Stærsti hluti kennara og leiðbeinenda við skólann eru stundakennarar en aðalstarf þeirra er á einhverju sviði kvikmyndagerðar, söngs eða leiklistar. Þær kröfur eru gerðar

til stundakennara og leiðbeinenda að þeir séu með menntun og/eða mikla reynslu á því sviði sem þeir kenna á og að þeir séu virkir í greininni. Þeir verða að hafa ótvíræða kennsluhæfileika og vera tilbúnir að tileinka sér þær kennsluáðferðir sem skólinn vinnur eftir. Aðilar með kennararéttindi ganga að öllu jöfnu fyrir um störf. Um fastráðna kennara gildir það sem fram kemur í 9. gr. Kennarar skulu leggja fram kennsluáætlun til samþykktar hjá deildarforseta a.m.k. 2 vikum fyrir upphaf kennslu. Í henni skal koma fram eftirfarandi:

1. Lýsing á námskeiðinu samkvæmt námskrá. Bein lýsing úr námskrá skal fylgja með.
2. Upplýsingar um kennara, fyrirlesara og gesti.
3. Upplýsingar um tímaætlun samkvæmt stundaskrá, ásamt lýsingu á því hvað verður kennt í hverjum tíma fyrir sig.
4. Lýsing á því hvaða námsgögn kennari mun styðjast við.
5. Bækur, myndir og ítarefni sem kennari mun nota eða vísa til.
6. Ákveðin tímasetning á prófum/verkefnaskilum.
7. Lýsing á því hvernig árangur nemenda mun verða metinn.

18. gr. Gæði kennslu

Innra mat

Gæðakerfi KVÍ er sífellt í mótun en markmiðið er að vinna að stöðugu umbótaferli í skólastarfinu. Unnið hefur verið að uppfærslu kerfisins fyrir þessa útgáfu námskrár þar sem reynt er að festa betur í sessi áherslupunkta í innra mati. KVÍ leggur áherslu á stöðugt endurmat innra starfs og fylgir í því skyni ferli sem meðal annars felur í sér;

- a) árlega endurskoðun námskrár,
- b) eftirfylgni með skólastarfi og skuldbindingu þess við hæfniviðmiði í námskrá,
- c) greiningu á námsárangri, matsaðferðum kennara og dreifingu einkunna,
- d) greiningu á mati nemenda á gæðum kennslu og skólastarfs,
- e) vandað mat á bakgrunni nemenda sérstaklega þegar heimilaðar eru undanþágur frá stúdentsprófskröfu,
- f) eftirfylgni með vönduðu starfsmannavali, að starfsfólk sé alltaf valið á grundvelli styrkleika - menntunar, reynslu og árangurs í faginu,
- g) mat á vinnuumhverfi og búnaði nemenda og kennara,
- h) vandað innleiðingakerfi kennara og leiðbeinenda.

Rektor er gæðastjóri skólans og ber hann ábyrgð á faglegri framkvæmd á endurskoðun námskrár, reglubundnum úttektum á öllum þáttum gæðakerfis skólans og upplýsingagjöf til nemenda, starfsfólks og mennta- og menningarmálaráðuneytis, eftir því sem við á.

Þættir sem varða framvindu náms, líðan nemenda (t.d. eineltismál) og vandamál sem kunna að koma upp í daglegu starfi eru hluti af vikulegum deildarforsetafundum, þar sem farið er yfir stöðuna í öllum bekkjum skólans. Leitast er við að finna lausnir á öllum vandamálum svo fljótt sem verða má. Gæðakerfi skólans er í stöðugri þróun og mótun. Allt starfsfólk skólans er upplýst um gæðaáherslur og þjálfað til að vinna í anda stöðugra umbóta í anda gilda Kvikmyndaskóla Íslands.

19. gr. Ástundun náms

Kvikmyndaskólinn gerir kröfu um fulla mætingu í alla tíma og fullnægjandi skil allra verkefna. Séu fjarvistir, þar með talið vegna veikinda, umfram 20% af heildarfrjölda kennslutíma telst nemandi fallinn á námskeiðinu. Sé um að ræða sérstakar og óviðráðanlegar ástæður getur nemandi sótt um undanþágu frá þessari reglu til deildarforseta. Í erindi skal koma fram haldbær skýring á fjarvistum nemanda og tillögur um hvernig hann hyggst koma til móts við kröfur námskeiðsins. Þurfi að gera sérstakt verkefni, eða bæta nemanda upp kennslu með einhverjum hætti skal nemandi greiða fyrir það sérstaklega.

20. gr. Námsmat

Námsmat fylgir hverju námskeiði í skólanum þar sem metin er staða og árangur nemandans. Niðurstöður námsmats eru samsettar úr einkunnargjöf og skriflegum umsögnum um verkefni og vinnu nemandans. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10, þar sem eftirfarandi forsendur liggja að baki tölum:

- 10 fyrir fullkomin tök á efninu og framúrskarandi úrlausnir.
- 9-9,5 fyrir framúrskarandi skilning og færni.
- 8-8,5 fyrir góða þekkingu og skilning.
- 7-7,5 fyrir greinargóða þekkingu.
- 5,5-6,5 fyrir sæmilega þekkingu á grundvallaratriðum.
- 5 fyrir lágmarksþekkingu á grundvallaratriðum.
- 0-4,5 fyrir óviðunandi úrlausn.

Skriflegar umsagnir skulu vera að lágmarki fimm málsgreinar og skulu þær bæði beinast að verkefnum sem um er fjallað og persónulega að nemandanum. Áhersla skal lögð á að umsagnir fjalli bæði um veikleika og styrkleika og að þær séu uppbyggilegar fyrir nemandann.

Í einstökum námskeiðum þar sem ekki er um eiginleg verkefnaskil eða próf að ræða er heimilt að námsmat sé gefið til kynna með bókstöfum í stað tölustafa: „S“ fyrir „staðist“ og „F“fyrir „fall“.

Kennari ræður námsmati og gefur einkunnir nema dómnefnd eigi í hlut. Í kennsluáætlun sem afhent er í upphafi námskeiðs skal greina nákvæmlega hvernig staðið verður að námsmati og um vægi þeirra þátta sem eru forsendur matsins. Eftirfarandi þættir skulu hafðir til hliðsjónar við mat á framleiðslu/kvikmyndum nemenda:

- Ástríða nemandans gagnvart verkinu og ástundun.
- Skipulag og skil.
- Tæknilegir þættir verks.
- Listrænir þættir verks.
- Atriði sem nemandi vill leggja áherslu á sem sitt sérsvið.

Niðurstöður námsmats skulu liggja fyrir innan tveggja vikna frá því námsmat fór fram sbr 15. gr. Allir nemendur eiga rétt á því að fá útskýringar á þeim forsendum sem liggja að baki einkunnargjöf innan 15 daga frá því einkunn var birt. Uni nemandi ekki mati kennara getur hann vísað máli sínu til deildarforseta. Telji hann ástæðu til þá má skipa utanaðkomandi prófdómara. Úrskurður hans er þá endanlegur.

21. gr. Um fall, endurtökurétt og fyrningu náms

Nemandi sem stenst ekki próf eða fellur í verkefnum, en hefur fullnægjandi ástundun í námskeiði, er heimilt að endurtaka prófið eða verkefnið. Sækja þarf um slíkt til deildarforseta innan tíu daga eftir að einkunn er birt. Falli nemandi á endurtekningaprófi/verkefni getur hann sótt um að endurtaka það í annað sinn með beiðni til deildarforseta innan 10 daga frá því einkunn birtist. Þau takmörk eru að nemandi getur ekki þreytt lokapróf/verkefni oftari en þrisvar í sama námskeiði. Endurtökupróf/verkefni skal halda eins fljótt og auðið er og aldrei síðar en 4 vikum eftir að falleinkunn er birt.

Skólinn innheimtir sérstakt prófgjald fyrir endurtöku- og sjúkrapróf sem og vegna verkefna sem eru endurtekin. Upphæð gjaldsins skal miðast við raunkostnað skólans sem fellur til vegna endurtekningarinnar. Nemandi sem fellur á námskeiði vegna ófullnægjandi mætingar getur fengið heimild til að sitja námskeiðið á nýjan leik. Hann verður þá að biðja eftir því að námskeiðið sé haldið á ný og hann nýtur ekki forgangs sé bekkurinn fullsetinn. Nemandi sem skilar ekki verkefnum á réttum tíma og hefur ekki fengið framlengdan skilafrest, eða mætir ekki í próf og boðar ekki forföll, telst hafa lokið verkefni eða prófi með falleinkunn. Nemandi sem ekki mætir til prófs eða skilar ekki verkefnum, vegna veikinda eða annarra samþykktara ástæðna skal tilkynna forföll áður en próf hefst eða skilafrestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út. Annars telst nemandinn hafa þreytt próf eða lokið verkefni með falleinkunn. Það sama gildir vegna veikinda barns nemanda. Ljúki nemandi ekki námi að liðnum eðlilegum námstíma, þá gildir hver einstök einkunn hans í fimm ár frá þeim tíma sem hefðu átt að teljast eðlileg námslok. Eftir þann tíma verður hann að endurtaka sömu eða sambærileg námskeið.

22. gr. Móttökuáætlun

Nemandi sækir um rafrænt á neti og gefur þar upplýsingar um bakgrunn og hæfni. Þegar nemandi skilar inn umsókn er honum þökkun þátttakan og gefnar upplýsingar um hvenær inntökuvíðtöl eða próf verða haldin. Að loknum inntökuvíðtölum og prófum fá allir umsækjendur svar um hvort þeir hljóta skólavist. Sem hluti af skólasetningu er sérstök kynning á húsnæði, kennsluáðstöðu og umgengnisvenjum. Inn í nýnemakennslu fyrstu vikunnar er tvínað hópefli af ýmsu tagi. Markmiðið er að nemendur nái skjótt að tengjast inn í hópinn og að nýta sér aðstöðu skólans. Móttaka kennara/leiðbeinanda er að ráðning fer í gegnum deildarforseta með samþykki rektors. Áður en kennsla hefst fundar hann með kennslustjóra, sem metur hjá honum áætlanir og lætur hann hafa kynningargögn.

ALMENN STARFSEMI

23. gr. Skólareglur

Öllum nýnemum skulu kynntar rækilega almennar umgengnisreglur skólans strax við upphaf náms. Þessar reglur eru eftirfarandi:

1. Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal höfð að leiðarljósi í samskiptum nemenda og starfsfólks og alls staðar þar sem komið er fram í nafni skólans. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að varpa ekki rýrð á heiður hans.
2. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu og annarrar starfsemi á dagskrá skólans. Í námskeiðum þar sem er mætingarskylda skal nemandi sækja a.m.k. 80% tímana til að hafa rétt til útskriftar af námskeiði.
3. Nemendur skulu sýna góða umgengni í skólanum og á lóð hans.
4. Reykingar eru óheimilar í húsnæði og á lóð skólans. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í húsakynnum skólans.
5. Óheimilt er að neyta matar og drykkjar í kennslu- og vinnslustofum.
6. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á verðmætum sínum.
7. Spjöll sem nemendur kunna að vinna á húsnæði skólans eða eigum hans skulu þeir bæta að fullu.
8. Brot á reglum þessum geta leitt til brottvikningar úr skóla.

24. gr. Brottvikning nemanda

Brjóti nemandi alvarlega af sér varðandi reglur skólans, falli á mætingu eða í prófum þá er heimilt að víkja honum úr skóla. Endanleg brottvikning er á ábyrgð rektors og skal hann leita umsagnar úrskurðarnefndar agamála, sjá 10. gr., áður en til hennar kemur. Nemandi skal veitt skrifleg áminning áður en til brottvikningar kemur og honum veittur tími til andmæla.

25. gr. Forvarnir og heilsusamlegir lífshættir

Kvikmyndaskólinn leggur áherslu á heilbrigða lífshætti í starfsemi sinni.

26. gr. Jafnrétti

Kvikmyndaskóli leggur á það áherslu í sinni starfsemi að jafna hlut karla og kvenna í iðnaðinum. Til þess að nálgast þetta markmið þá er það markmið allra deilda að jafnt kynjahlutverk sé, bæði meðal nemenda og kennara. Kennurum/leiðbeinendum er gert að beina sérstakri hvatningu til kvenkynsnema, auk þess að gera kvikmyndagerð kvenna hátt undir höfði.

27. gr. Umhverfismál

Mikil áhersla er lögð á orkusparnað og rafrænar leiðir í kennslu sem og við framleiðslu kvikmyndaverka. Einnig leggur skólinn áherslu á flokkun sorps og endurvinnslu.

28. gr. Áætlun gegn einelti

Rektor, kennslustjóri og viðkomandi deildarforseti skipa eineltisteymi skólans. Úrvinnsla eineltismála þarf að vera þannig að bæði þolendur og gerendur megi vel við una en þannig er dregið úr þeirri hættu að einelti komi aftur upp. Fyllsta

trúnaðar skal ætíð gætt við meðferð eineltismála. Þegar eineltismál kemur upp er mikilvægt að viðkomandi starfsmaður eða nemandi sem kemst að málinu, komi því til deildarforseta eða kennslustjóra/námsráðgjafa skólans. Meti þeir það svo að þörf sé að virkja eineltisteymi skal það gert hið fyrsta. Rektor tekur þá við stjórn málsins og stýrir teyminu. Kennslustjóri/námsráðgjafi er sérstakur fulltrúi þolanda í eineltismáli. Eftirfarandi aðgerðaráætlun fer í gang:

1. Farið er strax í ítarlega könnun á málinu og alvarleiki þess metinn. Haldnir eru fundir með öllum þeim sem að málinu koma. Allt ferlið er nákvæmlega skráð.
2. Teymið ákveður næsta stig eftir eðli hvers máls. Það getur verið hópfundur í bekk, sérstakir fundir með gerendum og þolendum, skipulagt hópstarf með gerendum eineltis og sjálfstyrking þolenda eineltis.
3. Eineltisteymi fylgist með framgangi málsins og tekur það til endurmats ef þurfa þykir. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skólans skal leitað til sérfræðinga.

29. gr. Áfallaáætlun

Rektor og kennslustjóri bera ábyrgð á viðbrögðum við áföllum sem nemendur eða starfsmenn verða fyrir í skólastarfinu, svo sem slysum, veikindum, sjúkdómum eða andlátum. Leita skal til aðstoðar sérfræðinga ef þörf er talin á.

30. gr. Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er kynnt í upphafi skólalohalds og útgönguleiðir eru kynntar á kortum og skiltum í skólanum.

31. gr. Siðareglur

Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skulu höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum innan skólastarfsins, bæði meðal nemenda, starfsfólks og milli allra hópa. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að kasta ekki rýrð á orðstír hans.

Kennarar/leiðbeinendur virði réttindi nemenda sinna og hafi hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Kennarar/leiðbeinendur gæti þess að mismuna ekki nemendum og nemendur ekki kennurum, til dæmis vegna kyns, kynþáttar, þjóðernis, trúarbragða, kynhneigðar, aldurs, fötlunar eða skoðana.

Kennarar/leiðbeinendur geri sér ljósa valdastöðu sína í samskiptum við nemendur og gæti þess að misnota hana ekki.

Nemendur sýni kennurum sínum kurteisi og tillitssemi, hlíti sanngjörnum fyrirmælum þeirra og séu heiðarlegir í samskiptum við þá.

Kennarar/leiðbeinendur og starfsfólk gæti trúnaðar við nemendur. Þeir sýni fyllstu aðgát hvenær sem málefni þeirra eru til umræðu og gæti þess að gögn um nemendur komist ekki í hendur óviðkomandi.

32. gr. Samskipti við aðra skóla héraendis og erlendis

Kvikmyndaskóli Íslands leitast við að vera í nánum samskiptum við öll skólastig í íslensku menntakerfi. Hann hefur unnið með öllum skólastigum, frá leikskóla og upp í háskóla. Markmið skólans er að stuðla að kvikmyndakennslu sem víðast í íslensku skólakerfi. Kvikmyndaskóli Íslands er meðlimur í alþjóðasamtökum kvikmyndaskóla, CILECT, og tekur þar þátt í alþjóðlegu starfi, nemenda- og kennaraskiptum, námsstefnum, kvikmyndahátíðum og fleiru.

33. gr. Upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans

Kínema er nemendafélag Kvikmyndaskóla Íslands. Stjórn félagsins skipar 1 fulltrúa á vikulegum deildarforsetafundum. Hluti af staðfestingargjöldum nýnema rennur til reksturs Kínema.

34. gr. Húsnæði og aðstaða

Kennslan í skólanum fer fram í kennslustofum, fyrirlestrarsölum, hljóðupptökuveri, stúdíói og tæknirýmum. Sýningar á verkefnum og kvikmyndasaga fara fram í Bíó Paradís. Allar deildir hafa aðgang að tækjaleigu Kvikmyndaskóla Íslands. Þar er að finna víðtækt úrval af ljósum, upptökuvélum, hljóðupptökutækjum og tæknibúnaði. Þá er skólinn einnig í nánu samstarfi við helstu tækjaleigur landsins.

35. gr. Réttindamál

Allt myndefni sem framleitt er í skólanum er eign Kvikmyndaskóla Íslands og skólinn hefur rétt til þess að birta það og gefa út, undir nafni skólans í öllum birtingarmiðlum. Komi til sýninga eða sölu á efninu til þriðja aðila skulu þeir nemendur eða aðrir sem eiga höfundarvarinn þátt í framleiðslunni veita formlega heimild fyrir birtingunni. Nemendur sem óska eftir að sýna myndir sínar hjá þriðja aðila verða að fá formlega heimild hjá Kvikmyndaskóla Íslands til þess.

NÝ NÁMSKEIÐSHEITI

DEILD 1: LEIKSTJÓRN - FRAMLEIÐSLA

Námskeið	Eldra heiti	Nýtt heiti	Áhersla
Leikstjórn 1	LST 103	LSTJ4LT3	Leikaraleikstjórn og tækniæfingar
Leikstjórn 2	LST 205	LSTJ4KL5	Kvikmyndaleikstjórn og leikarar
Leikstjórn 3	LST 303	LSTJ4KS3	Kvikmyndaleikstjórn og stíltegundir
Leikstjórn 4	LST 404	LSTJ4LL4	Leikstjórn og lokaverkefni
Framleiðsla 1	FRL 103	FRLE4FU3	Framleiðsla og undirstöðuatriði
Framleiðsla 2	FRL 203	FRLE4FÁ3	Framleiðslutímabil og áætlanagerðir
Framleiðsla 3	FRL 302	FRLE4FK2	Fjármögnun, kostnaður, markaðsetning
Framleiðsla 4	FRL 402	FRLE4FL2	Framleiðsla lokaverkefnis og upprifjun
Handrit 1	HAN 101	HAND4GU1	Grundvallarlögmál og uppbygging handrits
Handrit 2	HAN 203	HAND4MP3	Meginreglur og persónusköpun
Handrit 3	HAN 302	HAND4Sp2	Stuttmyndahandrit þróað og unnið
Handrit 4	HAN 402	HAND4HU2	Handrit að útskriftarmynd
Myndræn frásögn 1	MFA 102	MFAS4MG2	Myndmál og greining
Myndræn frásögn 2	MFA 202	MFAS4MM2	Myndmál og merking
Tilraun	TIL 102	TILR4TF2	Tilraunir með frásagnarformið
Stoðnámskeið	STO 103	STOÐ4SU3	Stuðningur við útskriftarverkefni
Listasaga 1	LIS 102	LIST4LK2	Listasagan og kvikmyndir
Listasaga 2	LIS 202	LIST4MK2	Myndlist og kvikmyndir
Tónlistarmyndbönd	TÓN 103	TÓN4TG3	Tónlistarmyndbönd og gerð
Sjónvarpsþættir	SJÓ 103	SJÓN4HS3	Hugmyndir fyrir sjónvarp
Fjólkameruvinnsla	FJÓ 106	FJÖL4FG6	Fjólkameruþættir og gerð
Heimildarmyndir	HEM 104	HEMI4HG4	Heimildarmyndir og gerð
Auglýsingar	AUG 103	AUGL4AG3	Auglýsingar og gerð
Leikinn sjónvarpsþáttur	LSJ 105	LSJF4FK5	Framleiðsla og gerð kynningarþáttar
Lokaverkefni 1	LOK 106	LOKA4KL6	Kvikmyndaverk, leikstjórn og framleiðsla
Lokaverkefni 2	LOK 208	LOKA4ÚL8	Útskriftarmynd, leikstjórn og framleiðsla
Stuttmynd	STU 106	STUT4SH6	Stuttmynd eftir eigin handriti

DEILD 2: SKAPANDI TÆKNI

Námskeið	Eldra heiti	Nýtt heiti	Áhersla
Kvikmyndataka 1	KVM 104	KVMY4TL4	Taka og ljós
Kvikmyndataka 2	KVM 204	KVMY4TF4	Taka og frásögn
Kvikmyndataka 3	KVM 305	KVMY4TP5	Taka og pilot
Kvikmyndataka 4	KVM 404	KVMY4TÚ4	Taka og útskriftarverkefni
Hljóð 1	HLE 104	HLED4HE4	Hljóðvinnsla og eðlisfræði
Hljóð 2	HLE 205	HLED4HU5	Hljóðvinnsla og upptökur
Hljóð 3	HLE 304	HLED4HT4	Hljóðvinnsla og talsetning
Hljóð 4	HLE 403	HLED4HÚ3	Hljóðvinnsla og útskriftarverkefni
Klipping1	KLM 104	KLMP4KT4	Klipping og tækni
Klipping2	KLM 204	KLMP4KF4	Klipping og frásögn
Klipping3	KLM 304	KLMP4KP4	Klipping og Pilot
Klipping4	KLM 404	KLMP4KÚ4	Klipping og útskriftarverkefni
Myndbreyting 1	MBR 102	MBRE4MG2	Myndbreyting og grunntækni
Myndbreyting 2	MBR 204	MBRE4MS4	Myndbreyting og skjásamsetning
Myndbreyting 3	MBR 306	MBRE4ML6	Myndbreyting og litgreining
Myndbreyting 4	MBR 403	MBRE4MÚ3	Myndbreyting og útskriftarverkefni
Ljósmyndun	LJÓ 101	LJÓŠ4LT1	Ljósmyndun og tækni
Framleiðsla	FRT 102	FRTL4FU2	Framleiðsla og undirbúningur
Leikmynd	LEB 104	LEBM4LH4	Leikmyndagerð og hönnun
Handritsgerð	HHO 102	HHOR4GL2	Handritsgerð
Listasaga 1	LIS 102	LIST4LK2	Listasagan og kvikmyndir
Listasaga 2	LIS 202	LIST4MK2	Myndlist og kvikmyndir
Lokaverkefni 1	LHO 106	LHOV4LS6	Lokaverkefni og sköpun
Lokaverkefni 2	LHO 208	LHOV4LÚ8	Lokaverkefni og útskrift

DEILD 3: HANDRIT - LEIKSTJÓRN

Námskeið	Eldra heiti	Nýtt heiti	Áhersla
Leikin bíómynd 1	BÍÓ 103	BÍÓM4GT3	Grunnreglur handrit fullri lengd, treatment gerð
Leikin bíómynd 2	BÍÓ 202	BÍÓM4HÚ2	Handrit í fullri lengd þróað, útlína
Leikin bíómynd 3	BÍÓ 306	BÍÓM4FH6	Skrif fyrstu drögum handrits, vinnusmiðja
Leikin bíómynd 4	BÍÓ 405	BÍÓM4EH5	Endurskrif handrit fullri lengd, vinnusmiðja
Leikstjórn 1	LST 103	LSTJ4LT3	Leikaraleikstjórn og tækniæfingar
Leikstjórn 2	LST 205	LSTJ4KL5	Kvikmyndaleikstjórn og leikarar
Leikstjórn 3	LST 303	LSTJ4KS3	Kvikmyndaleikstjórn og stefnur
Leikstjórn 4	LST 404	LSTJ4LL4	Leikstjórn og lokaverkefni
Myndræn frásögn 1	MFA 102	MFAS4MG2	Myndmál og greining
Myndræn frásögn 2	MFA 202	MFAS4MM2	Myndmál og merking
Lög og reglur	LOR 104	LORE4GU4	Grundvallarlögmál og uppsetning handrita
Leikinn sjónvarpsþáttur	LSP 104	LSPÁ4SV4	Sjónvarpsþáttgerð, vinnusmiðja
Leikrit/svið	SVI 104	SVID4LL4	Leikritagerð og leiksmiðja
Tegundir leikins sjónvarpsfenis	TLS 102	TLSJ4GV2	Grundvallarlögmál sjónvarps, vinnusmiðja
Heimildarmyndir	HEH 102	HEHM4SH2	Form og saga heimildarmynd, handritsgerð
Aðlögun	AÐL 102	AÐLÓ4AH2	Aðlögun efnis í mynd, handritsgerð
Hugmyndir 1	HUG 101	HUGM4SS1	SKöpunarferli og skipulagsferli hugmynda
Hugmyndir 2	HUG 202	HUGM4HH2	Hugmyndavinna, handrit að lokaverkefni
Listasaga 1	LIS 102	LIST4LT2	Listir og tímabil
Listasaga 2	LIS 202	LIST4LK2	Listir og kvikmyndir
Framleiðsla	FRH 102	FRHL4FU2	Framleiðsla, hlutverk og undirstöðuatriði
Lokaverkefni 1	LOH 106	LOHV4LH6	Kvikmyndaverk, leikstjórn og handrit
Lokaverkefni 2	LOH 206	LOHV4KH6	Kvikmyndaverk, heimildarmynd
Lokaverkefni 3	LOH 306	LOHV4AK6	Aðlagð kvikmyndaverk, leikstjórn og handrit
Lokaverkefni 4	LOH 408	LOHV4LH8	Útskriftarmynd, leikstjórn og handrit

DEILD 4: LEIKLIST

Námskeið	Eldra heiti	Nýtt heiti	Áhersla
Leikur og hreyfing 1	LEH 103	LEHR4LL3	Leikur og líkamstjáníning
Leikur og hreyfing 2	LEH 204	LEHR4LD4	Líkamstjáníning og dans
Leikur og hreyfing 3	LEH 304	LEHR4LS4	Líkaminn í samtímanum
Leikur og hreyfing 4	LEH 404	LEHR4LK4	Líkami og kvikmyndaformið
Leiksköpun 1	LES 104	LESK4LA4	Leiktjáníning og aðferðir
Leiksköpun 2	LES 204	LESK4LP4	Leiktækni og þjálfun
Leiksköpun 3	LES 304	LESK4LL4	Leiktækni og leikstjórn
Leiksköpun 4	LES 403	LESK4SV3	Sjálfstæð vinnubrögð
Leikur og rödd: Söngur 1	LRS 102	LRSÓ4RS2	Raddbeiting og söngur
Leikur og rödd: Söngur 2	LRS 202	LRSÓ4SA2	Söngur og aðferðir
Leikur og rödd: Söngur 3	LRS 302	LRSÓ4SL2	Söngródd leikarans
Leikur og rödd: Söngur 4	LRS 402	LRSÓ4ST2	Söngur og tónleikar
Leikur og rödd: Texti 1	LRT 102	LRTE4RT2	Rödd og textameðferð
Leikur og rödd: Texti 2	LRT 202	LRTE4RP2	Raddbeiting og þjálfun
Leikur og rödd: Texti 3	LRT 302	LRTE4RS2	Rödd og samhæfing
Leikur og rödd: Texti 4	LRT 402	LRTE4RL2	Rödd og leikbókmenntir
Leiktækni 1	LET 104	LETÆ4PH4	Persónuleg hæfni
Leiktækni 2	LET 204	LETÆ4LE4	Leiktjáníning og einlæggni
Leiktækni 3	LET 302	LETÆ4VL2	Vinnuferli leikarans
Leiklistarsaga	LLS 102	LLSA4VS2	Verkfæri sögunnar
Handritsgerð	HHÖ 102	HHÖR4GL2	Grunnur og lögmál
Tilraun	TIR 102	TIRA4LG2	Listsköpun og gjörmingar
Leiksmiðja/leikhús	LEI 106	LEIS4LL6	Leikrit á leiksviði
Leikinn sjónvarpsþáttur	LSJ 104	LSJL4LS4	Leikur fyrir sjónvarp
Lokaverkefni 1	LOL 106	LOLV4LK6	Leikarinn í kvikmynd
Lokaverkefni 2	LOL 208	LOLV4KL8	Kvikmyndaverk leikarans
Sjónvarpsþættir	SJL 103	SJLP4HS3	Hugmyndir fyrir sjónvarp

NÝ NÁMSKEIÐSHEITI

KJARNI

Námskeið	Eldra heiti	Nýtt heiti	Áhersla
Tæki og tækni 1	TÆK 106	TÆKN3KV6	Kvikmyndagerð
Tæki og tækni 2	TÆK 204	TÆKN3KP4	Kvikmyndagerð og persónulegur still nemenda
Myndmál og meðferð þess	MYN 104	MYND4MM4	Myndmál
Samtíminn	SAT 102	SAT14SF2	Samtíminn og framtíðin
Samstarf milli deilda 1	SAM 101	SAMS4SF1	Samvinna fyrsti hluti
Samstarf milli deilda 2	SAM 201	SAMS4SA1	Samvinna annar hluti
Samstarf milli deilda 3	SAM 301	SAMS4SP1	Samvinna þriðji hluti
Samstarf milli deilda 4	SAM 401	SAMS4SF1	Samvinna fjórði hluti
Kvikmyndasaga 1	KMS 102	KMSA4KF2	Kvikmyndasaga fyrsti hluti
Kvikmyndasaga 2	KMS 202	KMSA4KA2	Kvikmyndasaga annar hluti
Kvikmyndasaga 3	KMS 302	KMSA4Kþ2	Kvikmyndasaga þriðji hluti
Kvikmyndasaga 4	KMS 402	KMSA4KF2	Kvikmyndasaga fjórði hluti
Samningar og kjör	VER 102	VERS4AM2	Atvinnumarkaður

